# Byggðakönnun

## Borgarhluti 7 – Árbær



**Reykjavík 2017**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 183

Drífa Kristín Þrastardóttir
Anna Lísa Guðmundsdóttir
María Gísladóttir

# Byggðakönnun

## Borgarhluti 7 – Árbær




**Reykjavík 2017**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 183

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagsviðs Reykjavíkurborgar
vegna hverfisskipulagsvinnu.

Borgarhlutakort: Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfræðingur – Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Skýrslur Borgarsögusafn Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, María Gísladóttir

Mynd á forsíðu: Loftmynd frá 1967. Horft til norðvesturs yfir Árbæjarhverfi, safnsvæði Árbæjarsafns **og** Ártúnsholt. Ljósm. Bragi Guðmundsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 Reykjavík loftmynd 1.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla 183
Reykjavík 2017
Öll réttindi áskilin

# Efnisyfirlit

**Formáli** ........ **3**

**1. Byggðakönnun** ........ **5**

1.1 Borgarhluti 7 – Árbær ........ 5

1.2 Saga byggðar – borgarhluti 7 ........ 6

1.2.1 Staðhættir og örnefni ........ 6

1.2.2 Í landi Bústaða, Ártúns, Árbæjar og Grafar ........ 9

1.2.2.1 Bústaðir ........ 9

1.2.2.2 Ártún ........ 10

1.2.2.3 Árbær ........ 11

1.2.2.4 Gröf ........ 12

1.2.2.5 Norðlingaholt og Oddagerði ........ 13

1.2.3 Svæðið fyrir tíð skipulags ........ 15

1.2.3.1 Aftökustaður ........ 15

1.2.3.2 Starfsemi Innréttinganna í Elliðaárdal ........ 16

1.2.3.3 Fornar leiðir og greiðasala ........ 17

1.2.3.4 Veiðiréttur í Elliðaánum ........ 20

1.2.3.5 Vatnsveitumannvirki í Elliðaárdal ........ 22

1.2.3.6 Elliðaárstöð ........ 24

1.2.3.7 Erfðafestulönd og óskipulögð byggð ........ 27

1.2.3.8 Árbæjarsafn ........ 40

1.2.3.9 Herskálahverfi og aðrar herminjar ........ 42

1.2.4 Skipulag hverfishluta í borgarhluta 7 ........ 44

1.2.4.1 Árbæjarhverfi ........ 44

1.2.4.2 Seláshverfi ........ 46

1.2.4.3 Ártúnsholt ........ 48

1.2.4.4 Norðlingaholt ........ 49

1.2.4.5 Hálsar ........ 49

1.2.4.6 Víðidalur ........ 50

**2. Skráning menningarminja í borgarhluta 7 – Árbæ** ........ **51**

2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja ........ 51

2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja 54

2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur ........ 54
2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur ........ 55
2.3 Árbær – Fornleifaskráning og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar ........ 56
2.3.1 Fornleifar í borgarhluta 7 ........ 60
2.3.1.1 Fornleifar í landi Bústaða ........ 60
2.3.1.2 Fornleifar í landi Ártúns ........ 71
2.3.1.3 Fornleifar í landi Árbæjar ........ 79
2.3.1.4 Fornleifar í landi Grafar ........ 104
2.3.2 Yngri minjar í borgarhluta 7 ........ 115
2.3.2.1 Yngri minjar í landi Bústaða ........ 115
2.3.2.2 Yngri minjar í landi Ártúns ........ 119
2.3.2.3 Yngri minjar í landi Árbæjar ........ 119
2.3.2.4 Yngri minjar í landi Grafar ........ 120
2.3.3 Herminjar í borgarhluta 7 ........ 120
2.3.4 Varðveislumat fornleifa og yngri minja ........ 121
2.4 Borgarhluti 7 - Árbær – Hverfisskráning og varðveislumat hverfishluta ........ 125
2.4.1 Árbær. Hraunbær, Bæjarbraut, Rofabær, Hábær, Ystibær, Heiðarbær, Fagribær, Glæsibær, Þykkvibær, Vorsabær, Hlaðbær, Skólabær og Fylkisvegur ........ 133
2.4.2 Ártúnsholt. Urriðakvísl, Álakvísl, Birtingakvísl, Bleikjukvísl, Fiskakvísl, Stangarhylur, Sílakvísl, Silungakvísl, Strengur, Seiðakvísl, Árkvörn, Kistuhylur og Rafstöðvarvegur ........ 135
2.4.3 Selás. Hraunsás, Norðurás, Reykás, Sauðás, Skógarás, Dísarás, Brautarás, Grundarás, Brúarás, Deildarás, Eyktarás, Fjarðarás, Heiðarás, Klapparás, Kleifarás, Lækjarás, Malarás, Mýrarás, Næfurás, Suðurás, Vesturás, Viðarás, Vallarás, Selásbraut, Rauðás, Reykjaás, Reykás, Þingás, Þverás og Brekknaás ........ 138
2.4.4 Hálsar. Grjótháls, Fossháls, Járnháls, Dragháls, Krókháls, Lyngháls, Bæjarháls, Bitruháls, Hálsabraut, Stuðlaháls, Tunguháls og Kletthåls ........ 139
2.4.5 Norðlingaholt. Norðlingabraut, Norðlingavað, Árvað, Fjallavað, Ferjuvað, Krókavað, Helluvað, Hestavað, Hólmvað, Elliðabraut, Lækjarvað, Lindarvað, Kólguvað, Búðavað, Þingvað, Móvað, Bugða og Hólavað ........ 140
2.4.6 Víðidalur. Vatnsveituvegur, Brekknaás og Hesthúsavegur ........ 141
**Heimildaskrá ........ 143**

# Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar í borgarhluta 7 í Reykjavík, **Árbæ**, en svæðið afmarkast af Vesturlandsvegi í norðri og Suðurlandsvegi í austri, en til vesturs, suðurs og suðausturs af Elliðaánum og ánni Bugðu.

Byggðakönnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna vinnu við gerð hverfisskipulags fyrir svæðið. Ákvæði um hverfisskipulag er að finna í 37. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og þar segir:

> Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**. Þegar unnið er að slíku **hverfisskipulagi** er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á **almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar** auk almennra rammaskilmála. Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal hefðbundið deiliskipulag.[1]

Ákvæði um skráningu menningarminja er einnig að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi" áður en deiliskipulag er afgreitt.[2] Samkvæmt lögunum eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.[3] Jafnfram er kveðið á um að eigendum: „…húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa."[4]

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn) hefur um árabil gert húsakannanir í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga og eru þær hluti af gögnum vegna gerðar deiliskipulags.[5]

Byggða- og húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda".[6] Fyrsti áfangi og undanfari húsakönnunar sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er ***byggðakönnun*** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins. Seinni áfangi byggða- og húsakönnunar er ***húsakönnun*** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og upprunalegrar gerðar húss. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi.[7]

---

[1] Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22. september, 8. kafli, 37. gr. Tóku gildi 1. janúar 2011.
[2] Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[3] Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012, 7. kafli, 29. gr. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[4] Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012, 7. kafli, 30. gr. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[5] Sjá vef Borgarsögusafns Reykjavíkur: www.borgarsogusafn.is → Útgáfa → Skýrslur.
[6] Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana".
[7] Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana".

Hverfisskipulag er sérstök útfærsla á deiliskipulagi. Eitt meginmarkmiðið með gerð þess er að einfalda skipulagsgerð í þegar byggðum hverfum og um leið auka samráð við borgarbúa um nánasta umhverfi þeirra. Í hverfisskipulagi felst einnig ákvarðanataka og lögfestur rammi sem er grundvöllur fyrir byggingarleyfisumsókn. Eins og kemur fram í skipulagslögum skal í hverfisskipulagi leggja áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar. Hverfisskipulag tekur til mun stærra svæðis en hefðbundið deiliskipulag og áhersla er á setningu rammaskilmála en ekki skilmála fyrir einstakar lóðir. Framsetning og vinna við gerð byggða- og húsakannana sem gerðar eru vegna hverfisskipulags þarf að taka mið af því og er því skipt í tvo hluta eða áfanga. Í fyrsta áfanga er unnin byggðakönnun fyrir hvern borgarhluta og í öðrum áfanga er gert ráð fyrir að unnar verði húsakannanir.

Í þessum *fyrsta áfanga*, *byggðakönnun*, er leitast við að gefa yfirlit yfir sögu hverfisins, lýsa staðháttum og greina frá upphafi og þróun byggðar. Gerð er grein fyrir byggðamynstri og menningarminjum; fornleifum og friðuðum og friðlýstum húsum og mannvirkjum. Þá er og gerð grein fyrir fornleifum í hverfinu og lögð fram fornleifaskrá. Lagt er fram varðveislumat fyrir hverfishluta sem er grunnur að tillögum að hverfisvernd í hverfisskipulagi. Varðveislumat byggðakönnunar fyrir hverfisskipulag tekur til mats á yfirbragði byggðar. Þar eru greind helstu einkenni byggðarinnar og lagt mat á varðveislugildi heilda, svo sem götumynda og byggðamynsturs en ekki einstakra húsa. Þó er leitast við að benda á byggingar sem eru kennileiti í byggðinni, teljast góðir fulltrúar byggingarlistar ákveðins tímabils, sem hafa haldið upprunaleika sínum eða eru gott höfundarverk. Ennfremur er bent á byggingar sem hafa táknrænt gildi fyrir samfélagið vegna hlutverks eða sögu.

Í *öðrum áfanga* er síðan gert ráð fyrir að hefðbundnar *húsakannanir* með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa, götumynda og svæða verði unnar í áföngum jafnframt því sem eldri húsakannanir verði endurskoðaðar í samræmi við 37. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Júlí 2017,<br>
María Karen Sigurðardóttir,<br>
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,<br>
Borgarsögusafni Reykjavíkur

# 1. Byggðakönnun

## 1.1 Borgarhluti 7 – Árbær

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á borgarhluta 7, Árbæ, í Reykjavík. Úttektin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs í samræmi við skipulagslög vegna gerðar hverfis-skipulags í borginni.

Borgarhlutinn Árbær afmarkast af Vesturlandsvegi í norðri og Suðulandsvegi í austri. Til vesturs, suðurs og suðausturs afmarkast hann af Elliðaánum og ánni Bugðu.

Borgarhlutinn skiptist í minni hverfishluta sem samanstanda mestmegnis af blandaðri íbúðabyggð, auk atvinnuhúsnæðis á Bæjarhálsi þar sem mörg af stærstu fyrirtækjum landsins hafa aðsetur. Til borgarhlutans teljast hverfishlutarnir *Árbær, Selás, Ártúnsholt, Bæjarháls* og *Norðlingaholt*. Íbúðabyggðin er að mestu fastmótað en á einstaka reitum innan hverfanna eða í jaðri þeirra eru möguleikar á uppbyggingu.[8]




**Mynd 1** Borgarhluti 7 á loftmynd frá 2016.[9]

[8] *Borgarsýn*, 2. árg. 2012, 2. tbl., bls. 9.
[9] Loftmynd af Reykjavík 2016 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Afmörkun borgarhluta: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

## 1.2 Saga byggðar – borgarhluti 7

### 1.2.1 Staðhættir og örnefni

Svæðið sem hér er til umfjöllunar einkennist af holtum og ásum, árhólmum og ísaldaráreyrum. Á milli Árbæjar- og Breiðholts er *Elliðaárdalur* og um hann falla Elliðaárnar. Þær eiga upptök sín í *Elliðavatni* og falla til sjávar í *Elliðaárvogi*, en þessi örnefni eru dregin af nafni skips Ketilbjörns gamla landnámsmanns, sem kallað var *Elliði* samkvæmt Landnámabók.[10]




**Mynd 2** Örnefni í gamla bæjarlandinu.[11]

Vestast á svæðinu og sunnan við Ártún renna austur- og vesturkvíslir Elliðaánna og á milli þeirra eru *Árhólmar*, en áður fyrr hlupu árnar um hólmana í mörgum farvegum.[12] Yfir Árhólmana lá gamla þjóðleiðin á milli Bústaða og Ártúns um *Árúnsvað*.[13] Þar fyrir norðan eru minjar um sútunarhús, þófaramyllu og litunarhús sem tilheyrðu starfsemi Innréttinganna á 18.

[10] *Landnámabók I-III. Hauksbók. Sturlubók. Melabók*, bls. 120-121.
[11] Kort af Reykjavík 2017 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni. Heimildir: Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-1 og 181181-262-2), Bústaða (181167-232-1), Breiðholts (181154-218-1 og 181154-218-2) og Grafar (181179-260-1, 181179-260-2, 181179-260-3). Skráð í Sarp - Menningarsögulegt gagnasafn. Vefslóð: sarpur.is → Örnefnasafn Árnastofnunar – Guðlaugur R. Guðmundsson: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók) – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu.
[12] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-2).
[13] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 80.

öld. Vestar eru *Skötufoss* og *Drekkjarhylur* sem var aftökustaður.[14] Sunnar við árnar eru *Blesugróf* og *Blesaþúfa.*

Austan við Elliðaárnar er bæjarstæði *Ártúns* á háum hól og þar norðan og austan við er *Ártúnsbrekka* og *Ártúnsholt* sem áður hét *Árbæjarholt*. Ártúnsbrekkan hefur lengi verið vinsæl skíðabrekka. Frá Ártúni lá gamla leiðin um *Reiðskarð* að Árbæ. Frá Árbæ lá leiðin síðan til austurs þar sem í dag er Rofabær. Þar voru *Breiðumóar*.[15] Norðan við Bæjarháls voru *Stekkjarmóar* og *Stekkjarurð*. Sunnar voru *Eggjar ytri*, *Eggjar innri* og *Pálsbyrgi*, sem talið er að hafi verið býli einsetumanns.[16]



**Mynd 3** Örnefni í gamla bæjarlandinu.[17]

Milli Elliðaárkvíslanna, austan Árbæjarstíflu og að *Þrengslum*, er *Blásteinshólmi*. Talið er að nafnið sé dregið af dökkum steini í hólmanum,[18] en önnur skýring er að hann hafi upphaflega heitið *Blasíushólmi* og sé þá kenndur við dýrling kirkjunnar (bænhússins) í

[14] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 105.
[15] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).
[16] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-2).
[17] Kort af Reykjavík 2017 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni. Heimildir: Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-1 og 181181-262-2), Bústaða (181167-232-1), Breiðholts (181154-218-1 og 181154-218-2) og Grafar (181179-260-1, 181179-260-2, 181179-260-3) – Guðlaugur R. Guðmundsson: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók) – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu.
[18] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Breiðholts (181154-218-1).

Breiðholti sem var helgað heilögum Blasíusi. Við siðaskiptin hefur nafninu síðan verði breytt.[19]

Austar er *Selás* og þar suðaustan við er *Sauðadalur*. Talið er að sel hafi verið þar fyrr á tímum, en engar heimildir eru um það og engar seljarústir þekktar. Selið hefur þó líklega tilheyrt Árbæ.[20] Sunnan við Sauðadal er lítill ás sem heitir *Sauðaskyggnir*.[21] Syðst í Selásnum er *Brekknaás*.



**Mynd 4** Örnefni í gamla bæjarlandinu (austurhluti).[22]

Efsti hluti Elliðaánna rann áður fram í tveimur farvegum að *Þrengslum*. Þeir voru annars vegar *Bugða*, sem rann að austan með Norðlingaholti, Brekknaási og Selási að Þrengslunum, og hins vegar *Dimma*, sem rann úr Elliðavatni að vestan. Á milli þessara áa var

[19] Þór Magnússon: „Breiðholtskirkja", minnisblað dags. 25. maí 2001. Óútg. gögn. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík: Breiðholt – „Blasíusbás". Pistill um örnefni. Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Vefslóð: www.arnastofnun.is → Gagn og gaman → Pistlar → Pistlar um örnefni og nöfn → Blasíusbás. Sótt 12. maí 2017 – Magnús Már Lárusson: „Aðalból- höfuðból og óðalsréttur á Íslandi". *Saga*, 9. árg. 1971, 1. tbl., bls. 56.

[20] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-1) – Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rannsókn á seljum í Reykjavík*, bls. 9.

[21] Guðmundur Víðir Guðmundsson: „Norðlingaholt og Þingnes". *Lesbók Morgunblaðsins* 13. maí 2000, bls. 8.

[22] Kort af Reykjavík 2017 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni. Heimildir: Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-1 og 181181-262-2), Bústaða (181167-232-1), Breiðholts (181154-218-1 og 181154-218-2) og Grafar (181179-260-1, 181179-260-2, 181179-260-3) – Guðlaugur R. Guðmundsson: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók) – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu – Kort Steindórs Björnssonar af svæðinu suðvestan Rauðavatns 1902. Kortið er varðveitt með örnefnalýsingu Grafar, sjá Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-1).

stór hólmi, *Árbæjarhólmi*, en syðst var hann nefndur *Vatnsendahólmi*. Við byggingu eldri Elliðavatnsstíflu á árunum 1924-1928 stækkað Elliðavatnið um tvo þriðju hluta og Elliðavatnsengjar og farvegur Bugðu fóru undir vatn. Því vatni sem eftir rann fram um eystri flóðgáttina um gamla farveg Bugðu var þá veitt í Dimmu um Skyggnislæk og Árbæjarhólmi varð þá ekki hólmi lengur. Það svæði kallast nú *Víðivellir*.[23] Þar eru reiðvellir hestamannafélagsins Fáks og *Víðidalur*, þar sem austasta hesthúsahverfið er undir Brekknaási. Breiðholtsbraut liggur síðan eftir *Markargrófinni* en þar var áður fjölfarin gömul leið.

Austan Breiðholtsbrautar eru síðan *Klapparholtsmóar* og *Klapparholt* en þar er í dag hverfið Norðlingaholt. *Norðlingaholtið* sjálft er mun sunnar eða þar sem Bugða rennur í dag í Elliðavatn. Baldurshagi var nálægt því þar sem bensínstöð Olís (Norðlingabraut 7) er nú.

### 1.2.2 Í landi Bústaða, Ártúns, Árbæjar og Grafar

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla og svæðið sem hér er til umfjöllunar, borgarhluti 7, tilheyrði að mestu fjórum jörðum, *Bústöðum*, *Ártúni, Árbæ og Gröf*, en lítill hluti *Breiðholti* (sjá mynd 5). Allt voru þetta frekar smáar jarðir, nema Gröf. Jarðirnar voru lagðar til Viðeyjarklaustur en það var stofnað árið 1226. Klaustrið hafði mikil stjórnsýsluleg völd á þeim tíma. Við siðaskiptin 1550 urðu allar eignir klaustursins eignir Danakonungs. Konungur seldi síðan jarðirnar árið 1838 og komust þær þá í einkaeigu.[24]

#### 1.2.2.1 Bústaðir

Vestasti hluti svæðisins tilheyrði að mestu jörðinni *Bústöðum*. Bústaðir hafa snemma verið byggðir. Jarðarinnar getur fyrst í Þorláks sögu, þar sem greint frá jarteinum sem áttu sér stað á bænum árið 1325 og tengdust kirkjunni í Breiðholti.[25] Jón Bergþórsson var eigandi Bústaða árið 1535 en það ár kærði Alexíus ábóti í Viðey hann fyrir „að hann hafði farið í Elliðaá og haft klaustursins net og eignað Bústöðum fors í ánni eðr streing".[26] Á Bústöðum fæddist um aldamótin 1500 Núpur nokkur Jónsson sem ásamt mörgum öðrum stóð að vígi Diðriks af Mynden. Frá þessu segir hann sjálfur í víglýsingarvitnisburði frá 10. nóvember 1539.[27]

Það landsvæði Bústaða sem tilheyrir borgarhluta 7 er hluti *Blesugrófar* og *Árhólmarnir*, en hólmanir koma fyrir í heimildum frá seinni hluta 17. aldar þegar þar var aftökustaður. Um miðja 18. öld var vatnið úr Elliðaánum nýtt til að snúa hjólum þófaramyllu Innréttinganna, en þar á bakkanum voru einnig litunar- og sútunarhús sem tilheyrðu starfsemi Innréttinganna.

Reykjavíkurbær keypti Bústaði árið 1898 og árið 1923 var Bústaðaland lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Búskapur var stundaður að Bústöðum allt fram undir 1970.[28]

---

[23] Guðlaugur R. Guðmundsson: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók), bls. 185.
[24] Árni Óla: „Árbær og Árbæjarsafn. Ýmislegt um bæ og jörð.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1957, bls. 487-488.
[25] *Biskupa sögur II*. Íslenzk fornrit XVI, bls. 284-285.
[26] *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn* IX, bls. 751.
[27] *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn* X, bls. 492.
[28] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 108-109 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 47 og 84 – *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 29 – *Vísir*, 15. febrúar 1963, bls. 7 – *Morgunblaðið*, 14. nóvember 1968, bls. 4.




**Mynd 5** Kort sem sýnir jarðamörk lögbýla árið 1703. Hlutar jarðanna Bústaða, Breiðholts, Ártúns, Árbæjar og Grafar voru innan þess svæðis sem borgarhluti 7 tekur til.[29]

### 1.2.2.2 Ártún

Austan við syðri Elliðaárkvíslina var jörðin *Ártún* en um kvíslina lágu sveitafélagsmörk til ársins 1929.[30] Einungis syðri hluti jarðarinnar er innan borgarhlutans en þar er hluti Ártúnsholts í dag. Bæjarstæði Ártúns er á háum hól vestan undir Ártúnsbrekkunni, en þar eru friðaðar fornleifar.

Jarðarinnar Ártúns er ekki getið í *Íslensku fornbréfasafni* en menn hafa getið sér þess til að jörðin *Árland neðra*, sem getið er um í Vilchinsbók frá 1379, þá eign kirkjunnar í Nesi,

[29] Kort úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Lögbýli í Rvk. 1703. Sótt 12. apríl 2017. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni. Heimild um jarðamörk: Guðlaugur R. Guðmundsson: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók), bls. 6.
[30] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 318-320.

og í Gíslamáldaga frá 16. öld, sé umrædd jörð.[31] Ártún var lengi vel í alfaraleið og þar var stunduð greiðasala og gistiþjónusta á seinni hluta 19. aldar.[32]

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur jarðirnar Ártún, Árbæ og Breiðholt ásamt hluta úr Gröf, vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda, því fyrstu hugmyndir voru að taka neysluvatn úr Elliðaánum fyrir þéttbýli í Reykjavík (sjá kafla 1.2.3.5). Á árunum 1920-1921 voru Elliðaárnar virkjaðar og mannvirki Elliðaárvirkjunar reist við Ártún (sjá kafla 1.2.3.6).

Árið 1929 voru jarðirnar Ártún og Árbær lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.



**Mynd 6** Kristján X. Danakonungur við laxveiðar í Elliðaánum, líklega í opinberri heimsókn árið 1921. Hægra megin við hann stendur Pétur Ingimundarson slökkviliðsstjóri. Vinstra megin sést býlið Ártún.[33]

### 1.2.2.3 Árbær

Austur af Ártúni var jörðin *Árbær*, en bæjarhúsin eru nú innan safnsvæðis Árbæjarsafns. Hluti núverandi byggðar í Ártúnsholti og neðrihluti Árbæjarhverfis eru byggðir í landi Árbæjar, en jörðin lá upp með Elliðaánum og tilheyrðu Blásteinshólmi og Árbæjarhólmi henni.

Elsta heimild um Árbæ er í skjali frá 31. júlí 1464. Þar votta Steinmóður ábóti í Viðey og Jón Narfason að Ólöf ríka Loptsdóttir hafi látið Gerrek gullsmið í Hafnarfirði fá silfur sem greiðslu fyrir jarðir Guðmundar Arasonar, sem hún og hennar maður Björn Þorleifsson höfðu keypt af konungi en Gerrekur átti að koma silfrinu til konungs fyrir þeirra hönd.[34]

---

[31] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 109 – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* XVI, bls. 637.

[32] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 84.

[33] Ljósmyndari Ólafur Magnússon. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÓLM 0584.

[34] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 430-431.

Saga Árbæjar er hins vegar mun eldri en þekktar heimildir gefa til kynna því árið 2016 leiddu fornleifarannsóknir á bæjarstæðinu í ljós að þar var búið á 11. öld og jafnvel þeirri tíundu.[35] Leiða má að því líkur að það sama eigi við um búsetu á öðrum þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar.

Sá atburður sem eftirminnilegastur hefur þótt í sögu Árbæjar er sakamál sem átti sér stað árið 1704, en þá var tvíbýli í Árbæ og annar bóndinn varð hinum bóndanum að bana við Skötufoss í Elliðaánum.[36]

Síðustu ábúendur í Árbæ voru hjónin Margrét Pétursdóttir og Eyleifur Einarsson sem bjuggu þar frá 1881 og dóttir þeirra Kristjana, sem tók við búinu árið 1935 og bjó þar til 1948, en þá fór bærinn í eyði. Í tíð Margrétar og Eyleifs var fjölsótt greiðasala í Árbæ, með svipuðu móti og verið hafði í Ártúni.[37] Saga Árbæjar eins og Ártúns er einnig samofin nýtingu Elliðaánna. Eins og áður segir keypti bæjarstjórn Reykjavíkur jörðina ásamt Ártúni og fleiri jörðum árið 1906 vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda og árið 1929 voru jarðirnar Ártún og Árbær báðar lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.



**Mynd 7** Menn við Kermóafoss í Elliðaánum um 1900. Ofarlega til vinstri sjást bæjarhús Árbæjar, burstabær og útihús.[38]

### 1.2.2.4 Gröf

Austur af Árbæ var jörðin *Gröf*. Austurhluti Árbæjarhverfis, Selásinn og allt Norðlingaholtið er í landi Grafar. Svæði þetta hefur verið beitiland að mestu á öldum áður. Austast, þar sem

---

[35] Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*, bls.7.
[36] *Annálar 1400-1800*, 1. bindi, bls. 468-470; 2. bindi, bls. 353; 4. bindi, bls. 180 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 62 og 64.
[37] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 63 og 84.
[38] Ljósmyndari Sigfús Eymundsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ADF 2005 5 24-17.

Norðlingaholt er í dag, voru áður nefndir *Klapparholtsmóar* en þar var býlið *Klapparholt*.[39] *Norðlingaholtið* sjálft er mun sunnar eða við Elliðavatn, en þar er talið að hafi verið þingbúðir Norðlendinga og tengist það sögu þingsins í Þingnesi við Elliðavatn.[40]

Elstu skriflegu heimildir um jörðina Gröf eru í máldaga Maríukirkju á Bessastöðum sem tímasettur er til ársins 1352. Þá átti kirkjan "...gelldfiar rekstur j grafarlannd j lambatungur"[41] en ekki er tekið fram hver hefur verið eigandi jarðarinnar. Gröf var komin í eigu Viðeyjarklausturs árið 1395. Þá var gerð skrá um kvikfé og leigumála á jörðum klaustursins.[42] Gröf virðist þó hafa verið komin í einkaeigu í byrjun 16. aldar, því þann 5. september 1503 seldu Guðmundur Þórarinsson og Ingibjörg Jónsdóttir Árna ábóta jörðina fyrir fjórtán hundruð í lausafé og kvittuðu fyrir andvirðinu. Þann 10. desember sama ár (1503) var í Viðey gert skiptabréf Árna ábóta annars vegar og Halldórs Brynjólfssonar hins vegar, á jörðunum Strönd í Hvolhreppi og Gröf í Mosfellssveit. Þar með var Gröf aftur komin í einkaeigu. Ekki eru heimildir fyrir því hvenær Halldór seldi jörðina, en hann var nefndur hinn auðgi og hafði mikið umleikis. Svo mikið er víst að jörðin hefur aftur orðið klausturjörð einhvern tíma fyrir 1545 og hélst svo þar til klausturjarðir runnu til konungs um siðaskipti. Á árunum 1547–1552 er jarðarinnar svo getið í fógetareikningum Bessastaðamanna.[43]

Árið 1907 var bærinn Gröf fluttur að Vesturlandsvegi og ný bæjarhús reist og nefnd *Grafarholt*.[44] Um aldamótin 1900 bjó þar Björn Bjarnason hreppstjóri og alþingismaður.

Jörðin Grafarholt var ekki lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur fyrr en árið 1943, en meginhluti hennar var síðan tekinn eignarnámi 1944. Allt landsvæði austan Elliðaáa tilheyrði áður Mosfellssveit.[45]

### 1.2.2.5 Norðlingaholt og Oddagerði

Við Elliðavatn er landsvæði sem kallast *Norðlingaholt* og liggur það mun sunnar en núverandi íbúðahverfi með sama nafni. Þetta landsvæði tilheyrði jörðinni Gröf. Um uppruna örnefnisins Norðlingaholts eru nokkrar kenningar. Ein kenning er sú að vermenn sem komu af Norðurlandi (Norðlingar) og hugðust fara til róðra eða skreiðarkaupa á Suðurnesjum hafi áð við holtið og þar hafi einnig oft skilið leiðir þeirra á milli eftir því hvert á Suðurnesin átti að halda. Að sama skapi hafi þeir komið saman við holtið þegar haldið var heim norður. [46] Hin kenningin, sem blaðamaðurinn Árni Óla hélt á lofti, er sú að holtið sé kennt við fornar þingbúðir *Norðlinga* sem sóttu hið forna Kjalnesingaþing við Þingnes og að Norðlingar hafi verið þeir sem komu frá Borgarfirði og jafnvel Hvalfirði.[47]

---

[39] Stefán Þorvaldsson: „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna 1855“. *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*. Landnám Ingólfs III, bls. 234.
[40] Daniel Bruun: *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*, bls. 95 – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu.
[41] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 69.
[42] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 597.
[43] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 111, 137, 152, 172 og 399.
[44] Björn Bjarnarson: „Um örnefni“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*, 29. árg. 1914, bls. 9.
[45] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 318-320.
[46] Björn Bjarnarson: „Um örnefni“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*, 29. árg. 1914, bls. 15.
[47] Guðmundur Víðir Guðmundsson: „Norðlingaholt og Þingnes“, *Lesbók Morgunblaðsins* 13. maí 2000, bls. 8-9 – Árni Óla: „Kjalarnesþing og Alþingi hið forna“. *Lesbók Morgunblaðsins,* 6. júlí 1969, bls. 6-7 – Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 2-3.

Búðirnar eru merktar inn á kort frá árinu 1880 sem talið er gert af Benedikt Gröndal (sjá mynd 8) Árið 1897 sýndi Benedikt Sveinson alþingismaður fræðimanninum Daniel Bruun búðir í Norðlingaholti og taldi að búðirnar væru frá því áður en Alþingi var stofnað.[48] Fornleifafræðingarnir Guðmundur Ólafsson og Bjarni F. Einsson hafa skráð eina búð á svæðinu í Fornleifaskrá Reykjavíkur.[49] Hvort um þingbúð er að ræða eða ekki er ekki vitað, þar sem engin eiginleg fornleifarannsókn hefur farið fram á þessum stað, en slík rannsókn væri nauðsynleg til að komast að aldri rústarinnar.  Hins vegar er öruggt að þing var við Elliðavatn í *Þingnesi* og hugsanlega tengjast þessir staðir.[50]




**Mynd 8** Hluti af korti Benedikts Gröndal frá 1880 sem sýnir Norðlingaholt og tvennar búðir þar.[51]

Á þessum slóðum var býlið Oddagerði eða Oddagerðisnes[52] en nokkurs ruglings virðist gæta um nákvæma staðsetningu þess. Líklega hefur kort Benedikts Gröndal frá 1880 aflvegaleitt marga sem skrifað hafa um svæðið, en Benedikt merkir örnefnið Oddagerðisnes

[48] Daniel Bruun: *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*, bls. 95 – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

[49] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifarskrá fyrir Reykjavík“. Óútg. handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík – Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur,* bls. 77.

[50] Guðmundur Ólafsson: *Þingnes við Elliðavatn. Fornleifarannsókn 2003*, bls. 9.

[51] Daniel Bruun: *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*, bls. 95 – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

[52] Nefnt Oddagerðisnes í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi, bls. 296.

(Oddgeirsnes) inn á næsta tanga fyrir vestan Norðlingaholt.[53] Oddagerði er nefnt í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem eyðibýli og þar sagt hafa farið í eyði fyrir löngu en nýtt af ábúendum Grafar og Árbæjar.[54] Í örnefnaskrá sinni frá um 1900 lýsir Björn Bjarnason, hreppstjóri og ábúandi í Gröf, þar rústum og görðum og telur þessar minjar mjög gamlar.[55] Björn staðsetur Oddagerði sunnan við Skyggni (Oddaskyggni). Það svæði fór undir vatn við gerð Elliðaárstíflu á árunum 1924-1928, en á loftmynd frá árinu 1954, sem hefur verið tekin þegar mjög lágt var í vatninu, má greina þar rústir og garða (sjá mynd 9).




**Mynd 9** Loftmynd frá árinu 1954, greina má rústasvæði 50-200 m fyrir sunnan eldri Elliðavatnsstífluna sem var byggð á árunum 1924-28.[56]

## 1.2.3 Svæðið fyrir tíð skipulags

### 1.2.3.1 Aftökustaður

Áður en Elliðaárnar voru virkjaðar runnu árnar víðar um Árhólmana. Í einum þessara farvega á vestanverðum hólmanum var Skötufoss og steyptist hann í *Drekkjarhyl* (232-75). Ekki er ólíklegt að Drekkjarhylur hafi verið notaður til drekkinga á öldum áður. Ekki er vitað hvaðan

---

[53] Guðmundur Víðir Guðmundsson: „Norðlingaholt og Þingnes“. *Lesbók Morgunblaðsins* 13. maí 2000, bls. 8-9 – Árni Óla: „Kjalarnesþing og Alþingi hið forna“. *Lesbók Morgunblaðsins,* 6. júlí 1969, bls.7 – Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 2-3.

[54] *Jarðabók Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi, bls. 296.

[55] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3) – B.B.: „Botn Elliðavatns viðaukans o. fl.“ *Morgunblaðið*, 12. ágúst 1933, bls. 2.

[56] Loftmynd af Reykjavík 1954 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1954. Sótt 10.6.2017. Merkingar: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

örnefnið er komið, en hylurinn er ekki langt frá hinni fornu leið sem lá yfir Árhólmana milli Bústaða og Ártúns. Fram kemur í Setbergsannál árið 1696 að barnslík hafi fundist hjá Ingunnarstöðum í Brynjudal. Meðgekk vinnukona að hafa átt það og útborið. Konan var dæmd til dauða á Kópavogsþingstað en drekkt í Elliðaám. Af Vallarannál má ráða að fyrir árið 1704 hafi sekum konum, sem væntanlega hlutu dóma sína á Kópavogsþingstað, ávallt verið drekkt í „Elliðaá syðri“, en 1704 var hins vegar brugðið á það ráð að drekkja konum í Kópavogslæknum nálægt þingstaðnum í Kópavogi.[57]



**Mynd 10** Drekkjarhylur í Árhólmum.

### 1.2.3.2 Starfsemi Innréttinganna í Elliðaárdal

Árið 1751 voru Innréttingarnar svonefndu stofnaðar en helst áhrifamaðurinn við stofnun þeirra var Skúli Magnússon landfógeti. Markmið Innréttinganna var almenn nýsköpun íslenskra atvinnuhátta. Einn þáttur þeirra var ullarvinnsla. Í kringum þessa starfsemi varð til fyrsti vísir að þéttbýli í Reykjavík. Helstu mannvirki Innréttinganna voru ullarverksmiðjunar við Aðalstræti, en í tengslum við þær fór fram talsverð starfsemi í Elliðaárdal, í landi Bústaða. Vinnslan var háð því að nægt vatn væri til staðar og var staðsetning við Elliðaárnar því heppileg. Á árbakkanum voru þófaramylla, litunarhús og sútunarverkstæði.[58]

Minjar um þessi mannvirki eru í Árhólmunum á vestari bakka eystri Elliðaár (232-78, 232-79, 232-141 og 232-154 (sjá mynd 11). Umhverfi hefur breyst þarna, þar sem að búið er að virkja árnar og veita stórum hluta vatnsins í eystri farveginn. Þó má greina þarna lækjarfarvegi sem geta gefið vísbendingar um hvernig vatninu hefur verið veitt að þófaramyllunni (sjá mynd 11).

[57] Páll Sigurðsson: „Aftökustaðir í landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna“. *Fræðslurit Ferðafélags Íslands* 9, bls. 35.
[58] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 74-75.




**Mynd 11** Innréttingaminjar í Árhólmunum í Elliðaárdal. Rauður hringur afmarkar verndarsvæði minjanna.[59]

### 1.2.3.3 Fornar leiðir og greiðasala

Elsta þjóðleiðin til og frá Reykjavík lá frá Skólavörðuholti um Öskjuhlíð og áfram austur Bústaðaholt á þeim slóðum þar sem Bústaðavegur er nú (sjá mynd 12). Frá Bústöðum lá leiðin austur yfir vaðið á vestari kvísl Elliðaánna, um Árhólmann sunnan við Drekkjarhyl og rústirnar af húsum Innréttinganna og yfir eystri kvísl Elliðaánna á *Ártúnsvaði*, rétt austan við þar sem Toppstöðin er í dag og framundan bæjarhól Ártúns. Á meðan Ártún var í þjóðleið var rekin þar greiðasala. Þaðan lá leiðin að Árbæ um *Reiðskarð* en þar var skarð í gömlu ísaldaráreyrina og því greiðast að fara þar upp.[60]

Leið þessi var aðalvegurinn austur úr bænum þar til byggðar voru tvær brýr yfir Elliðaárnar árið 1883 og nýr vegur var lagður í framhaldi af Laugavegi norður fyrir Grensás og í gegnum Sogamýri, sem ýmist var nefndur Suðurlandsvegur eða Suðurlandsbraut (núverandi Suðurlandsbraut). Fyrir austan brýrnar færðist vegstæðið norðar og eftir það var Ártún ekki í sömu alfaraleið og áður og greiðasala lagðist af þar. Um svipað leyti hófu ábúendur í Árbæ rekstur greiðasölu, eins og áður er nefnt, sem var rekin þar fram undir 1940.[61]

[59] Loftmynd af Reykjavík 2013 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Myndefni →Lágflugsloftmynd 27/7/2013. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, samkvæmt fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur.
[60] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 84.
[61] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 79-80 og 84.



**Mynd 12** Kort frá árinu 1874 sem sýnir gömlu þjóðleiðina yfir Árhólmana og áfram sunnan við Ártún og upp Reiðskarðið.[62]



**Mynd 13** Myndin sýnir vestari brúna yfir Elliðaárnar árið 1910 en hún þjónar í dag sem brú að veiðihúsinu í Árhólmanum.[63]

---

[62] Hér tekið eftir: Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 91.

[63] Ljósmyndari Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2016.

Um 1900 var búið að gera vagnveg frá Elliðaárbrúm að Árbæ og áfram austur. Þessi vegur (gamli Suðurlandsvegur) er þar sem gatan Rofabær er nú. Vegurinn hélt síðan áfram til austurs framhjá Rauðavatni og að Geithálsi (sjá mynd 14).

Áður lá vegurinn hjá Rauðavatni aðeins sunnar, samanber kort sem til er af svæðinu frá 1902 (sjá mynd 15) en þar eru merktir nokkrir gamlir slóðar. „Gamli vegurinn“ er sennilega elsti slóðinn sem lá á milli Árbæjar og Hólms yfir Klapparholtsmóa og er líklega elsti forveri Suðurlandsvegar (merktur rauður á kortinu). Enginn örugg merki eru sjáanleg eftir hann nema hugsanlega nyrst við núverandi Norðlingabraut (260-47). Annar slóði lá suðvestur frá Rauðavatni inn *Margrófina* og inn að *Norðlingaholti* (merktur grænn á kortinu). Þessi vegur var forveri Breiðholtsbrautar og er nyrsti hluti hans nú notaður sem reiðvegur. Þá lá slóði yfir *Klapparholtsmóa* og *Klapparholtsvað* vestan við býlið *Klapparholt* yfir að Elliðavatni (260-153, merktur blár á kortinu). Inn á kortið er einnig teiknaður vagnavegurinn meðfram Rauðavatni eða fyrsti Suðurlandsvegurinn (260-147, merktur svartur á kortinu).




**Mynd 14** Svæðið sem borgarhlutinn tekur til á korti frá 1909. Á kortinu eru vagnavegir merktir með tvöfaldri línu en vegaslóðar með einfaldri línu. Þeir síðarnefndu eru mun fleiri og hafa vafalaust verið notaðir öldum saman.[64]

[64] Landmælingar Íslands: Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909. Sjá vef Landmælinga Íslands: www.lmi.is →Landupplýsingar → Kortasafn → Leitarstillingar: „Reykjavík“ og útgáfuár „1909“. Sótt 12. maí 2017.



**Mynd 15** Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson. „Gamli vegurinn“ er merktur rauður, vegurinn um Klapparholt að Elliðavatni er merktur blár, vegurinn um Markargróf grænn og vagnavegurinn svartur.[65]

### 1.2.3.4 Veiðiréttur í Elliðaánum

Til vesturs og suðurs lágu lönd jarðanna Ártúns og Árbæjar að Elliðaánum. Frá fornu fari mun veiðiréttur í Elliðaánum hafa fylgt þeim jörðum sem áttu land að ánum og átti hver jörð veiðirétt fyrir sínu landi, þar á meðal Hólmur, Elliðavatn, Vatnsendi, Gröf, Ártún, Árbær og Breiðholt. Fram að siðaskiptum voru flestar þessar jarðir í eigu Viðeyjarklausturs en urðu eign konungs með siðaskiptunum og þar með veiðirétturinn í Elliðaánum. Voru leiguliðar konungs látnir stunda veiðina en upp úr miðri 18. öld var byrjað að leigja veiðiréttinn út. Á fyrri hluta 19. aldar seldi konungur flestar jarðirnar sem lágu að Elliðaánum og urðu þær þá bændaeign. Breiðholt heyrði hins vegar undir Dómkirkjuna í Reykjavík og var áfram kirkjujörð.[66]

Á seinni hluta 19. aldar urðu miklar deilur og málaferli vegna veiðiréttinda í Elliðaánum, svokölluð Elliðaármál. Ditlev Thomsen kaupmaður og seinna sonur hans H. Th. A. Thomsen voru þá eigendur jarðanna Bústaða og Ártúns og um leið veiðiréttinda í Elliðaánum frá fossinum Skorarhyl eða Stórahyl á mörkum Ártúns og Árbæjar til sjávar. Þeir

---

[65] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).
[66] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 86-88 – Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 27-29 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 121.



**Mynd 16** Hluti af korti Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Kortið var lagt fram í hinum svonefndu Elliðaármálum og sýnir veiðistaði og örnefni á þeim tíma. Meðal annars er sýnd þjóðleiðin á milli Bústaða og Ártúns yfir Árhólmana og staðsetning á þvergirðingum og laxakistum þar fyrir norðan.[67]

viðhöfðu þá veiðiaðferð að girða þvert yfir báðar kvíslarnar niður undir ósum og koma þar fyrir trékistum sem laxarnir stukku inn í á leið sinni á hrygningarstöðvarnar. Á korti Benedikts Gröndal af Elliðaánum og umhverfi þeirra frá 1880 eru þvergirðingar og laxakistur merktar inn fyrir norðan þjóðleiðina sem lá yfir Árhólmana. Miðað við núverandi umhverfi hafa þær verið sunnan við hitaveitustokkinn sem nú liggur yfir Árhólmana. Veiðiaðferð Thomsensfeðga varð til þess að sáralítið veiddist af laxi ofan við veiðimörk þeirra og skapaði óvinsældir meðal þeirra sem áttu lönd eða bjuggu ofar með ánni. Á þessum tíma átti Benedikt Sveinsson, yfirdómari og síðar alþingismaður, meðal annars jarðirnar Árbæ, Vatnsenda og Elliðavatn og hófust fljótlega deilur milli hans og Thomsens um eðli og umfang veiðiréttindanna sem urðu að einum umfangsmestu málaferlum sem um getur hér á landi, en þau stóðu yfir á árunum 1870-1884. Á árunum 1877-1879 unnu andstæðingar Thomsens skemmdarverk á laxakistum hans. Voru kistubrotsmenn dregnir fyrir dóm og nokkrir sektaðir en flestir sýknaðir. Að lokum voru þvergirðingar Thomsens dæmdar ólöglegar í hæstarétti árið 1883 og lauk þar með veiðum Thomsensfeðga í Elliðaám.[68]

Eftir að Elliðaármálum lauk munu það aðallega hafa verið breskir veiðimenn sem hingað komu til sportveiða sem tóku árnar á leigu. Árið 1897 keypti Bretinn H.A. Payne, hlut Thomsens í Elliðaánum ásamt jörðunum Ártúni og Bústöðum. Ári seinna keypti hann einnig

[67] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

[68] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 88-89 – Árni Óla: „Elliðaármálin". *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 28-59 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 121-122 – *Ísafold*, 15. maí 1878, bls. 47; 7. júlí 1881, bls. 63; 13. september 1881, bls. 92; 24. september 1881, bls. 95-97 – BVS: „Brezkt hlutafélag Einars Ben. enn þinglýstur eigandi veiðiréttar í efsta hluta Elliðaáa". *Morgunblaðið*, 15. janúar 1978, bls. 20.

kirkjujörðina Breiðholt, eins og áður er nefnt, væntanlega til að tryggja sér þau veiðiréttindi sem henni tilheyrðu.[69] Nokkrum árum síðar mun hann einnig hafa keypt veiðiréttindin ofar í ánum af erfingjum Benedikts Sveinssonar.[70] Payne lét reisa *veiðihús* við ána, tvö niður við ósana, á sama stað og Thomsen hafði áður haft veiðihús, og tvö fyrir efra veiðisvæðið.

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaárnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni, eins og áður hefur komið fram, og eignaðist þannig allan veiðirétt í ánum. Breskir veiðimenn munu hafa haldið áfram að leigja Elliðaárnar fram að fyrri heimsstyrjöld en eftir það tóku íslenskir veiðimenn við. Árið 1925 fól bærinn Rafmagnsveitu Reykjavíkur umsjón með Elliðaánum en frá því að Stangveiðifélag Reykjavíkur var stofnað árið 1939 hefur það haft Elliðaárnar á leigu.[71] Við Elliðaárnar er mikið af örnefnum sem tengjast veiðum í ánum.

### 1.2.3.5 Vatnsveitumannvirki í Elliðaárdal

Á svæðinu sem hér er til umfjöllunar eru mannvirki tengd vatnsveitunni sem lögð var með Elliðaánum í byrjun 20. aldar. Þegar bæjarstjórn Reykjavíkur keypti Elliðaárnar árið 1906 var það fyrst og fremst gert til þess að tryggja aðgang að vatni fyrir vatnsveitur bæjarins og einnig til mögulegrar virkjunar.[72] Þegar ákveðið var að byrja á vatnsveitunni árið 1907 varð það hins



**Mynd 17** Lagning vatnsveitunnar 1908 eða 1909. Yfirverkfræðingur framkvæmdanna, H.A. Hansen, stendur við skurðinn, en við hlið hans situr Knud Zimsen, þáverandi bæjarverkfræðingur Reykjavíkur. Í baksýn sjást Rauðhólar.[73]

[69] Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 65– *Ísafold*, 28. maí 1897, bls. 107; 9. júní 1897, bls. 155; 12. nóvember 1898, bls. 279 – *Nýja öldin*, 1. árg. 1897-1898, 58. tbl., bls. 232 – *Þjóðólfur*, 30. apríl 1897, bls. 84; 18. nóvember 1898, bls. 216 – *Dagskrá*, 13. júlí 1898, bls. 1 – *Ísland*, 2. árg. 1898, 30. tbl., bls. 120 – *Fjallkonan*, 15. árg. 1898, 45. tbl., bls. 180.

[70] Ásgeir Ingólfsson: *Elliðaárnar*, bls. 38-39 – BVS: „Brezkt hlutafélag Einars Ben. enn þinglýstur eigandi veiðiréttar í efsta hluta Elliðaáa". *Morgunblaðið*, 15. janúar 1978, bls. 20 – *Fjallkonan*, 17. árg. 1900, 2. tbl., bls. 3 – *Lögrétta*, 1. árg. 1906, 38. tbl., bls. 150.

[71] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 88-90.

[72] *Ísafold*, 4. ágúst 1906, bls. 199 – *Lögrétta*, 1. árg. 1906, 38. tbl., bls. 150 – Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 66 – Steingrímur Jónsson: „Laxveiði og fiskirækt í Elliðaánum“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 104.

[73] Ljósm. Pétur Brynjólfsson. Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-1749.

vegar að ráði að taka vatnið úr Gvendarbrunnum. Framkvæmdir hófust árið 1908 og þá um sumarið var búið að leggja vatnspípurnar frá Rauðarárholti upp í Elliðaárdal. Árið 1909 var klárað að leggja pípurnar þaðan og upp í Gvendarbrunna. Voru þetta stærstu verklegu framkvæmdirnar sem ráðist hafði verið í á landinu fram að þessu.[74]

Samhliða lagningu vatnspípunnar var lagður vegur meðfram lögninni, *Vatnsveituvegur*, og lá hann frá austurenda Bústaðavegar í gegnum Blesugróf og áfram upp með Elliðaánum að sunnanverðu. Byggð var brú yfir árnar, nálægt þeim stað þar sem efri veiðihús Paynes stóðu, og lá vegurinn þar yfir (sjá mynd 18). Brúin stendur enn og er kölluð *Vatnsveitubrú*. Gagnaðist hún til flutninga á pípunum og við lagningu þeirra yfir ána, en utan á brúnni liggur ein vatnspípa og tvær undir brúargólfinu. Skammt fyrir ofan brúna er steypt þró og þar var fyrsti vatnstökustaðurinn, en fyrstu mánuðina sem vatnsveitan starfaði, á meðan klárað var að leggja leiðsluna milli Gvendarbrunna og Elliðaánna (sumar og haust 1909), var vatn tekið úr Elliðaánum og leitt til bæjarins. Frá brúnni lá Vatnsveituvegur áfram norðan- eða austanmegin ánna, vestan með Selási og Brekknaási (á svæðinu sem nú er kallað Víðidalur) og alla leið austur að Gvendarbrunnum.[75]



**Mynd 18** Hluti af ljósmynd sem tekin er yfir Elliðaárnar, til suðurs milli Breiðholtshvarfs og Seláss, um 1950-1960. Hægra megin á myndinni sést Vatnsveitubrú og veiðihús Bretans Payne vestan ánna en austan ánna eru sumarhús í Selási.[76]

Vatnspípurnar lágu víðast hvar neðanjarðar en sums staðar ofanjarðar og eru torfgarðar sem hylja þær enn sýnilegir meðfram Vatnsveituvegi, frá Vatnsveitubrú og niður að Höfðabakka.[77] Vatnsveituvegur er enn sýnilegur að hluta, meðal annars á köflum frá Breiðholtsbraut að vallarsvæði Fáks og svo fyrir norðan vallarsvæðið að Vatnsveitubrú. Þessar minjar teljast nú til aldursfriðaðra fornleifa.

[74] *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 110-111, 123 og 131 – Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 78, 91-93 og 105-111 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 95.
[75] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 96.
[76] Ljósm. Pétur Thomsen. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 068 048 1-1.
[77] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 95-96.

### 1.2.3.6 Elliðaárstöð

Rafstöðin í Elliðaárdal og önnur mannvirki Elliðaárvirkjunar tilheyra borgarhlutanum Árbæ. Eins og áður segir keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaárnar árið 1906 meðal annars vegna möguleikans til að virkja árnar.[78] Til að mæta aukinni raforkuþörf samfara vexti bæjarins ákvað bæjarstjórnin árið 1919 að láta virkja árnar og reisa þar raforkustöð. Hafist var handa við mannvirkjagerðina í ársbyrjun 1920 og hinn 27. júní 1921 var stöðin vígð að viðstöddum Kristjáni konungi X og Alexandrínu drottningu. Um leið tók Rafmagnsveita Reykjavíkur til starfa. Með tilkomu Elliðaárstöðvarinnar fjórfaldaðist rafafl í landinu og hún var á sínum tíma langstærsta vatnsaflsvirkjun landsins. Tveir verkfræðingar, Aage Broager Christensen og Guðmundur Hlíðdal, sáu um framkvæmdirnar við byggingu rafstöðvarinnar.[79]



**Mynd 19** Byggingar Rafstöðvarinnar við Elliðaár á ljósmynd frá um 1921-1925. Fremst sjást íbúðarhús rafstöðvarstjóra og fjós- og smiðjubygging en aftan við glittir í rafstöðvarhúsið. Fyrir miðri mynd er íbúðarhús Ártúnsbýlisins sem reist var árið 1910 og í fjarska lengst til hægri sést sumarbústaður, líklega bústaður sem Axel Meinholt, danskur kaupmaður, byggði á Ártúnsbletti 1 á þriðja áratugnum.[80]

Rafstöðvarhúsið (Rafstöðvarvegur 6) var reist við eystri kvísl Elliðaánna, skammt frá bænum Ártúni og samtímis var byggt þar íbúðarhús stöðvarstjóra (Rafstöðvarvegur 8) og fjós með áfastri smiðju (Rafstöðvarvegur 12). Seinna bættist einnig við hlaða (Rafstöðvarvegur 10) en fyrsti stöðvarstjórinn, Ágúst Guðmundsson og kona hans Sigríður Pálsdóttir voru með kúabúskap á staðnum. Árið 1937 bættist við húsaþyrpinguna bygging fyrir aðalspennistöð (Rafstöðvarvegur 14), en þá hafði Sogslína verið lögð frá Ljósafossstöð að Elliðaánum.[81]

*Árbæjarstífla*, sem var aðveitustífla Elliðaárstöðvarinnar, náði í fyrstu einungis yfir norðurkvísl Elliðaánna en árið 1929 var stíflan lengd og hækkuð svo að hún náði einnig fyrir suðurkvíslina og við það stækkaði Árbæjarlón umtalsvert.[82]

---

[78] *Ísafold*, 4. ágúst 1906, bls. 199 – *Lögrétta*, 1. árg. 1906, 38. tbl., bls. 150 – Árni Óla: „Elliðaármálin". *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 66 – Steingrímur Jónsson: „Laxveiði og fiskirækt í Elliðaánum". *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 104.

[79] Sumarliði R. Ísleifsson: *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921-1998*, bls. 49-51 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 97 – *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 275-279 – Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Umhverfi Rafstöðvar og Ártúns. Húsakönnun* [án bls.tals].

[80] Ljósm. Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2497.

[81] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 97 og 101 – Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Umhverfi Rafstöðvar og Ártúns. Húsakönnun* [án bls.tals].

[82] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 99.

Frá stíflunni og niður í stöðvarhúsið voru lagðar tvær þrýstivatnspípur úr tréborðum sem haldið var saman með járngjörðum. Á áttunda áratugnum voru pípurnar endurnýjaðar og lögð ein trépípa í stað hinna tveggja eldri. Pípan liggur að hluta ofanjarðar, hulin jarðvegi sem myndar grasivaxinn hrygg meðfram ánum að norðanverðu.[83]



**Mynd 20** Árbæjarstífla nýbyggð á mynd frá 1921-1925. Hér nær hún einungis yfir norðurkvísl Elliðaánna að Blásteinshólma og hefur ekki verið lengd yfir suðurkvísl ánna.[84]

Við Elliðavatn var byggð önnur stífla, *Elliðavatnsstífla*, á árunum 1924-1928. Við byggingu hennar stækkaði Elliðavatn um helming og Elliðavatnsengjar og Vatnsendaengjar fóru undir vatn ásamt farvegum ánna Dimmu og Bugðu á kafla. Hin upphaflega Elliðavatnsstífla var jarðvegsstífla með grjótvörn vatnsmegin og lokum eða flóðgáttum á tveimur stöðum, annars vegar í Dimmu, aðalkvísl Elliðaánna, og hins vegar í Bugðu. Á árunum 1977-1978 var byggð ný stífla í hennar stað.[85]

Flóð geta orðið í Elliðaánum og því má sjá varnarveggi og hleðslur frá ýmsum tímum víða um Elliðaárdal. Árið 1968 varð slíkt stórflóð í ánum að Elliðavatnsstífla brast en árflaumurinn flæddi yfir Árbæjarstíflu. Miklar skemmdir urðu á vegum á svæðinu og mannvirkjum Elliðaárstöðvar. Hesthús í svokölluðum „Kardemommubæ“ við Elliðaárvatn urðu umflotin og fleiri hús nálægt ánum voru hætt komin.[86]

Samhliða byggingu Elliðaárstöðvar var lagður vegur frá þáverandi Suðurlandsbraut, skammt austan Elliðaárósa (þar sem Bíldshöfði liggur nú), suður að rafstöðvarbyggingunum við Ártún og áfram austur að Árbæjarstíflu. Ofan við veginn byggði Rafmagnsveitan íbúðarhús fyrir starfsmenn árið 1930 (Rafstöðvarvegur 31). Árið 1947 var byggt annað starfsmannahús á staðnum (Rafstöðvarvegur 33-33a) og nokkrum árum síðar keypti Rafmagnsveitan þriðja húsið, íbúðarhús sem byggt hafði verið við Rafstöðvarveg um 1946 (Rafstöðvarvegur 29).[87] Hús við veginn voru lengi skráð við Suðurlandsbraut eða Suðurlandsveg, sem áður lá yfir Ártúnsholt, en síðar fékk vegurinn nafnið *Rafstöðvarvegur*.

---

[83] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 99-100.
[84] Ljósm. Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2498.
[85] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 100 – Sumarliði R. Ísleifsson: *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921-1998*, myndatexti bls. 61.
[86] Helgi M. Sigurðsson: *Vatnsaflsvirkjanir á Íslandi*, bls. 39 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 105 – Sumarliði R. Ísleifsson: *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921-1998*, myndatexti bls. 66.
[87] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 100-101.



**Mynd 21** Horft í átt að Ártúnsholti frá Bústaðaholti árið 1963. Tveir drengir ganga upp eftir hitaveitustokknum sem lagður var frá Reykjum í Mosfellssveit vestur í Öskjuhlíð á árunum 1939-1943. Frá Elliðaánum lá hann áfram til austurs yfir Ártúnsholtið, þar sem gatan Strengur liggur nú og áfram þar sem Bæjarháls er nú í átt að Grafarholti. Auk þess að vera aðalæð Hitaveitu Reykjavíkur þjónaði stokkurinn mikilvægu hlutverki sem göngustígur en víðast hvar hafa nú verið lagðar nýjar leiðslur í jörðu og gamli stokkurinn grafinn niður eða jafnaður við jörðu. Hægra megin á myndinni sést Toppstöðin sem reist var á árunum 1946-1948 sem varaaflsstöð Rafmagnsveitunnar og þjónaði í byrjun einnig Hitaveitunni. Vinstra megin sjást mannvirki sem tengdust Toppstöðinni, tveir tankar og lokahús sem byggt var yfir hitaveitustokkinn, en þessi mannvirki voru fjarlægð á seinni hluta níunda áratugarins. Lengst til vinstri sjást jarðhúsin sem byggð voru sem kartöflugeymslur árið 1946, en með tilkomu hitaveitu gátu bæjarbúar ekki lengur nýtt kjallara sína í slíkum tilgangi. Fyrir miðri mynd eru hesthús hestamannafélagsins Fáks sem enn standa að hluta við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar.[88]



**Mynd 22** Byggðin við Rafstöðvarveg á loftmynd frá 1981. Risháu húsin á Rafstöðvarsvæðinu eru starfsmannahús Rafmagnsveitunnar. Frá miðju til hægri má sjá hús á Árbæjarblettum númer 4 (Rafstöðvarvegur 35), 7 (nú horfið) og 13 (Rafstöðvarvegur 41). Neðst til hægri sést Höfðabakkabrú yfir Elliðaár í byggingu.[89]

---

[88] Ljósm. Þjóðviljinn/hv. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV 029 119 4-1.

[89] Ljósm. Gunnar V. Andrésson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 Breiðholt1981a.

Elliðaárvirkjun hafði og hefur enn mikil áhrif á umhverfi Elliðaársdals og mannvirki hennar segja merka sögu tæknibreytinga sem urðu á fyrri hluta 20. aldar. Húsaþyrpingin við Ártún, sunnan Rafstöðvarvegar og önnur eldri mannvirki Elliðaárvirkjunar eru ótvírætt meðal hinna mikilvægustu í menningar- og byggingarsögu Reykjavíkur og eru nú friðlýstar menningarminjar (sjá kafla 2.4).




**Mynd 23** Borgarhlutinn á loftmynd frá 1954. Gamli Suðurlandsvegur liggur yfir Ártúnsholt og áfram til austurs þar sem gatan Rofabær er nú. Mosfellssveitarvegur liggur norðar (ofar), þar sem Vesturlandsvegur er nú. Sjá má byggð á erfðafestublettum (Árbæjarblettum) og sumarbústaðalöndum (í Selási, Baldurshaga og við Rauðavatn) og garðlönd í Borgarmýri sunnan Mosfellssveitarvegar (núverandi Vesturlandsvegar).[90]

### 1.2.3.7 Erfðafestulönd og óskipulögð byggð

Upp úr 1920 fór Reykjavíkurborg að leigja út skika til ræktunar í nágrenni Elliðaáa. Bæjaryfirvöld höfðu hafið úthlutun á erfðafestulandi á síðari hluta 19. aldar til að hvetja til aukinnar ræktunar og búrekstrar í nágrenni við þéttbýlið í Reykjavík og tryggja nægilegt framboð af landbúnaðarafurðum, t.d. mjólk, sem var nauðsynlegt vegna þess hve vegasamband við sveitirnar var slæmt og erfitt að flytja þaðan nauðsynjar.[91] Það voru einkum mýrarnar í bæjarlandinu sem nýttar voru undir ræktunarsvæðin, svo sem Norðurmýri, Kringlumýri, Laugamýri og Sogamýri. Svæðunum var skipt í bletti sem afhentir voru til eignar gegn árlegri leigu, en erfðafestuhafar voru þó skyldaðir til að láta af hendi

---

[90] Loftmynd af Reykjavík 1954 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1954. Sótt 10.6.2017.

[91] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 106 – Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3: Byggingar og minjar*, bls. 6 – Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun. Skógarhlíð*, bls. 1 og 7.

byggingarlóðir úr erfðafestulöndum sínum, ef á þyrfti að halda, gegn niðurfærslu á árgjaldinu.[92] Á erfðafestulöndunum risu hús af ýmsum stærðum og gerðum, bæði íbúðarhús sem tilheyrðu stórum og smáum nýbýlum og sumarbústaðir og önnur lítil íveruhús sem á kreppuárunum og í húsnæðisleysi stríðsáranna og eftirstríðsáranna voru mörg hver tekin til heilsársbúsetu. Sum þessara húsa voru felld inn í nýja byggð eftir því sem hún breiddi úr sér yfir gömlu erfðafestulöndin. Erfðafestuhafarnir fengu þá í staðinn lóðir sem mældar voru út umhverfis íbúðarhús þeirra. Í öðrum tilvikum þurftu gömlu húsin, með öllum ummerkjum um búskap og ræktun, að víkja fyrir nýju skipulagi.




**Mynd 24** Rafstöðvarsvæðið, Ártún og byggðin ofan Rafstöðvarvegar, Árbær og Árbæjarblettir (1-13) á korti frá 1947. Gamli Suðurlandsvegur gengur austur eftir Ártúnsholti. Ofan hans eru jarðhúsin sem reist voru sem kartöflugeymslur árið 1946. Á því svæði og einnig austan byggðarinnar við Rafstöðvarveg sjást sandnámur sem bærinn hafði þar frá um 1930.[93]

## Ártúnsblettir

Í upphafi 20. aldar komust jarðirnar Árbær og Ártún í eigu Reykjavíkurbæjar, eins og áður segir, og árið 1929 voru þær lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Á þriðja áratugnum var hluta af landi Ártúns skipt upp í þrjá erfðafestubletti, Ártúnsbletti 1-3, sem ætlaðir voru fyrir garðlönd og sumarbústaði. Á þessum blettum voru reist hús sem standa enn í dag.

---

[92] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 39 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*, fyrri hluti, bls. 47-49.
[93] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: „1947“. Sótt 10.6.2017.

*Ártúnsbletti 1* var úthlutað til dansks kaupmanns, Axels Meinholts, og reisti hann þar sumarbústað. Árið 1930 tóku Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður og kona hans Þórunn Bergþórsdóttir við blettinum og árið 1934 byggðu þar íbúðarhúsið *Ártúnsbrekku* (Ártúnsbrekka I, Rafstöðvarvegur 17) sem fljótlega varð heilsársbústaður. Eldri bústaðurinn stóð áfram á landinu um skeið en var líklega rifinn í kringum 1960. Árið 1972 var reist annað íbúðarhús á landinu (Ártúnsbrekka II, Rafstöðvarvegur 19). Sveinbjörn var ötull áhugamaður um skógrækt og í landi Ártúnsbrekku kom hann upp trjálundi sem nefndur hefur verið eftir honum, *Sveinbjarnarlundur*. Grenitré sem þar eru munu vera með þeim hæstu á landinu.[94]

*Ártúnsbletti 2* var úthlutað til Þorkels Þorkelssonar veðurstofustjóra og konu hans Rannveigar Einarsdóttur. Þar byggðu þau fyrst lítinn sumarbústað en árið 1932 reistu þau íbúðarhúsið *Segulhæðir* sem stendur enn á lóðinni (Rafstöðvarvegur 21). Nafn hússins er dregið af segulmælingum sem Þorkell stundaði í steyptu byrgi á melnum fyrir ofan landið, en það er nú horfið vegna malarnáms.[95]




**Mynd 25** Húsin á Ártúnsblettum og við Rafstöðvarveg á lóðauppdrætti frá 1995.[96]

[94] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 65 – Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 746. Brunabótavirðing húsa 21.8.1933-21.5.1937: Ártúnsbrekka (Hús Sveinbjörns Jónssonar í Ártúnsbrekku), brunavirðing dags. 22.5.1934 (brnr. 3247) – Kristinn H. Þorsteinsson: „Gullnáma fróðleiks í miðri borg - Elliðaárdalur“. *Morgunblaðið*, 11. desember 1999, bls. 58.

[95] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 65 – Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 745. Brunabótavirðing húsa 21.7.1930-21.7.1933: Segulhæðir (Hús Þorkels Þorkelssonar í Ártúnslandi), brunavirðingar dags. 21.10.1931 og 21.10.1932 (brnr. 2876).

[96] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir: „Íbúðarsvæði við Rafstöðvarveg“. Sþ. 6.2.1996 (fellt úr gildi). Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: „Rafstöðvarvegur 29, 31 og 33“. Sótt 9. júní 2017.

Á *Ártúnsbletti 3* er elsta húsið sem byggt var á þessum blettum og stendur enn, að vísu mikið breytt. Það er hús sem Tryggvi Árnason líkkistusmiður og Arndís Jónsdóttir kona hans byggðu árið 1929 og kölluðu *Hvamm*, en er nú nefnt *Árhvammur* (Rafstöðvarvegur 23). Það var upphaflega lítill íbúðarskúr úr timbri en hefur í gegnum tíðina verið stækkað margsinnis og hækkað svo að það er nú óþekkjanlegt frá því sem var.[97]

Á svipuðum tíma byggði Rafmagnsveitan fyrsta starfsmannahús sitt á svæðinu (Rafstöðvarvegur 31) og á fimmta, sjötta og sjöunda áratugnum bættust við fjögur íbúðarhús við Rafstöðvarveg (Rafstöðvarvegur 29, b. 1946; Rafstöðvarvegur 33 og 33a, b. 1947; *Árbakki*, Rafstöðvarvegur 27, b. 1955; *Sólvangur*, Rafstöðvarvegur 25, b. 1966). Saman mynda þessi hús lítill íbúðakjarna sem nú fellur inn í gróið umhverfi svæðisins.

## Árbæjarblettir

Á fjórða og fimmta áratugnum var stórum hluta af Árbæjarlandi skipt upp í svokallaða Árbæjarbletti sem bæjaryfirvöld úthlutuðu á erfðafestuleigu og voru ætlaðir sem sumarbústaða- og ræktunarlönd. Hver blettur var um 50 x 75 metrar að stærð eða um 3.750 fermetrar. Nokkrir blettir voru mældir út vestan við gamla Árbæjarbýlið (Árbæjarblettir 1-13) um 1930 og þar voru reist hús á fimmta áratugnum (*Árbæjarblettur 4* - Rafstöðvarvegur 35, b. 1941; *Árbæjarblettur 7*, b. 1942, nú horfið; *Árbæjarblettur 9*, b. 1945, nú horfið; *Árbæjarblettur 10*, b.ár óþekkt, nú horfið; *Árbæjarblettur 13* - Rafstöðvarvegur 41, b. um 1945).[98] Árið 1941 var nánast öllu landi austan býlisins, eða svæðinu sem liggur milli núverandi Höfðabakka og Seláss, í austanverðu holtinu niður að Elliðaám, skipt í erfðafestubletti (Árbæjarbletti 29-77) og úthlutað. Á fimmta og sjötta áratugnum reis þarna



**Mynd 26** Séð yfir Árbæjarland, Árbæjarstíflu og Árbæjarbletti á loftmynd frá 1950-1960. Eftir miðri mynd gengur hitaveitustokkurinn frá Reykjum en neðar er Mosfellssveitarvegur (þar sem nú er Vesturlandsvegur).[99]

---

[97] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 65 – Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 744. Brunabótavirðing húsa 21.1.1928-21.6.1930:Hvammur, brunavirðing dags. 21.11.1929 (brnr. 2656); Aðf. 746. Brunabótavirðing húsa 21.8.1933-21.5.1937:Hvammur, brunavirðing dags. 21.6.1936 (brnr. 2656); Aðf. 4340. Brunabótavirðing húsa 28.8.1947-30.6.1950:Hvammur, brunavirðing dags. 28.12.1948 (brnr. 2656); Aðf. 24292. Brunabótavirðing húsa við Seljaveg-Sogaveg: Hvammur, Suðurlandsbraut, brunavirðing dags. 15.11.1979 (brnr. 2656).

[98] Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, bls. 2 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 68-69 – Freyja Jónsdóttir: „Rafstöðvarvegur 41“. *Morgunblaðið*, 20. nóvember 2001, sérblað um fasteignir (C), bls. 44.

[99] Ljósm. ókunnur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-48.



**Mynd 27** Árbæjarblettir á korti frá 1962. Teiknuð eru inn hús sem stóðu á blettunum á þessum tíma. Á holtinu ofan Suðurlandsvegar (m.a. þar sem nú eru raðhús við Laxakvísl og gatan Bæjarháls á móts við hús Orkuveitunnar) eru merkt inn svæði þar sem stóðu fisktrönur, en bærinn og ýmis útgerðarfélög höfðu víða trönur til fiskþurrkunar á holtum og hæðum í bæjarlandinu á þessum tíma. Lengst til hægri er svæði ofan Suðurlandsvegar (þar sem nú eru fjölbýlishús við Hraunbæ austan Bæjarbrautar) þar sem voru garðlönd á þessum tíma.

Borgarsögusafn: Kortasafn. „Reykjavík og nágrenni 1:5000 - Blað 44, Árbær“ (hluti). Kort gert af Forverki hf. 1962. Útg. Skipulagsstjóri ríkisins. Afrit.



**Mynd 28** Árbæjarstífla og byggðin á Árbæjarblettum á ljósmynd frá 1950-60. Þarna stóðu hús af ýmsum stærðum og gerðum sem flest viku fyrir nýjum húsum þegar hverfishlutinn sunnan Rofabæjar byggðist upp á fyrri hluta sjöunda áratugarins, en þá var skipulag hinna nýju gatna og lóða byggt á skiptingu gömlu blettanna.

Ljósm. Pétur Thomsen. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 068 048 2-2.

nokkuð af bústöðum og húsum, bæði timbur- og steinhúsum, sem mörg voru fljótlega tekin til heilsársbúsetu.[100]

Þegar núverandi íbúðarbyggð sunnan Rofabæjar í Árbæjarhverfi var skipulögð á fyrri hluta sjöunda áratugarins voru gömlu Árbæjarblettirnir endurskipulagðir sem íbúðarlóðir. Til að einfaldara væri að breyta þeim í einbýlishúsahverfi var skipulag nýrra gatna og lóða byggt á gömlu landskiptingunni og hverjum bletti skipt í fjórar lóðir. Gamla Suðurlandsvegi var breytt í götuna Rofabæ og götuheiti í hinu nýja hverfi fengu endinguna „-bær", en nýr vegur (Bæjarháls) sem tók við hlutverki gamla Suðurlandsvegar var lagður norðanmegin við hverfið árið 1967. Vegna nýju íbúðarbyggðarinnar þurftu flest hinna eldri húsa að víkja og voru sum rifin en önnur flutt. Einstök hús voru þannig staðsett að þau gátu staðið lengur ef þau höfðu fengið lóðaréttindi við úthlutun lóða og munu allmargir fyrrum erfðafestuhafar á svæðinu hafa fengið úthlutað einbýlishúsalóðum þar sem hús þeirra stóðu.[101] Flestir virðast þó hafa kosið að byggja sér ný hús því í dag standa einungis örfá eldri húsanna eftir og hefur flestum verið breytt allmikið og byggt við þau (Fagribær 1 - *Árbæjarblettur 46*, b. 1965;[102] Þykkvibær 13 - *Árbæjarblettur 60*, b. 1996;[103] Þykkvibær 21 - *Árbæjarblettur 62*, b. 1958; Hábær 35 - *Árbæjarblettur 74*, b. 1940).[104] Nýja hverfið var að mestu fullbyggt árið 1966.

## Selás og Selásblettir

Árið 1925 keypti Jens Eyjólfsson byggingameistari (1879-1959) stóra spildu í Selási úr landi Grafarholts. Spildan lá að austurmörkum Árbæjarlands, sunnan og vestan gamla Suðurlandsvegar. Árið 1929 var landsvæðið lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en hélst í eigu Jens. Árið 1933 byggði hann þar húsið *Selásdal* sem stóð þar sem í dag eru raðhúsin númer 2-4 við Vesturás.[105] Jens var byggingameistari við byggingu Kristskirkju í Landakoti sem reist var á árunum 1927-1929 og áður en súlurnar í kirkjunni voru reistar gerði Jens staka tilraunasúlu úr steypu á landi sínu í Selásnum. Súlan stóð efst á Selásnum í marga áratugi en var brotin niður þegar byggð tók að rísa á holtinu.[106] Nálægt tilraunasúlunni kom Jens fyrir einni af þremur kirkjuklukkum sem hann hafði gefið Kristskirkju, St. Jósefsklukku, en sú hafði reynst gölluð og var því ekki sett upp í kirkjunni. Á sjötta áratugnum var klukkan flutt að húsi Jens, Selásdal, en fylgdi fjölskyldunni seinna áfram við flutning í Skógarás og mun vera þar enn í húsagarði.[107] Einnig hafði Jens hug á að reisa kirkju helgaða sjómönnum á

[100] Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, bls. 2– Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 68 – Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 83 – *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 194 – *Þjóðviljinn*, 16. september 1949, bls. 8.

[101] Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 86 og myndatexti bls. 83 – *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 194 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 68-69.

[102] Heimildir benda til þess að húsið sé byggt mun fyrr.

[103] Heimildir benda til þess að elsti hluti hússins sé byggður í tíð erfðafestu.

[104] Miðað við óformlega athugun og samanburð út frá loftmyndum, fasteignaskrá, teikningum og núverandi útliti húsanna. Gera þarf húsakönnun á svæðinu til að fá nákvæmari niðurstöðu um aldur húsanna.

[105] Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, bls. 2 og 4 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 69 – *Morgunblaðið*, 20. desember 1991, bls. 46.

[106] Pétur H. Ármannsson: „Lýsing kirkjunnar", kafli í umfjöllun um Kristskirkju í Landakoti, *Kirkjur Íslands*, 18. bindi, bls. 216 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 40-41.

[107] Drífa Kristín Þrastardóttir og Gerður Róbertsdóttir: „Gripir og áhöld", kafli í umfjöllun um Kristskirkju í Landakoti, *Kirkjur Íslands*, 18. bindi, bls. 258-259.

landi sínu í Selási, en ekki varð af þeim áformum.[108] Eftir lát Jens eignaðist Gunnar sonur hans húsið Selásdal og gerði það upp og endurnýjaði.[109]



**Mynd 29** Selás á loftmynd frá 1954. Hús Jens Eyjólfssonar og fjölskyldu, *Selásdalur*, er merkt með rauðum hring. Norðar er strjál byggð húsa sem byggð voru á sumarbústaðalóðum sem Jens seldi úr landi sínu. Uppi á ásnum má sjá stórt svæði með fisktrönum þar sem útgerðarfélögin Júpíter og Mars voru með skreiðarþurrkun á þessum tíma (þar sem nú eru raðhús austan Selásbrautar, milli Norðuráss og Skógaráss). Ljósa svæðið neðarlega á myndinni er grjótnáma (þar sem nú er Reiðhöllin í Víðidal).[110]

Fljótlega eftir að Jens eignaðist Selásland fór hann að selja úr því sumarbústaðalönd í Selásnum vestanverðum sem kölluð voru *Selás* eða *Selásblettir* (Selás 1-29, sjá mynd 30). Þar reis nokkur fjöldi bústaða á fjórða og fimmta áratugnum, líklega í kringum þrjátíu hús, sem mörg urðu svo að heilsársbústöðum.[111] Eitt af eftirtektarverðari húsunum þarna var hús Filippusar Guðmundssonar múrarameistara, sem gjarnan var kallað „Stóra hvíta húsið", en

---

[108] *Sjómannadagsblaðið*, 13. árg. 1950, 1. tbl., bls. 38-39 – *Morgunblaðið*, 9. janúar 1951, bls 6; 19. ágúst 1959, bls. 13 – *Vísir*, 10. apríl 1951, bls. 2.
[109] *Morgunblaðið*, 20. desember 1991, bls. 46.
[110] Loftmynd af Reykjavík 1954 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1954. Sótt 10.6.2017. Heimildir um fisktrönur: *Frjáls verzlun*, 19. árg. 1959, 3, tbl. bls. 24 – *Morgunblaðið*, 21. júlí 1996, bls. 26.
[111] *Morgunblaðið*, 18. mars 1970, bls. 14 – Steinþór Guðbjartsson: „Messað í stofunni og buslað í Elliðaánum", *Morgunblaðið* 20. febrúar 2006, sérblað um fasteignir (F), bls. 2 – Borgarsögusafn: Húsaskrá Reykjavíkur. Hús skráð á Selásblettum / í Selási – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 69 – Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, bls. 2.

það byggði Filippus árið 1941 í stað eldri sumarbústaðar á landi sem hann hafði keypt af Jens Eyjólfssyni árið 1929. Húsið er nú horfið en það stóð þar sem nú eru raðhúsin nr. 30-36 við Melbæ.[112]



**Mynd 30** Selásblettir (Selás 1-29) á korti frá um 1935-1945.[113]

Einnig munu hafa verið *Selásblettir* með sumarhúsabyggð við Norðlingabraut í Klapparholtsmóum, suðaustan við Selás, þar sem nú er íbúðarhverfið Norðlingaholt, og auk þess nokkrir blettir úr Seláslandi í gamla Norðlingaholti við norðanvert Elliðavatn og ána Bugðu.[114]

Á sjöunda áratugnum hófst vinna við skipulag íbúðarbyggðar í Árbæ og Selási, en þar sem Seláslandið var í einkaeigu var í fyrstu einungis gert þar svokallað leiðsagnarskipulag. Samráð var haft við Félag landeigenda í Selási, sem stofnað var árið 1967 til þess að vinna að og semja við Reykjavíkurborg um að svæðið yrði skipulagt sem byggingarland. Um 1970 stóð hin óskipulagða byggð enn í Selásnum og bjuggu þar þá um 150 íbúar í um þrjátíu húsum.[115] Meginuppbygging Seláshverfis átti sér síðan stað á níunda áratugnum og voru nokkur þeirra húsa sem byggð höfðu verið á Selásblettum innlimuð í hið nýja hverfi en einungis örfá þeirra munu nú standa eftir (þ.á.m. húsið Deildarás 2, b.1944).[116] Hús Jens Eyjólfssonar og afkomenda hans stóð í Selásnum til um 1990 en var þá flutt að Vesturfold 44 í Grafarvogi.[117]

---

[112] Steinþór Guðbjartsson: „Messað í stofunni og buslað í Elliðaánum“, *Morgunblaðið* 20. febrúar 2006, sérblað um fasteignir (F), bls. 2.

[113] Borgarsögusafn: Kortasafn. Selás-Selásblettir, ómerkt og ódags. kort. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: „Gröf - Árbær - Selás“. Sótt 10.6.2017.

[114] Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 5.

[115] *Morgunblaðið*, 18. mars 1970, bls. 14; 20. desember 1991, bls. 46 – Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 86-87 – *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 194-195.

[116] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 69 – Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, bls. 4.

[117] Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, bls. 4.



**Mynd 31** Selás á korti frá 1960. Innan rauða hringsins er hús Jens Eyjólfssonar. Hluti Selásbletta sést þar fyrir ofan. Uppi á ásnum eru merktar inn trönur Júpíters hf. og Mars hf. og mannvirki sem mun hafa verið vatnsgeymir Vatnsveitu Reykjavíkur (þar sem nú er annar yngri vatnsgeymir).[118]

## Baldurshagi og Baldurshagablettir

Austast á því svæði sem borgarhlutinn Árbær nær til, þar sem nú er austasti hluti Norðlingaholtshverfis, byggðist á fyrri hluta 20. aldar nýbýlið Baldurshagi og svokallaðir Baldurshagablettir. Landið tilheyrði um aldir lögbýlinu Gröf (Grafarholti), en um 1905 var landspilda sunnan við Suðurlandsveg seld úr landi Grafar og reist þar nýbýlið *Baldurshagi*. Að austanverðu afmarkaðist land Baldurshaga af ánni Bugðu en vestan við það var Klapparholt og Selásland. Vestan með Baldurshagalandi lá vegur suður að Elliðavatni, *Elliðavatnsvegur*, sem meðal annars var notaður af útivistarfólki á leið í Rauðhóla.[119] Í Baldurshaga var frá upphafi og í marga áratugi rekin veitingasala og gistihús, af svipuðu tagi og í Árbæ, Ártúni og Lögbergi í Lækjarbotnum og þar gistu oft bændur af Suðurlandi sem voru í fjárrekstrum. Einnig var stundaður þar búskapur með tilheyrandi gripahúsum.[120] Skömmu fyrir 1920 var byggt timburhús á staðnum og stóð það við þjóðveginn, skammt fyrir austan þann stað þar sem bensínstöð Olís (Norðlingabraut 7) stendur nú (sjá mynd 119).[121]

[118] Borgarsögusafn: Kortasafn. „Reykjavík 1:2000 - Blað 542" (hluti). Kort gert af Forverki hf. 1958 með innfærðum upplýsingum frá skrifstofum bæjarverkfræðings, mælingadeild, 1960. Útg. bæjarverkfræðingurinn í Reykjavík. Afrit. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: „Gröf - Árbær". Sótt 10.6.2017.

[119] Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 6 – *Alþýðublaðið*, 22. júní 1933, bls. 2.

[120] *Þjóðólfur*, 22. febrúar 1907, bls. 31 – *Ingólfur*, 16. júní 1907, bls. 96 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 75 – Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 5.

[121] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifarskrá fyrir Reykjavík". Óútg. handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík – *Fasteignabók 1932*, bls. 25 – Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 749. Brunabótavirðing húsa 1.7.1943-10.5.1945: Baldurshagi, Suðurlandsbraut, brunavirðing dags. 15.10.1943(brnr. 4216) – Vefur Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings: Alfræði Reykjavíkur. Vefslóð: http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/ → Baldurshagi. Sótt 7. júní 2017.

Húsið brann í apríl 1942, en veitingasala var opnuð þar aftur í júlí sama ár. Á stríðsárunum tók breski herinn Baldurshaga yfir, endurnefndi staðinn Café Broadway og hafði þar bíósýningar, jólahátíðir og fleira. Veitingasala var starfrækt á staðnum fram undir 1950 en þá var rekstrinum hætt.[122]

Upp úr 1940 hafði myndast nokkur byggð sumarbústaða og íbúðarhúsa á blettum úr landi Baldurshaga (Baldurshagi 1-25). Árið 1943 voru brunavirt níu hús á svæðinu sem flest voru sumarhús, ýmist byggð úr timbri eða steinsteypu (*Dísadalur* eða *Dísardalur,* b. 1935; *Heiðarbær,* b. 1930; *Vetrarbraut,* seinna *Fagrabrekka*, b. 1935; *Sólnes*, *Baldurshagaland 52*, b. 1943; *Baldurshagi 2*; ónefndur bústaður Jóns Friðrikssonar) og eitt íbúðarhús úr steinsteypu (*Efridalur* hjá Vetrarbraut).[123]



**Mynd 32** Kort yfir Baldurshagabletti frá 1971.[124]

---

[122] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund.* 1. bindi (A-G), bls. 75 – Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 5-6 – *Alþýðublaðið*, 19. apríl 1942, bls. 2 – *Morgunblaðið*, 18. júlí 1942, bls. 7 – *Daily Post*, 2. árg. 1941, 255 tbl., bls. 3 – Vefur Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings: Alfræði Reykjavíkur. Vefslóð: http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/ → Baldurshagi. Sótt 7. júní 2017.

[123] Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 749. Brunabótavirðing húsa 1.7.1943-10.5.1945, hús við Baldurshaga, brunavirðingar dags. 16.10.1943 (brnr. 4350, 4351, 4352, 4354, 4355, 4410 og 4403) – Byggingarár fyrir 1943 skráð eftir upplýsingum á vef Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings, með fyrirvara um að gera þarf húsakönnun til að kanna betur eða staðfesta aldur húsanna: Alfræði Reykjavíkur. Vefslóð: http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/ → Dísardalur / Fagrabrekka / Heiðarbær / Sólnes. Sótt 7. júní 2017 – Sjá einnig: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 75 – *Morgunblaðið*, 22. febrúar 1944, bls. 12 – Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 6. Í grein í *Alþýðublaðinu* 6. september 1949, bls. 7, kemur fram að húsið Sólnes hafi þá skemmst mikið í bruna.

[124] Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík: Gröf-Grafarholt. „Baldurshagablettir, m. 1:2000“. Kort gert af Finni Kristinssyni 1971. Afrit.

Á *Klapparholti* vestan við Baldurshaga voru einnig á þessum tíma reistir sumarbústaðir á tveimur skikum úr landi Grafarholts, *Klapparholti 1* og *Klapparholti 2*. Á 19. öld var á þessum stað kotbýli sem nefnt var *Klapparholt*. Rúst bæjarhússins mun vera nálægt því þar sem sumarbústaðurinn Klapparholt 1 var síðan byggður um 1943 (bak við núverandi fjölbýlishús við Kambavað 1-3).[125]

Í Klapparholtsmóum, á vesturhluta þess svæðis sem íbúðarhverfið Norðlingaholt nær nú yfir, voru blettir með sumarhúsabyggð sem tilheyrðu Seláslandi og röðuðust meðfram *Norðlingabraut*, sem lá áður í beinni línu frá Suðurlandsvegi niður að Elliðavatni.[126]



**Mynd 33** Byggðin á Baldurshagablettum og Klapparholti sést hægra megin við miðju, neðan við Suðurlandsveg sem liggur á ská yfir efri hluta myndarinnar. Þaðan liggur Elliðavatnsvegur niður að Elliðavatni. Lengst til hægri sést braggahverfið Camp Columbus Dump frá stríðsárunum. Vinstra megin er Norðlingabraut og meðfram henni Selásblettir (austan Seláss). Þarna er í dag íbúðarhverfið Norðlingaholt.[127]

Á öllu þessu svæði bættust með tímanum við fleiri hús, sumarbústaðir og heilsársbústaðir og jafnframt allmörg hesthús og ýmiskonar útihús og skúrar og þurfti þessi byggð öll að víkja þegar Norðlingaholtshverfið var skipulagt og byggt á árunum 2003-2008. Eina húsið sem eftir stendur af þeim sem byggð voru á Baldurshagalandi er húsið *Sólnes*, sem stendur á tanga við ána Bugðu, skammt austan við núverandi Norðlingahverfi. Það var mun hafa verið endurbyggt um 1991 og lítið sem ekkert eftir af upprunalega húsinu.[128]

---

[125] Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 7 – Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 749. Brunabótavirðing húsa Aðf. 749. Brunabótavirðing húsa 1.7.1943-10.5.1945, Klapparholt 1 og Klapparholt 2, brunavirðingar dags. 16.10.1943 (brnr. 4408 og 4398).

[126] Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 5.

[127] Loftmynd af Reykjavík 1954 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1954. Sótt 10.6.2017.

[128] Byggt 1990 skv. Fasteignaskrá. Endurbyggt 1991, skv.: „Nefnd um bætta umgengni meðfram Suðurlandsvegi frá Lækjarbotnum að Breiðholtsbraut við Rauðavatn". Skýrsla ásamt skrá Ágústs Jónssonar skrifst.stj. borgarverkfr. yfir hús á svæðinu, dags. í desember 1992. Óútg. gögn. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um hús í Reykjavík, Suðurlandsvegur.

## Smálöndin

Á svæði skammt sunnan við Vesturlandsveg sem áður var í landi Grafarholts og er nú á mörkum borgarhlutanna Árbæjar og Grafarholts, reis lítil óskipulögð byggð í seinna stríði sem kölluð var *Smálönd*. Þar tók fólk að setjast að fljótlega eftir hernámið 1940 og þótti byggðin þá einangruð og langt utan við bæinn. Um svæðið lá hitaveitustokkurinn sem lagður var frá Reykjum í Mosfellssveit vestur í Öskjuhlíð á árunum 1939-1943. Meðfram honum lá vegur sem kallaður var *Hitaveituvegur* og stóðu flest húsin við hann eða við *Hitaveitutorg*, sem var einskonar miðsvæði byggðarinnar. Aðrar götur á svæðinu voru *Eggjavegur*, *Teigavegur* og *Urðarbraut* og að byggðinni var lögð gatan *Smálandabraut* frá Vesturlandsvegi. [129]



**Mynd 34** Hér sést byggðin í Smálöndunum á loftmynd frá 1954. Í gegnum svæðið liggur Hitaveituvegur meðfram hitaveitustokknum frá Reykjum. Núverandi gatnakerfi og hús norðan Bæjarháls eru sýnd með gulum útlínum. Lengst til vinstri má sjá hluta af garðlöndum sem voru á svæðinu sunnan núverandi Vesturlandsvegar og austan Höfðabakka, í svokallaðri *Borgarmýri*.[130]

Árið 1943 var jörðin Grafarholt lögð undir Reykjavík með lögum. Þá voru brunavirt þau hús sem risið höfðu í Smálöndunum og stóðu þá fimmtán hús á svæðinu, flest byggð úr timbri.[131] Síðan bættust fleiri hús við á svæðinu og voru þau af ýmsu tagi. Árið 1949 munu

---

[129] Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 78 og myndatexti bls. 87– Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*, fyrri hluti, bls. 226-227 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 71 – Vefur Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings: Alfræði Reykjavíkur. Vefslóð: http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/ → Smálönd / Hitaveitutorg / Hitaveituvegur / Eggjavegur. Sótt 7. júní 2017. Skv. vef Guðjóns Friðrikssonar var upphaflega á svæðinu braggahverfi fyrir kanadíska hermenn og birgðaskemma, sem Hitaveitan mun síðan hafa tekið yfir, en Íslendingar fluttu í braggana.

[130] Loftmynd af Reykjavík 1954 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1954; Götur og stígar → Götur-miðlínur; Hús og lóðir → Húsaútlínur. Sótt 10.6.2017.

[131] Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 749. Brunabótavirðing húsa Aðf. 749. Brunabótavirðing húsa 1.7.1943-10.5.1945, hús við Eggjaveg, Hitaveitutorg, Hitaveituveg, Lækjargötu, Teigarveg og Urðarbraut í Smálöndum, brunavirðingar dags. 15.10.1943 og 3.10.1944.

hafa búið þarna á annað hundrað manns og var bæjarráði þá falið að láta gera akfæran veg að hverfinu.[132] Á níunda áratugnum var enn búið í fáeinum húsum í Smálöndunum en árunum 1993-1994 vék byggðin að mestum hluta þegar var gerð tenging milli Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar í gegnum svæðið, hér um bil þar sem Smálandabraut lá áður.[133] Hverfi iðnaðar- og atvinnuhúsnæðis norðan Bæjarháls hefur nú breitt sig til austurs á það svæði sem áður tilheyrði Smálöndunum.



**Mynd 35** Horft til suðvesturs yfir Smálöndin á ljósmynd frá um 1963-1970. Í forgrunni er hópur hestamanna við hitaveitustokkinn frá Reykjum.[134]

### 1.2.3.8 Árbæjarsafn

Á milli íbúðahverfisins í Ártúnsholti að norðan og Elliðaárdals að sunnan er svæði Árbæjarsafns. Um miðja 20. öld var gamla býlið, Árbær, sem lengi hafði verið áningarstaður fólks á leið til og frá Reykjavík, komið í eyði og bæjarhúsin illa farin vegna skemmdarverka og veðra. Um svipað leyti tóku æ fleiri bæjarbúar að leiða hugann að því með nokkurri eftirsjá að „hin gamla Reykjavík" væri að hverfa og myndi ekki koma aftur. Árið 1957 samþykkti bæjarráð að gamli Árbærinn skyldi endurbyggður og að á túni hans komið upp safni gamalla húsa sem hefðu menningarsögulegt gildi. Safnið var opnað strax þá um haustið. Fyrsta verkefni safnsins var að endurbyggja Árbæinn. Fyrsta húsið sem flutt var á safnsvæðið var Smiðshús eða Hansenshús sem kom þangað 1960. Ári síðar kom Dillonshús. Í dag eru yfir 20

---

[132] *Alþýðublaðið*, 16. september 1949, bls. 7 – *Morgunblaðið*, 16. september 1949, bls. 16.
[133] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*, fyrri hluti, bls. 227 – *Morgunblaðið*, 12. febrúar 1993, sérblað um fasteignir (B), bls. 16; 30. september 1993, bls. 52; 2. október 1994, bls. 9 – *Tíminn*, 1. október 1994, bls. 11.
[134] Ljósm. Sveinn Þormóðsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SVÞ 006 051 2-1.

hús á safnsvæðinu, sem flest hafa verið flutt úr miðbæ Reykjavíkur og þjóna því hlutverki að gefa hugmynd um byggingalist og lifnaðarhætti í Reykjavík fyrri tíma.[135]



**Mynd 36** Horft til norðvesturs yfir Ártúnsholt og safnsvæði Árbæjarsafns á loftmynd frá 1967. Gamli Suðurlandsvegur gengur austur yfir holtið norðan safnsvæðisins. Á safnsvæðið hafa verið flutt nokkur hús. Austan þeirra standa enn hús á Árbæjarblettum (nr. 29-35), þar sem nú eru skemmur og varðveisluhús safnsins og gatan Höfðabakki.[136]

Árið 1968 voru Árbæjarsafn og Minjasafn Reykjavíkur, sem áður var hluti af Skjala- og minjasafni Reykjavíkur sem stofnað var 1954, sameinuð undir nafni hins fyrrnefnda. Um árabil gegndi forstöðumaður Árbæjarsafns jafnframt embætti borgarminjavarðar. Árbæjarsafn er nú hluti af Borgarminjasafni sem stofnað var árið 2014.[137]

Þegar Árbæjarsafn var stofnað árið 1957 var það spölkorn fyrir utan meginbyggðina í Reykjavík en síðan hefur byggðin vaxið langt austur fyrir Elliðaár. Austan safnsvæðisins byggðist Árbæjarhverfi upp á sjöunda áratug aldarinnar og norðan þess reis íbúðahverfið í Ártúnsholti á níunda áratugnum. Vestan safnsvæðisins er enn óbyggt svæði og umhverfi Rafstöðvarinnar og til suðurs og suðvesturs nýtur safnið góðs af nálægðinni við útivistarsvæðið í Elliðaárdalnum.

---

[135] Helgi M. Sigurðsson: „Minjasafn Reykjavíkur". *Byggðasöfn á Íslandi*, bls. 97-101 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 128 – Vefur Borgarsögusafns. Vefslóð: http://borgarsogusafn.is → Árbæjarsafn → Um Árbæjarsafn. Sótt 8. júní 2017.
[136] Ljósm. Bragi Guðmundsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 Reykjavík loftmynd 1.
[137] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 128 – Vefur Borgarsögusafns. Vefslóð: http://borgarsogusafn.is → Árbæjarsafn → Um Árbæjarsafn. Sótt 8. júní 2017.



**Mynd 37** Gamli Árbærinn og safnhúsin í Árbæjarsafni á ljósmynd frá 1960-1970.[138]

### 1.2.3.9 Herskálahverfi og aðrar herminjar

Á stríðsárunum reistu hernámsliðin nokkur lítil braggahverfi austan Elliðaáa. Í landi Ártúns voru fimm herkampar reistir og stóðu þrír þeirra á því svæði sem borgarhlutinn Árbær nær til. Sunnan bæjarhóls Ártúns var *Camp Alabaster* sem var um tíma aðalbækistöð breska setuliðsins. Síðar tóku Bandaríkjamenn yfir herskálahverfið og nefndu það *Camp Pershing*. Í Ártúnsbrekku, norðan við bæjarhólinn, var *Camp Battle* og þar norðan við var *Camp Hickam* (sjá mynd 38). Einu ummerkin sem eftir eru um hernaðarmannvirki á svæðinu eru í Ártúnsbrekkunni, þar sem er dæld eftir sandpokavígi á einum stað og neðanjarðarbyrgi sem búið er að byrgja fyrir á öðrum stað. Þar er einnig að finna jarðhýsi sem reist voru sem kartöflugeymslur árið 1946 en við byggingu þeirra var nýtt efni úr geymslum sem setuliðið hafði látið reisa á Íslandi.[139]

Ofarlega í Elliðaárdal, þar sem nú er skeiðvöllur Hestamannafélagsins Fáks, var nokkuð stórt braggahverfi, *Camp Baldurshagi* (sjá mynd 38). Nafnið á kampinum er villandi vegna þess að hann er á allt öðrum stað en hinn upprunalegi Baldurshagi sem var við Suðurlandsveg (sjá að ofan). Í Camp Baldurshaga voru fyrst breskir hermenn en síðar landgönguliðar bandaríska sjóhersins. Þar má enn sjá braggagrunna upp með ánni. Eitt húsanna sem reist voru fyrir yfirmenn setuliðsins var síðar flutt í Seláshverfi og mun standa þar enn samkvæmt munnlegum heimildum, en líkt og víðar í borgarlandinu eru annars fá ummerki um mannvirki frá hernámsárunum á þessu svæði.[140]

---

[138] Ljósm.. Magnús Daníelsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAD S01 008 1-2.
[139] Árni Hjartarson og fleiri: *Elliðaárdalur. Land og saga*, Mál og mynd, Reykjavík, 1998, bls. 102-104 og 106 – „Jarðávaxtageymsla reist við Elliðaár." *Morgunblaðið*, 25. maí 1946, bls. 2.
[140] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 102-104 – Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 22-23.

Austan við Baldurshaga við Suðurlandsbraut (austan við núverandi bensínstöð Olís í Norðlingaholti) var braggahverfið *Camp Columbus Dump*, sem var birgðageymsla (260-163). Þar voru lengi sjáanlegir braggagrunnar.[141]

Á austurjaðri borgarhlutans, við Sandvík norðvestan Rauðavatns, er einnig að finna minjar frá hertíma en þar var *Camp Buller*, höfuðstöðvar strandvarna eða loftvarnastórskotaliðs.[142] Á staðnum eru steyptar undirstöður bragga (260-105 og 107) auk bryggju (260-106), en Rauðavatn var töluvert stærra á hernámsárunum en nú. Sunnar, við lítinn tanga austan við Rauðavatn, er að finna hringlaga tóft (260-106), hugsanlega stríðsminjar.




**Mynd 38** Herskálahverfi í nágrenni Ártúns og í Elliðaárdal.[143]

---

[141] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125 - Loftmynd af Reykjavík 1965 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1965. Sótt 10.6.2017.

[142] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.

[143] Hér tekið eftir: Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 103.

## 1.2.4 Skipulag hverfishluta í borgarhluta 7

Við gerð heildarskipulags fyrir Reykjavík árið 1957 var orðið ljóst að hin sívaxandi byggð í borginni kæmist ekki öll fyrir á nesinu vestan við Elliðaár, og stefnt var að því að taka landsvæði austan ánna í byggingu. Árið 1962 var fyrsta Aðalskipulag Reykjavíkur samþykkt í borgarráði. Danskur prófessor, Peter Bredsdorff að nafni, var fenginn til þess að leiða skipulagsvinnuna. Reiknað var með að skipulagið yrði í gildi til ársins 1983 og þar var fyrsta sinn gert ráð fyrir nýjum byggðarkjörnum austan við Elliðaár.[144]




**Mynd 39** Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983. Það var í fyrsta sinn gert ráð fyrir nýjum byggðakjörnum austan Elliðaáa.[145]

### 1.2.4.1 Árbæjarhverfi

Fyrsta hverfið sem var skipulagt eftir hinu nýja skipulagi var Árbæjarhverfi. Hverfinu var fundinn staður í austanverðu holtinu sem lá að Elliðaám og var það að mestu fullbyggt árið 1966. Deiliskipulag Árbæjarhverfis var unnið af Reyni Vilhjálmssyni landslagsarkitekt og Stefáni Jónssyni arkitekt og samþykkt á árunum 1965-1966 (sjá mynd 42).[146] Um mitt hverfið lá gamli Suðurlandsvegurinn en lagður var nýr vegur norðan megin við hverfið árið 1967 sem tók við hlutverki hans og var nefndur Bæjarháls. Gamli Suðurlandsvegurinn fékk hinsvegar nafnið Rofabær og götuheiti í hinu nýja hverfi fengu endinguna „-bær“.

---

[144] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*.
[145] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*.
[146] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Árbær - Selás. Skipulagsuppdráttur“. Sþ. 25.10.1966. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Árbær“. Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.



**Mynd 40** Séð yfir Árbæjarhverfi nýbyggt árið 1968, blokkir við Hraunbæ og íbúðarhús sunnan Rofabæjar (gamla Suðurlandsvegar). Vinstra megin er nýr vegur sem leysti gamla Suðurlandsveg af hólmi (núverandi Bæjarháls). Vinstra megin við hann eru kaffibrennsla O. Johnson & Kaaber og þvottahús ríkisspítalanna.[147]

Samkvæmt skipulaginu skiptist hið nýja hverfi í þrennt. Norðvestan megin við Rofabæ reis svonefnt garðhúsahverfi þar sem „L-laga“ parhús og raðhús standa í reglulegum þyrpingum og hverju húsi fylgir lokaður garður . Austan við garðhúsahverfið reis fjölbýlishúsahverfi sem samanstendur af þriggja hæða fjölbýlishúsum eða blokkum. Stærstur hluti þeirra liggur við götuna Hraunbæ, sem var þá og er enn fjölmennasta gata Íslands. Fyrir sunnan Rofabæ reis hinsvegar einbýlishúsahverfi. Um er að ræða átta botnlangagötur sem liggja að Elliðaánum út frá Rofabæ og byggir lega gatna og skipting lóða í hverfinu á skipulagi sumarhúsa- og erfðafestureita sem áður voru á þessum stað og kölluðust Árbæjarblettir. Aðskilnaður gangandi og akandi umferðar var grundvallaratriði í nýja skipulaginu.[148] Í miðju hverfinu var svo komið upp verslunum og þjónustuhúsnæði, svo sem kirkju og skóla.

[147] Ljósm. Bragi Guðmundsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 Reykjavík loftmynd 21.
[148] *Vísir*, 24. maí 1967, bls.1 og 10.



**Mynd 41** Uppdráttur Reynis Vilhjálmssonar og Stefáns Jónssonar að deiliskipulagi Árbæjarhverfis frá 1965.[149]



**Mynd 42** Annar af tveimur uppdráttum Reynis Vilhjálmssonar landslagsarkitekts frá árinu 1977 að skipulagi raðhúsahverfis í Selási.[150]

### 1.2.4.2 Seláshverfi

Hugmyndir um skipulag Seláshverfis voru kynntar árið 1970. Höfundar þess voru arkitektarnir Guðrún Jónsdóttir, Knútur Jeppesen, Stefán Jónsson og Reynir Vilhjálmsson. Hverfið var frá upphafi hugsað sem íbúðabyggð í framhaldi af Árbæjarhverfi, en þá var þegar risin dreifð byggð sumar- og heilsárshúsa á svæðinu. Skipulag Seláshverfis réðist að miklu leyti af landslaginu. Svæðinu hallar til suðvesturs niður að Elliðaárdal og lögð var áhersla á að veita öllum íbúum aðgang að útsýni, birtu og útivistarsvæðum í þá átt.[151] Yfirgnæfandi

[149] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Árbær - Selás. Skipulagsuppdráttur". Sþ. 25.10.1966. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Árbær". Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.

[150] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Árbær - Selás". Sþ. 2. ágúst 1977. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Selás". Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.

[151] *Morgunblaðið*, 2. apríl 1970, bls. 10.

meirihluti íbúðarhúsnæðis í hverfinu samanstendur af allstórum einbýlishúsum og raðhúsum en við hönnun húsagerða í hverfinu veltu arkitektarnir mikið fyrir sér fjárhagslegu bolmagni einstaklinga og þörfum og möguleikum á að gera fjölbreyttari og sveigjanlegri hús sem þjónað gætu eigendum á ólíkum tímabilum í lífi þeirra.[152] Upphaflega hafði staðið til að hefja framkvæmdir í Seláshverfi í beinu framhaldi af skipulagsvinnunni en tafir urðu á þeim framkvæmdum vegna eignaréttar á húsunum sem þar voru fyrir. Framkvæmdir við uppbyggingu Seláshverfis hófust því ekki fyrr en í lok áttunda áratugarins og byggðu þá á tveimur uppdráttum Reynis Vilhjálmssonar að skipulagi raðhúsabyggða í Selási (sjá mynd 43).[153] Með skipulagi Seláshverfis varð Árbæjarhverfið einnig endanlega frágengið og það varð að þeirri bæjareiningu sem upphaflega hafði verið ráðgerð.



**Mynd 43** Uppdráttur að skipulagi Suður-Seláss frá 1982 eftir Hrafnkel Thorlacius og Auði Sveinsdóttur.[154]

Hverfið Suður-Selás var skipulagt sunnan við upprunalega hverfið árið 1982 af Hrafnkeli Thorlacius arkitekt og Auði Sveinsdóttur landslagsarkitekt (sjá mynd 43).[155] Suður-

---

[152] *Morgunblaðið*, 2. apríl 1970, bls. 10-11

[153] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Árbær - Selás". Sþ. 2. ágúst 1977. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Selás". Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.

[154] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Skipulag í Suður-Selási". Sþ. 1. mars 1983. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Selás". Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.

[155] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Skipulag í Suður-Selási". Sþ. 1. mars 1983. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Selás". Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.

Selás er blandað íbúðahverfi, en þar er mest um einbýlishús og stærri fjölbýlishús. Árið 1983 var hverfið Norður-Selás, austan við Selásbraut, skipulagt af Stefáni Jónssyni arkitekt og Reyni Vilhjálmssyni landslagsarkitekt.[156] Í hverfinu eru raðhús meðfram Selásbraut, en innan við þau eru lítil fjölbýlishús á tveimur hæðum.

Í krikanum sunnan Árbæjarhverfis og vestan við Selásinn, við Elliðaár, fékk íþróttafélag hverfisins, Fylkir, aðstöðu fyrir húsnæði og æfingasvæði formlega afhenta frá Reykjavíkurborg árið 1982.[157] Við hlið Fylkissvæðisins er Árbæjarlaug, sem teiknuð var af Úti og inni arkitektum og tekin í notkun árið 1994.

### 1.2.4.3 Ártúnsholt

Tillaga að heildarskipulagi Reykjavíkur frá 1957 gerði ráð fyrir íbúðarbyggð í Ártúnsbrekku fyrir ofan Rafstöðina. Þar var þegar risinn lítill íbúðarkjarni út frá Ártúnsblettum, erfðafestulöndum sem bærinn leigði út til ræktunar, en þar sem smám saman risu hús sem búið var í allt árið. Þar að auki stóðu á svæðinu veglegir heilsársbústaðir sem byggðir voru fyrir starfsmenn Rafstöðvarinnar.[158]



**Mynd 44** Uppdráttur að skipulagi Ártúnsholts frá 1982 eftir Knút Jeppesen arkitekt o.fl.[159]

---

[156] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Norður-Selás". Sþ. 6. desember 1983. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Selás". Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.
[157] Vefur Fylkis. Vefslóð: http://www.fylkir.com → Félagið → Saga félagsins. Sótt 29. maí 2015.
[158] Deiliskipulag svæðisins var endurskoðað árið 1994 í tengslum við sölu nokkurra íbúðarhúsa Rafmagnsveitunnar. Sjá Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Íbúðarsvæði við Rafstöðvarveg". Sþ. 6. febrúar 1996. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Rafstöðvarvegur". Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.
[159] Sjá Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Deiliskipulag í Ártúnsholti". Sþ. 3. desember 1982. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Ártúnsholt". Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.

Við endurskoðun Aðalskipulags Reykjavíkur í kringum 1980, var Ártúnsholt eitt af þeim svæðum sem horft var til vegna átaks um þéttingu byggðar í Reykjavík, sem þá stóð yfir. Deiliskipulag fyrir Ártúnsholt var samþykkt árið 1982 og gert var ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð í hverfinu (sjá mynd 45). Höfundur skipulagsins var Knútur Jeppesen arkitekt, í samstarfi við arkitektana Eyjólf Bragason, Guðmund Gunnarsson, Helgu Gunnarsdóttur og Hildigunni Haraldsdóttur.[160] Uppbygging hófst strax í kjölfar skipulagsvinnunnar og megnið af byggðinni reis á árunum 1982-1992. Við Stangarhyl, austast í hverfinu, er iðnaðar- og atvinnuhverfi, byggt á árunum 1988-1995. Á milli íbúðahverfisins í Ártúnsholti að norðan, og Elliðaárdals að sunnan, er svæði Árbæjarsafns. Árbær var rótgróin bújörð allt fram á 20. öld, en safnið var opnað þar árið 1957. Safnsvæðið var deiliskipulagt og skipulagið samþykkt árið 1989.[161]

#### 1.2.4.4 Norðlingaholt

Árið 1981 samþykkti borgarstjórnarmeirihluti vinstri flokkanna í borgarstjórn, Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Framsóknarflokks, að byggja á svonefndu Rauðavatnssvæði.[162] Í borgarstjórnarkosningunum 1982 urðu deilur um hvort óhætt yrði að byggja á umræddu svæði vegna misgengis og hættunnar á jarðhræringum. Með sigri Sjálfstæðisflokksins í kosningunum var fallið frá hugmyndum um uppbyggingu á svæðinu, enda flokkurinn hlynntari uppbyggingu til norðausturs, í Grafarvogshverfunum.[163] Undir stjórn Reykjavíkurlistans var á ný ákveðið að skipuleggja blandaða íbúðabyggð við Rauðavatn í kringum aldamótin 2000. Teiknistofan arkitektar, T.ark., teiknaði skipulag Norðlingaholtshverfis, sem samþykkt var árið 2003.[164]

#### 1.2.4.5 Hálsar

Fyrir norðan Bæjarháls byggðist upp iðnaðarhverfi þar sem götunöfnin enda á *-háls*. Hverfið var hugsað fyrir atvinnu- og iðnaðarstarfsemi. Það var upphaflega skipulagt árið 1963 af Reyni Vilhjálmssyni og Stefáni Jónssyni arkitektum, ásamt Bárði Daníelssyni arkitekt og verkfræðingi.[165] Á áttunda og níunda áratug 20. aldar risu þar fjölmargar verksmiðjur og húsnæði undir aðra iðnaðarstarfsemi, auk skrifstofuhúsnæðis í stórum stíl.

---

[160] Sjá Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Deiliskipulag í Ártúnsholti“. Sþ. 3. desember 1982. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Ártúnsholt“. Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.

[161] Sjá Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Árbæjarsafn, skipulag“. Sþ. 23. maí 1989. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Árbæjarsafn“. Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.

[162] Egill Þórarinsson: „Þétting byggðar í Reykjavík á skipulagstímabilinu 2001-2024“, bls. 30-31.

[163] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*, fyrri hluti, bls. 273-277.

[164] Sjá Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir: „Norðlingaholt. Deiliskipulag“. Sþ. 11. apríl 2003. Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: „Norðlingaholt“. Sótt 29. maí 2015. Sjá einnig Skipulagssjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.

[165] *Morgunblaðið,* 17. ágúst 1963, bls. 24.

### 1.2.4.6 Víðidalur

Hestamannafélagið Fákur sótti um og fékk aðstöðu á Víðivöllum við Elliðaár, suðvestan Seláss, árið 1965 og hefur þar átt athvarf síðan. Svæðið var upphaflega skipulagt af Reyni Vilhjálmssyni landslagsarkitekt og Þorvaldi Kristmundssyni arkitekt, árið 1965.[166]




**Mynd 45** Borgarhlutinn á korti frá 1971. Árbæjarhverfi er risið, en ekki skipulögð byggð í Ártúnsholti eða Selási.[167]

---

[166] Vefur Fáks. Vefslóð: http://fakur.is → Saga Fáks. Sótt 29. maí 2015.

[167] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi 1971 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: 1971. Sótt 09.10.2015.

# 2. Skráning menningarminja í borgarhluta 7 – Árbæ

## 2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi. Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[168]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi,

[168] Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

> ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
>
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b**. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> **f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> **i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingaarfs þjóðarinnar:

**a.** stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
**b**. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
**c**. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru <u>öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð</u>:

> Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

> Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## 2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

### 2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2013) eru um 2100 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi hlaupandi tölu innan jarðarnúmersins. Á því rannsóknarsvæði sem hér um ræðir eru skráðar minjar í landi jarðanna Ártúns (181182-236), Árbæjar (181181-262) og Grafar (181190-280)

Við skráningu menningarminja er sögu jarðanna gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við skráningu minja í **Árbæ** var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem vettvangsskoðun fór fram. Eldri minjastaðir kunna að hafa raskast eða jafnvel eyðst vegna framkvæmda. Enn geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að sýna aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsuppdrætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar.[169] Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks |
|---|---|---|
| **1** | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | Rauður |
| **2** | Minjar frá 1918-1930 | Gulur |
| **3** | Minjar frá 1930 og yngri | Grænn |
| **4** | Herminjar frá 1940 og yngri | Blár |

**Tafla 1** Minjaflokkar.

[169] Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/.

### 2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskráin byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar Reykjavíkur, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum í borginni.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Ennfremur má sjá í veðmálabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og sölum í Reykjavík í aldanna rás.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sögu sem skráð er af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

## 2.3 Árbær – Fornleifaskráning og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

Minjar á þessu svæði tilheyra jörðunum Bústöðum (181167 - 232), Ártúni (181182 - 263), Árbæ (181181 - 262) og Gröf (181190 - 260). Á rannsóknarsvæðinu eru um 112 minjastaðir skráðir og eru þeir flokkaðir í þrjá hópa eftir aldri auk þess sem herminjar eru í sérstökum flokki (sjá töflu 2).

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| **1** | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | Rauður | 61 |
| **2** | Minjar frá 1918-1930 | Gulur | 11 |
| **3** | Minjar frá 1930 og yngri | Grænn | 30 |
| **4** | Herminjar frá 1940 og yngri | Blár | 10 |
| | | **Samtals** | **112** |

**Tafla 2** Skráðar minjar í borgarhluta 7 - Árbæ.

Allar minjar eru staðsettar á korti, sjá myndir 46-49.




**Mynd 46** Kortið sýnir dreifingu skráðra minja á vesturhluta svæðis í borgarhluta 7.[170]

[170] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.




**Mynd 47** Kortið sýnir dreifingu minja í nágrenni Árbæjar í borgarhluta 7.[171]

[171] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.




**Mynd 48** Kortið sýnir dreifingu minja í nágrenni Seláss í borgarhluta 7.[172]

172 Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.




**Mynd 49** Kortið sýnir dreifingu minja í nágrenni Norðlingaholts í borgarhluta 7.[173]

---

[173] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

## 2.3.1 Fornleifar í borgarhluta 7

### 2.3.1.1 Fornleifar í landi Bústaða

#### Bústaðir 181167-232-23

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-23** | Elliðaárbrú | Brú | Brú | 1883 | 361534 | 405377 | 10 | 4 | Gott | Nei |

**Staðhættir**: Vegir og önnur samgöngumannvirki milli Reykjavíkur og nágrannabyggða voru mjög frumstæð fram undir lok 19. aldar. Fyrstu brýrnar yfir Elliðaárnar voru byggðar árið 1883. Vestari brúin er nokkru ofar í dalnum en sú eystri. Því kom hlykkur á veginn milli brúnna (sjá mynd 14). Á árunum 1919-1920 voru byggðar nýjar brýr yfir Elliðaárnar og var þá brúin yfir vestari kvíslina byggð á móts við eystri brúna og eftir það var hægt að aka beint yfir báðar brýrnar niður við *Árkjaftana*.[174] Gamla brúin yfir vestari kvíslina er enn í notkun en farið er yfir hana þegar ekið er að veiðihúsi í Árhólmanum.
**Lýsing:** Brúastöplarnir voru hlaðnir úr tilhöggnu grágrýti, 8-10 raðir og á milli þeirra hvíldu tveir burðbitar. Gólfið lá svo ofan á bitunum og handrið úr tré fest utan á bitana. Nú er búið er að endurnýja brúna, steypa ofan á gömlu hleðslurnar og setja nýtt handrið úr járni.



**Mynd 50** Brúin yfir vestari kvíslina um 1910. Í baksýn er Búrfoss. Brúargólf og handrið úr timbri.[175]

[174] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Klepps (181166-231-2).
[175] Ljósmyndari Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 216.



**Mynd 51** Elliðaárbúin yfir vestari kvíslina árið 2016.[176]

## Bústaðir 181167-232-38

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-38** | Álftnesingavað | Vað | Vað | 1000-1883 | 361576 | 404661 | 10 | | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Álftnesingavað var þekkt á 19. öld og kemur staðsetning þess fram í landamerkjalýsingu fyrir Breiðholt frá árinu 1890.[177] Þar kemur fram að landamerki á móti Bústöðum séu við Blesugróf við *Álftnesingavað*, en þá náði nafnið *Blesugróf* yfir lækjargil í malarkambinum vestan við Arnarfoss, samanber kort eftir Sigurð málara frá árinu 1869, sjá mynd 53.
**Lýsing:** Greinilegt vað er á ánni á þessum stað og er nú búið að brúa ána rétt fyrir neðan vaðið.



**Mynd 52** Álftnesingavað (232-38) við Blesugróf, horft í norður.

---

176 Ljósmyndari Ingibjörg Áskelsdóttir. Borgarsögusafn 2017.
177 Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn: Örnefnalýsing Breiðholts (181154-218-1).




**Mynd 53** Hluti úr korti Sigurðar málara frá árinu 1874. Blesugróf var gilið í malarkambinum vestan við Arnarfoss.[178]

## Bústaðir 181167-232-40

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-40** | Hólmstá | Stekkur | Hleðsla | 1750-1900 | 362432 | 404539 | 9 | 9 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir**: Ofarlega í Hólmstá, um 20 m norðan við Kermóafoss.
**Lýsing:** Stekkurinn er byggður utan í stóran stein. Hann hefur verið hlaðinn úr grjóti en nú eru bara eftir stærstu steinarnir sem mynda umgjörðina. Hleðslan er úr stórum grágrýtissteinum, 40-50 cm á lengd.



**Mynd 54** Stekkur í Hólmstá, horft í vestur.

[178] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 80.

## Bústaðir 181167-232-41

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-41** | Hólmstá | Rúst | Rúst | 1750-1901 | 362433 | 404550 | 4 | 3 | Gott | Nei |

**Staðhættir**: Ofarlega í Hólmstá, um 20 m norðan við Kermóafoss.
**Lýsing**: Grjóthlaðin rúst sem hefur fallið inn, hlaðin úr helluhrauni, 20-40 cm á lengd.



**Mynd 55** Í Hólmstá eru leifar af grjóthlöðnu húsi (232-41). Horft í norður.

## Bústaðir 181167-232-42

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-42** | Arnesar-hellir | Hellir, bústaður | Hellir | 1750-1902 | | | 10 | 2 | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Hellir ofarlega í Hólmstá, talinn vera Arnesarhellir. Arnes Pálsson var útilegumaður og eru til margar sögur af honum. Talið er að hann hafi dvalið þarna um 1790.[179]
**Lýsing:** Hellirinn fannst ekki við fyrstu leit, en honum er lýst á heimasíðu Ferlis.[180] Skoða þarf þennan stað og sögu betur. Staðsetning ekki nákvæm.

---

[179] „Arnes útilegumaður“. *Huld. Safn alþýðlegra fræða íslenzkra* I, bls. 31-37
[180] Vefur Ferlis: áhugafólks um Suðurnesin. Vefslóð: http://www.ferlir.is/ → Skrár → Lýsingar Arnes Pálsson og Arnesarhellir í Elliðaárdal. Sótt 17.7.2017.

## Bústaðir 181167-232-74

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-74** | Laxakistur | Laxakistur | Heimild | 1853-90 | 361650 | 405204 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á seinni hluta 19. aldar urðu miklar deilur og málaferli vegna veiðiréttinda í Elliðaánum, svokölluð Elliðaármál. Ditlev Thomsen kaupmaður og seinna sonur hans H. Th. A. Thomsen voru þá eigendur jarðanna Bústaða og Ártúns og um leið veiðiréttinda í Elliðaánum frá fossinum Skorarhyl eða Stórahyl á mörkum Ártúns og Árbæjar til sjávar. Þeir viðhöfðu þá veiðiaðferð að girða þvert yfir báðar kvíslarnar niður undir ósum og koma þar fyrir trékistum sem laxarnir stukku inn í á leið sinni á hrygningarstöðvarnar. Þessi aðferð varð til þess að sáralítið veiddist af laxi ofan við veiðimörk þeirra og skapaði óvinsældir meðal þeirra sem áttu lönd eða bjuggu ofar með ánni. Þvergirðingar og laxakistur voru bæði í vestari og austari ánni. Á korti Benedikts Gröndal frá 1880 yfir Elliðaárnar eru þvergirðingar merktar inn fyrir norðan þjóðleiðina sem lá yfir Árhólmann. Miðað við landslagið nú hafa þær verið fyrir sunnan hitaveitustokkinn sem liggur yfir Árhólmana.
**Lýsing**: Engin merki er lengur að sjá um þvergirðingar og kistur.



**Mynd 56** Þvergirðingar og laxakistur eru merktar inn á kort frá 1880.[181]

[181] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

## Bústaðir 181167-232-75

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-75** | Drekkjarhylur í Elliðaám | Aftökustaður | Hylur | 1696 | 361471 | 405162 | 18 | 17 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Í Elliðaánum vestanverðum er svonefndur Drekkjarhylur í Árhólmum. Áður en árnar voru stíflaðar runnu þær víðar um hólmann og má greina í dag þurra farvegi um hann á mörgum stöðum. Áður rann einn lækur þarna um og steyptist vatnið niður í hylinn og myndaði *Skötufoss*, en hann sést ekki lengur þar sem vatninu er aðallega veitt í eystri ána.

Í Setbergsannál segir árið 1696: „-Það barn dautt, sem útborið fannst hjá Ingunnarstöðum í Brynjudal á fyrirfarandi sumri, meðgekk vinnukona það að átt og út borið hefði, en litlu fyrir alþingi átti hún annað barn, að hverju hún lýsti föður þann sama unga mann sem hitt fyrra útborna barnið með henni átti. Lá hún á sæng um alþingistímann. Um það mál þingaði síðar lögmaður hennar Sigurður Björnsson, á Kópavogi, hvar hún var dæmd og réttuð í Elliðaám“.[182]

Af Vallarannál má ráða að fyrir 1704 hafi sekum konum, sem væntanlega hlutu dóma sína á Kópavogsþingstað, ávallt verið drekkt í „Elliðaá syðri“, en 1704 var hins vegar brugðið á það ráð að drekkja konum í Kópavogslæknum nálægt þingstaðnum í Kópavogi. [183]

Ekki er ólíklegt að Drekkjarhylur hafi verið notaður til drekkinga á sínum tíma. Ekki er vitað hvaðan örnefnið er komið, en hylurinn er ekki langt frá hinni fornu leið sem lá yfir Árhólmana milli Bústaða og Ártúns.

**Lýsing:** Drekkjarhylur er undir hraunbrúninni, um 18 m í þvermál. Þegar meira vatn var í vestari ánni féll Skötufoss í hylinn fram af brúninni.



**Mynd 57** Drekkjarhylur í Árhólmum.

[182] Páll Sigurðsson: „Aftökustaðir í landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna“. *Fræðslurit Ferðafélags Íslands* 9, bls. 35-36.
[183] Páll Sigurðsson: „Aftökustaðir í landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna“. *Fræðslurit Ferðafélags Íslands* 9, bls. 35-36.

## Bústaðir 181167-232-77

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-77** | Bústaðavegur hinn forni | Þjóðvegur | vegur | 900-1883- | 360795 | 405126 | 300 | 4 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir**: Þjóðvegur til og frá Reykjavík er merktur inn á korti eftir Benedikt Gröndal frá 1880. Kortið sýnir Elliðaárnar frá upptökum til árósa. Leiðin lá fyrir norðan Bústaði, yfir Árhólmana sunnan við Búrfoss og Innréttingarhúsin og að Ártúnsvaði og sunnan við túngarðinn í Ártúni og upp Reiðskarðið.[184]

**Lýsing:** Í Árhólmanum er hægt að sjá legu þessarar gömlu leiðar. Búið er að bera möl ofan í um 180 m en 90 m eru grasi grónir.




**Mynd 58** Þjóðleiðin í gegnum Árhólmana (232-77), sýnd með rauðri línu.[185]

[184] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

[185] Loftljósmynd frá árinu 2016 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Merkingar og kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.




**Mynd 59** Kortið sýnir gömlu þjóðleiðina yfir Bústaðaholtið og Árhólmana árið 1880.[186]



**Mynd 60** Gamla þjóðleiðin lá yfir vestari ána á vaði og áfram í gegnum Árhólmann. Horft í austur.

---

[186] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

## Bústaðir 181167-232-78

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-78** | Litunarhús | Rúst | Tóft + Gerði | 1750-52 | 361601 | 405080 | 3 | 3 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir**: Rústin er talin hafa staðið um 35 m vestan við eystri kvísl Elliðaánna, vestur af Toppstöðinni, í mýrarfláka á milli árkvísla. Ekki er óhugsandi að hér sé komið litunarhús Innréttinganna en þessar minjar voru áður taldar leifar þófaramyllu.
**Lýsing:** Rústin er 3 x 3 m að stærð (NA-SA). Veggir eru úr torfi og grjóti, um 1 m breiðir og 0,3-0,4 m háir. Líklega hafa verið dyr í NV. Þrír stórir steinar lágu áður við NA-vegg að innanverðu og við SA-vegg. Rústin er nú vaxin víðirunnum. Út úr NA-horni rústarinnar liggur: **garður 1**, um 4 m langur og stefnir NA-SV, um 1,0-1,5 m breiður og 0,4 m hár. Rof er í garðinum um 1,5 m frá rústinni á um 0,7 m kafla. Um 1,0 m SA af rústinni er **garður 2**, um 10 m langur og stefnir NA-SV, um 1,5 m breiður og 0,2-0,4 m hár. Við SV- horn rústarinnar er **garður 3**, um 13 m á lengd og stefnir NA-SV, 1,5-2,0 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. NA-endi allra garðanna er á svipuðum stað, en þó er 1,5 m á milli þeirra.[187] Fornleifarnar fundust ekki við leit árið 2017. Ekki nákvæmlega staðsett í LUKR.




**Mynd 61** Teikning af litunarhúsi Innréttinganna í Árhólmanum.[188]

## Bústaðir 181167-232-79

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-79** | Innréttingaminjar | Rúst | Tóft | 1750-52 | 361620 | 405039 | 5 | 3,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir**: Þessi rúst er í Árhólmum vestan við Toppstöðina, um 4 m frá grasi vöxnum bakka eystri kvíslarinnar og um 20 m fyrir sunnan trébrú sem liggur yfir litla lækjarsprænu.
**Lýsing**: Rústin er eitt hólf, um 5 x 3,5 m að stærð og snýr í NA-SV. Veggir eru úr torfi og grjóti, 1 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Dyr eru á NV-langvegg, nærri NA-gafli. Nokkuð var af grjóti í gólfi, sem sést ekki í dag. Austurhorn rústarinnar er nokkuð laskað.[189]

[187] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 108.
[188] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 108.
[189] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur,* bls. 109.




**Mynd 62** Rúst 323-79 á vestari árbakkanum.[190]



**Mynd 63** Rúst 323- 79 á vestari árbakkanum. Horft í norðaustur að Toppstöðinni.

## Bústaðir 181167-232-141

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-141** | Þófaramylla | Þófaramylla | Tóft + Gerði | 1750-52 | 361585 | 405055 | 18 | | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir**: Rúst í Árhólmanum, um 35 m frá árbakka eystri kvíslarinnar og um 20 m vestan við göngubrú sem er yfir lækjarkvísl sem rennur í ána. Grasi vaxinn árbakki, um 90 m frá SV-horni á Toppstöðinni.
**Lýsing**: Rúst þófaramyllu er um 10 m í þvermál. Ekki sér móta fyrir neinum veggjum eða veggjabrotum. Rústin er gróin. Norðaustan megin við rústina og vestan megin eru rennur sem nú eru að hluta uppþornaðar en þar er vatn þegar mikið er í ánum. Skammt frá NV-horni rústarinnar mætast rennurnar og gengur ein kvísl þaðan í ANA út í Elliðaárnar. Við NV-horn

[190] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 109.

rústarinnar er garður um 32 m á lengd og stefnir í VNV-ASA, 0,3-0,5 m á hæð og 2 m á breidd. Garðurinn er rofinn á nokkrum stöðum á austurhluta, við vesturendann, í dálitlum hól.[191] Ekki var fært að þessari rúst árið 2017 vegna vatns.



**Mynd 64** Mynd af rúst sem gæti verði þófaramyllan. Horft í vestur.



**Mynd 65** Þófaramyllan í Elliðaárdal á teikningu frá 1789. Í baksýn má sjá Elliðaárnar og Vífilsfell.[192]

---

[191] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur,* bls. 172.

[192] Hér tekið eftir: Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 79.

### Bústaðir 181167-232-154

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-154** | | Rúst | Tóft | 1750-52 | 361616 | 405045 | 5 | 3,5 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir**: Rúst í Árhólmanum, á árbakka eystri kvíslarinnar og um 11 m norðaustan við göngubrú sem er yfir lækjarkvísl sem rennur í ána. Árbakkinn er grasi vaxinn. Um 50 m vestur frá Toppstöðinni.

**Lýsing:** Rústin er 5 x 3,5 m að stærð og snýr í NA-SV. Veggir eru úr grjóti og torfi, 0,5-1,0 m á breidd og 0,2-0,4 m háir. Nokkuð ber á stærri steinum við N-langhliðina. Rústin skiptist í tvö hólf (A-B) og virðast dyr vera á báðum hólfum í NV. [193] Rústin fannst ekki árið 2017. Ekki nákvæmlega staðsett í LUKR.



**Mynd 66** Rúst 232-155 sem er á bakka eystri kvíslarinnar.

## 2.3.1.2 Fornleifar í landi Ártúns

### Ártún 181182-263-1

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-1** | Ártún | Bústaður | Bæjarhóll | 1379 | 361862 | 405019 | 60 | 60 | Ómetið | Nei |

**Staðhættir**: Bæjarhóllinn er um 70-80 m norðaustur frá Rafstöðvarvegi 9 þar sem áður var Minjasafn Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Á hólnum er timburhús byggt 1910 sem er gamli bærinn auk húss sem tilheyrir skíðalyftu.

**Lýsing:** Hóllinn er um 60 m í þvermál og má ætla að í honum leynist fornleifar allt frá 10.-11. öld.

---

[193]Borgarsögusafn: Fornleifaskrá Reykjavíkur í FileMaker-grunni. Óútg. gögn. Skráning nr. 154 (Bjarni F. Einarsson). Ekki er öruggt að um rétta staðsetningu sé að ræða.




**Mynd 67** Túnakort fyrir Ártún frá árinu 1916.[194]




**Mynd 68** Bæjarhóll Ártúns, horft í norður.

[194] Þjóðskjalasafn: Ártún. Túnakort 1916.

## Ártún 181182-263-2

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-2** | Ártún | Útihús | Heimild | 1900 | 361864 | 405008 | 7,5 | 7,5 | Ómetið | Nei |

**Staðhættir**: Sunnan megin við íbúðarhúsið voru útihús samkvæmt túnakorti Ártúns frá árinu 1916.[195]
**Lýsing**: Tveggja bursta torfhús, 7,5 x 7,5 m að stærð, með standþili í vestur. Húsin sjálf eru horfin, en ummerki um þau kunna að finnast í jörðu. Nýlega er búið að helluleggja svæðið þar sem húsin stóðu.






**Mynd 69** Sunnan við íbúðarhúsið var útihús.[196]

## Ártún 181182-263-3

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-3** | Ártún | Fjárhús, Fjós, Hlaða | Hús | 1900 1947 | 361874 | 405020 | 11 | 10 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Austan megin við íbúðarhúsið voru útihús samkvæmt túnakorti Ártúns frá árinu 1916.[197]
**Lýsing:** Þriggja bursta torfhús, um 10 x 11 m að stærð, með standþili. Húsin snéru í N-S. Þessi torfhús hafa staðið þar til að reist voru ný hús á sama stað árið 1929. Samkvæmt brunavirðingu frá þeim tíma eru þarna þrjú hús, fjós næst íbúðarhúsinu, hlaða í miðjubyggingunni og fjárhúsið fjærst, öll byggð úr bindingi. Hús þessi standa væntanlega enn endurbætt.[198] Búast má við að finna ummerki um gömlu gripahúsin undir þessum húsum.

[195] Þjóðskjalasafn: Ártún. Túnakort 1916.
[196] Þjóðskjalasafn: Ártún. Túnakort 1916.
[197] Þjóðskjalasafn: Ártún. Túnakort 1916.
[198] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Umhverfi Rafstöðvar og Ártúns. Húsakönnun* [án bls.tals].






**Mynd 70** Úthús (263-4) voru austan við bæinn. Byggð voru ný hús á sama stað árið 1929.[199]

## Ártún 181182-263-4

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-4** | | Kálgarður | Heimild | 1900 | 361861 | 405057 | 40 | 22 | Ómetið | Að mestu |

**Staðhættir:** Kálgarðar Ártúns voru tveir árið 1916, til samans um 1600 $m^2$ og svipaðir að stærð. Norðan við íbúðahús Ártúns var annar af tveimur kálgörðum sem merktir eru inn á túnakort af Ártúni frá 1916.[200]

**Lýsing:** Kálgarðurinn var 40 x 22 m að stærð. Útlínur hans eru ekki lengur greinilegar.




**Mynd 71** Kálgarður Ártúns (263-4) var norðan við bæinn.

## Ártún 181182-263-5

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-5** | | Kálgarður | Hleðsla | 1900 | 362015 | 404998 | 40 | 20 | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Annar af tveimur kálgörðum Ártúns árið 1916 var um 150 m austur af íbúðarhúsinu. Leifar af hleðslu þessa garðs er að sjá rétt vestan við Rafstöðvarveg 17 en garðurinn var innan og utan lóðar þar.

[199] Þjóðskjalasafn: Ártún. Túnakort 1916.
[200] Þjóðskjalasafn: Ártún. Túnakort 1916.

**Lýsing:** Kálgarðurinn var 50 x 21 m að stærð og hlaðinn á tvær hliðar. Eystri kantur hleðslunnar er enn greinanlegur við lóðamörk að utan.




**Mynd 72** Annar af tveimur kálgörðum Ártúns (263-5) var um 150 m suðaustan við bæjarhúsin.[201]

## Ártún 181182-263-6

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-6** | Ártún | Traðir | Vegur | 1900 | 361849 | 405130 | 200 | 4 | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Tröðin liggur vestan við bæinn. Hún náði frá suðurgafli Rafstöðvarvegar 9 norður um 200 m.[202]
**Lýsing**: Syðsti hluti traðarinnar er núverandi vegur heim að Ártúni og er búið að bera ofan í hann. Nyrðri hluti traðarinnar er óraskaður, grasi gróinn og sést greinilega. Á kafla er tröðin allt að 1 m djúp og 4 m breið. Þar sem tröðin endar, um 150 m frá íbúðarhúsinu, tekur við vegur í norður upp á melana. Þessi leið hefur legið að eystri Elliðaárbrúnni (sjá mynd 24).[203] Við endar traðarinnar liggur annar slóði til suðausturs fyrir ofan austurtúnið. Hann er trúlega yngri.

---

[201] Þjóðskjalasafn: Ártún. Túnakort 1916.
[202] Þjóðskjalasafn: Ártún. Túnakort 1916.
[203] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: „1947“. Sótt 10.6.2017.



**Mynd 73** Nyrðri hluti af bæjartröð Ártúns, horft í suður.

## Ártún 181182-263-7

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-7** | Ártún | Túngarður | Heimild | 1916 | 361920 | 404945 | 700 | 1 | Ómetið | Já, að mestu |

**Staðhættir**: Túngarður var allt í kringum vesturtúnið og sunnanvert austurtúnið í Ártúni, sjá mynd 67.[204] Þeir sem komu þjóðleiðina yfir Árhólmana að Ártúni, fóru með túngarðinum að sunnan og upp Reiðskarðið að Árbæ.
**Lýsing**: Túngarðurinn var um 700 m langur og er hann horfinn að mestu leyti undir framkvæmdir. Hugsanlega eru leifar af honum nyrst við tröðina en greina má þar garðlag á innrauðri loftmynd.[205] Athuga þarf betur hvort það finnst.

## Ártún 181182-263-8

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-8** | Reiðskarð | Troðningur | Vegur | 1000-1883 | 362153 | 404944 | 250 | 3 | Sæmilegt | Að hluta |

**Staðhættir:** Þeir sem áttu leið að austan og vestan til Reykjavíkur fóru um Ártúnsholtið og niður um bratt Reiðskarðið að Ártúni. Þar var skarð í háa bakka ísaldar áreyrarinnar. Gatan lá síðan áfram frá Ártúni yfir Ártúnsvað að Bústöðum.[206] Fyrstu Elliðaárbrýrnar voru byggðar árið 1883 og færðist þá leiðin töluvert norður fyrir Ártún og leiðin um skarðið lagðist af. Skarðið var aldrei annað en troðningur frá fyrstu tíð. Reiðskarð er á milli Rafstöðvarvegar 19 og 21 og er notað sem göngustígur milli Elliðaárdals og Ártúnsholts.
**Lýsing**: Nú er þetta malarborinn stígur og notaður sem gönguleið. Stígurinn er nú um 200 m að lengd og 3 m á breidd.

---

[204] Þjóðskjalasafn: Ártún. Túnakort 1916.
[205] Innrauð loftljósmynd frá árinu 2012 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/.
[206] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-1 og 181181-262-2).






**Mynd 74** Kort frá árinu 1874 sem sýnir gömlu þjóðleiðina yfir Árhólmana og áfram sunnan við Ártún upp Reiðskarðið. Búið er að laga óljósar merkingarnar á kortinu. Til hægri ljósmynd af Reiðskarði vor 2017.[207]

## Ártún 181182-263-10

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-10** | Ártún | Skurður | Heimild | 1900 | 361805 | 405066 | 137 | 3 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Um 140 m langur framræsluskurður lá til norðvesturs á mörkum mýrar og heimatúns, um 40 m frá íbúðarhúsi, sjá túnakort af Ártúni frá árinu 1916, mynd 67.
**Lýsing**: Skurðurinn er horfinn í dag.

## Ártún 181182-263-14

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **263-14** | Þjóðleið | Þjóðleið, alfaraleið | Vegur | 1000-1883 | 361853 | 404930 | 300 | 3 | Ómetið | Nei |

**Staðhættir**: Þjóðvegur til og frá Reykjavík er merktur inn á korti eftir Benedikt Gröndal frá 1880. Kortið sýnir Elliðaárnar frá upptökum til ársósa. Leiðin hefur legið fyrir norðan Bústaði

[207] Kort vinstra megin hér tekið eftir: Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 91 – Ljósmynd hægra megin: Ljósmyndari: Ingibjörg Áskelsdóttir. Borgarsögusafn 2017.

og sunnan Ártúns upp Reiðskarðið (263-8).[208] Í landi Bústaða er vegurinn skráður á númer 232-77. Í landi Ártúns hefur vegurinn legið frá Ártúnsvaði, sem var 66 m fyrir vestan Rafstöðina, síðan sunnan við Rafstöðvarveg 9-9A og norðan við Rafstöðvarveg 29-33 að Reiðskarði.
**Lýsing:** Í landi Ártúns er gamla leiðin að hluta malbikuð og notuð sem akvegur að Rafstöðvarvegi 29-33 en liggur svo upp Reiðskarðið þar sem það er malarborið.




**Mynd 75** Þjóðleiðin er merkt inn á kort eftir Benedikt Gröndal, tvær brotnar samsíða línur.[209]

## Ártún 181182-263-15

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **236-15** | Ártúnsvað | Vað | Heimild | 1000-1883 | 361711 | 404947 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á korti eftir Benedikt Gröndal frá 1880, sem sýnir Elliðaárnar frá upptökum til árósa, er merkt inn þjóðleiðin til og frá Reykjavík. Hún hefur legið fyrir sunnan Ártún. Vaðið yfir Elliðaárnar við Ártún var nefnt *Ártúnsvað* og var það fjölfarnasta vaðið. Eftir að brýrnar yfir Elliðaárnar voru byggðar árið 1883 lagðist vaðið af og þjóðleiðin færðist norður fyrir Ártún.[210] Vaðið var um 70 m fyrir vestan Rafstöðina.
**Lýsing:** Árbökkunum hefur verið raskað vegna virkjunarframkvæmda og sést því ekki lengur hvar farið var yfir ána.

---

[208] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.
[209] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.
[210] Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 4. bindi (Lykilbók), bls. 175 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 80



**Mynd 76** Ártúnsvað (263-15), horft í austur. Búið er að hlaða upp árbakkana.

### 2.3.1.3 Fornleifar í landi Árbæjar

#### Árbær 181181-262-1

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-1** | Árbær | Bæjarhús | Hús | 1800 | 362657 | 404785 | 20 | 10 | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Árbærinn stendur á bæjarhól vestarlega á lóð Árbæjarsafns.
**Lýsing:** Bærinn er fjórar burstir, þrjár burstir eru byggðar úr timbri og klæddar með bárujárni, en aðrir hlutar bæjarins eru hlaðnir úr torfi og grjóti, þ.e.a.s. syðsta burstin, tengigangur, hlóðaeldhúsið og fjósið. Bærinn hefur verið byggður upp í gegnum tíðina og er hann kominn með þetta útlit fyrir árið 1916 þegar túnakort er gert af jörðinni.[211] Miklar minjar eru í kringum bæinn og undir honum. Við framkvæmdaeftirlit árið 2015 fundust minjar austan við baðstofuna frá 15. öld.[212] og við fornleifarannsókn árið 2016 fannst veggur frá 10.-11. öld. í hól austan við fjósið. [213]

---

[211] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.
[212] Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds Árbæjar 2015*, bls. 21.
[213] Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*, bls. 6.




**Mynd 77** Túnakort af Árbæ frá árinu 1916. Bæjarhúsin (262-1) eru á miðri mynd.[214]



**Mynd 78** Árbær fyrir árið 1911. Þá voru bæjarhúsin tvær burstir.[215]

---

[214] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.
[215] Hér tekið eftir: *Söguspegill. Afmælisrit Árbæjarsafns*, bls. 99.



**Mynd 79** Árbær árið 2017, horft í austur.

## Árbær 181181-262-2

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-2** | Árbær | Móhús Hænsnahús | Tóft | 1900 - 1950 | 362633 | 404853 | 10 | 7 | Sæmilegt | Að hluta |

**Staðhætti:** Á túnakorti Árbæjar eru merkt inn tvö hús um 60 m fyrir norðvestan Árbæinn, sjá mynd 77.[216] Nú eru þetta rústir.
**Lýsing:** Hús þessi voru úr torfi og grjóti og sneru langveggjum saman. Nyrðra húsið var um 2 x 4 m að stærð, en syðra húsið 10 x 6 m.[217] Dyr snéru í vestur á báðum húsunum en gluggi var í þilinu fyrir ofan dyrnar á nyrðra húsinu, sjá mynd 80.



**Mynd 80** Séð heim að Árbæ um 1948. Stór fjárhópur norðan við túngarðinn, útihúsin (262-2) eru þá uppistandandi og öskuhaugurinn greinilegur fyrir framan bæinn. Fyrir aftan bæinn sér í hlöðuna en hún fauk veturinn 1949.[218]

[216] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.
[217] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.
[218] Hér tekið eftir: *Söguspegill. Afmælisrit Árbæjarsafns*, bls. 81.




**Mynd 81** Rúst 262-2 í túninu fyrir vestan Árbæ.



**Mynd 82** Unnið við uppmælingu á rúst 262-2 í túninu fyrir vestan Árbæ.

## Árbær 181181-262-3

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-3** | Árbær | Útihús | Heimild | 1900 | 362779 | 404835 | 10 | 7 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Útihús var um 136 m fyrir norðaustan Árbæinn, á svæði sem er nú innan safnlóðar Árbæjarsafns. Það er merkt inn á túnakort frá árinu 1916, sjá mynd 77.[219] Nákvæm staðsetning er ekki þekkt.

**Lýsing:** Húsið hefur verið með svipuðu sniði og það fjárhús sem stendur á safnlóðinni (262-6). Stærð þess hefur verið um 10 x 7 m og það snéri N-S. Húsið hefur verið hlaðið úr torfi og grjóti og dyr hafa verið í suður, sjá mynd 83.

[219] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.



**Mynd 83** Árbær um 1900, séður frá Elliðaárdal. Útihúsið úr torfi (262-3) er í austur túninu, til hægri á myndinni. Dyr eru í suður.[220]

## Árbær 181181-262-4

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-4** | Árbær | Matjurta-garður | Matjurta-garður | 1900 | 362645 | 404760 | 18 | 18 | Slæmt | Að hluta |

**Staðhættir:** Kartöflugarðurinn er sunnan við Árbæinn, sjá mynd 77.[221]
**Lýsing**: Garðurinn var 17 x 17 m að stærð árið 1916. Hann var hlaðinn úr torfi og grjóti að innan en túnsniddu að utan til vesturs, suðurs, austurs og á 5 m kafla til norðurs. Garðurinn hefur verið lengdur til austurs og er í dag 17 x 27 m. Hann er grasigróinn og í honum standa reynitré.



**Mynd 84** Kartöflugarður 262-4 er sunnan við bæinn. Í garðinum eru reynitré. Horft í vestur.

[220] Ljósmyndari óþekktur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ADF 2005 24-17 (hluti úr mynd).
[221] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.

## Árbær 181181-262-5

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-5** | Árbær | Hlaða, f. hey | Heimild Hleðsla | 1900-1949 | 362672 | 404772 | 8 | 7 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Austan við Árbæinn, á svæði sem er nú innan safnlóðar Árbæjarsafns, var hlaða. Þar var áður heygarður, sjá mynd 77. Hlaðan var byggð við fjósið og hlóðaeldhúsið austan við bæinn um aldamótin 1900. Hún fauk í slæmu veðri árið 1949 og hefur ekki verið endurbyggð.
**Lýsing**: Langveggir hlöðunnar voru grjóthlaðnir en í austurgafli var standþil. Þakið var brotið og klætt með bárujárni. Stærð hlöðunnar hefur verið um 7 x 8 m.
**Fornleifarannsókn:** Árið 2016 var gerður prufuskurður á staðnum, 1 x 8 m að stærð. Þegar yfirborðs- og ruslalög höfðu verið fjarlægð úr skurði þar sem hlaðan hafði staðið, kom í ljós mikið af grjóti fyrir miðjum skurðinum, sem náði honum á enda til austurs. Grjótið stendur hærra vestanmegin en neðar austanmegin.[222] Þarna voru undirstöður gömlu hlöðunnar komnar í ljós, en greinilegt var að þær höfðu hrunið inn í tóftina.




**Mynd 85** Árbær um 1923-30, lengst til vinstri er hlaða (262-5) sem fauk 1949 og var ekki endurbyggð.[223] Sjá má að langveggir hlöðunnar eru hlaðnir úr grjóti og flaggstöng er á annarri burstinn.

---

[222] Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*, bls. 10.
[223] Ljósmyndari: Helga Thume. Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-4932 ÞJMS.



**Mynd 86** Grjóthleðslur úr veggjum gömlu hlöðunnar í prufuskurði 1, austan við Árbæ. Horft í vestur.[224]

## Árbær 181181-262-6

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-6** | Árbær | Fjárhús | Hús | 1900 | 362730 | 404757 | 8 | 5 | Gott | Að hluta |

**Staðhættir:** Eitt af fimm útihúsum bæjarins var 70 m austur af bæjarhúsunum í túninu. Það er merkt inn á túnakort af bænum frá árinu 1916.[225]

**Lýsing**: Búið er að endurhlaða húsið og er það um 8 x 5 m að stærð, hlaðið úr torfi og grjóti, bæði langveggir og gaflveggir. Áður voru dyr í vestur en nú eru dyr á suðurhlið.



**Mynd 87** Ljósmynd af Árbæ, tekin um 1900, úr suðri frá Elliðaánum. Húsið sem hér um ræðir er annað fjárhúsið til hægri frá bænum. Á myndinni virðist sem gengið sé inn í húsið að vestan, en í dag eru dyr í suður.[226]

---

[224] Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016,* bls. 10.
[225] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.
[226] Ljósmyndari óþekktur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ADF 2005 24-17 (hluti úr mynd).



**Mynd 88** Fjárhús 262-6 austan við Árbæinn, horft í norðvestur. Inngangur snýr í suður.

## Árbær 181181-262-7

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-7** | Árbær | Túngarður | Túngarður | 1900 | 362682 | 404858 | 412 | 2 | Gott | Að hluta |

**Staðhættir:** Túngarðar Árbæjar eru merktir inn á túnakort frá árinu 1916.[227] Þeir voru við túnið að norðanverðu og að hluta að austanverðu, sjá mynd 77. Allir eru þeir innan safnlóðar Árbæjarsafns í dag. Lengd túngarðanna árið 1916 var um 414 m ef tröðin er mæld með. Nú er lengd þeirra 350 m. Stórir hlutar af görðunum hafa verð endurhlaðnir en aðrir rifnir, t.d. garðurinn sem var austan við túnið, en hann er horfinn. Eini túngarðurinn sem ekki virðist hafa verið átt við í tíð safnsins er nyrst og vestan við tröðina. Nýir garðar hafa auk þess verið reistir á safnsvæðinu, t.d. garðarnir sem eru þar sem húsið Reykhólar stóðu áður norðan við Þingholtsstræti 9 og garðarnir austan við fjárhúsið (262-6) og við kirkjuna.
**Lýsing**: Allir eru þessir garðar steinhlaðnir, með mjög misstóru grjóti. Ekki virðist sem torf hafi verið notað í hleðsluna á milli steinanna,  en torf er lagt sem kápa yfir garðana og niður öðru megin.

[227] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.



**Mynd 89** Elsti túngarður Árbæjar, norðan við bæjartröðina. Horft í austur.

## Árbær 181181-262-8

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-8** | Árbær | Traðir | Gata | 1900 | 362682 | 404871 | 85 | 8 | Gott | Að hluta |

**Staðhættir:** Traðirnar liggja frá gömlu vagnaleiðinni heim að bænum, á safnlóð Árbæjarsafns. Sjá túnakort af Árbæ, mynd 77.
**Lýsing:** Tröðin er um 85 m löng og 4 m breið. Nyrst breikkar hún verulega og er breiðust 18 m. Þar hefur tröðin verið notuð sem rétt eða aðhald fyrir þá sem hafa átt leið þar um með skepnur. Í dag er búið að hlaða vegg sem lokar að hluta þessu opi og setja upp stóra steina eins og hliðstólpa. Hlaðnir garðar eru beggja vegna traðarinnar og hafa þeir verið endurnýjaðir að mestu á þeim árum sem safnið hefur verið rekið. Sama grjótið hefur verið notað aftur í hleðslurnar, en vitað er að nýju hefur verið bætt í. Búið er að bera möl í tröðina, en áður var hún mun grýttari. Upp á traðarveggjunum voru áður staurar úr tré sem strengdur var gaddavír á milli. Það var gert til að skepnur færu síður inn á túnin.



**Mynd 90** Horft eftir tröðum Árbæjar í suður. Myndin er tekin á árunum 1923-30.[228]



**Mynd 91** Traðir Árbæjar árið 2017, horft í suður.

[228] Ljósmyndari Helge Thume. Þjóðminjasafns Íslands: Lpr-4932-68.

## Árbær 181181-262-9

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-9** | Árbær | Gerði | Heimild | 1900 | 362755 | 404734 | 19 | 6 | Ómetið | Já |

**Staðhættir**: Gerði úr timbri var austan við fjárhús 262-6, sunnan við þar sem húsið Nýlenda er nú á safnsvæðinu, staðsetning ekki nákvæm.
**Lýsing:** Stærð gerðisins var 6 x 19 m. Ekkert er sjáanlegt á yfirborði í dag sem gæti verið þetta gerði.




**Mynd 92** Timburgerði 262-9 var austan við fjárhúsið 262-6.[229]

## Árbær 181181-262-10

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-10** | Árbær | Tún | Tún | 1900 | 362728 | 404806 | | | Gott | Að hluta |

**Staðhættir:** Tún Árbæjar ná yfir hluta af safnlóð Árbæjarsafns. Þau eru afmörkuð á túnakort frá árinu 1916 og eru þar talin um 3,2 h eða 10,2 dagsláttur. Á kortinu kemur fram að búið sé að slétta beð og bletti víðsvegar um túnið. Síðan hafa verið reist eða flutt fjögur hús í austurjaðar túnsins, það eru húsin Þingholtsstræti 9, hjallur, hænsnakofi og Hábær, en við tröðina kirkja, skrúðhús og smiðja.
**Lýsing**: Tún Árbæjar eru að mestu eins og þau voru árið 1916. Girt hafa verið beitarhólf í vesturtúninu og suðurhluta austurtúnsins, auk þess sem göngustígur skiptir austurtúni upp.

[229] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.




**Mynd 93** Tún Árbæjar. Túnakort sem sýnir stærð túna árið 1916 strekkt yfir loftljósmynd frá 2016.[230]

## Árbær 181181-262-11

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-11** | Árbær | Öskuhaugur | Ösku-haugur | 1500 - 1950 | 362637 | 404787 | 15 | 15 | Gott | Að hluta |

**Staðhættir:** Öskuhaugurinn er vestan við tröð Árbæjar, á svæði sem er nú innan safnlóðar Árbæjarsafns, þar sem smiðjan er í dag.

**Lýsing:** Á gömlum myndum af staðnum má sjá að bæði flaggstöng og stytta Ásmundar Sveinssonar (Kona að strokka) hafa staðið á öskuhaugnum um tíma. Árið 1963 var reist smiðja á gamla öskuhaugnum, hlaðin úr torfi og grjóti.

**Fornleifarannsókn:** Við rannsóknir á öskuhaugnum árið 2016 kom í ljós að hann inniheldur mikið af móösku og er um 1,5-2 m á hæð og hátt í 15 m í þvermál.[231]

---

[230] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916 – Loftmynd 2016 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 7. maí 2017. Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

[231] Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*, bls. 15.



**Mynd 94** Árbær árið 1958, horft í suður. Öskuhaugurinn er vestan við bæjartröðina. Á hólnum er flaggstöng.[232]

## Árbær 181181-262-12

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-12** | | Steinn | Steinn | | 362669 | 404817 | 1 | 1 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Fyrir framan safnkirkjuna á Árbæjarsafni eru tveir steinar, hvor sínum megin við stéttina heim að kirkjunni. Þetta eru aðfluttir steinar. Steinar þessir fundust báðir í eða við rúst sem var við Bústaðaveginn nálægt Eskihlíð laust eftir 1930. Í *Vísi* frá 2. febrúar 1963 segir Lárus Sigurbjörnsson að Ólafur Friðriksson hafi skrifað um þessa rúst og haldið því fram að um hofrúst væri að ræða. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður mun hafa skoðaða rústina og talið hana vera seljarústir. Rústin var tvíhólfa og með greinilegum millivegg en árið 1963 var hún horfin. Í rústinni eða við hana fundust tveir steinar og taldi Lárus að annar þeirra væri tilhöggvinn sem sæti en hinn sem Þórshamar. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur telur steina þessa vera náttúrumyndanir.[233]

**Lýsing:** Steinninn vinstra megin er talinn vera sæti. Hann er um 90 cm á hæð og 75 cm á breidd. Steinninn hægra megin er um 75 cm á hæð og 90 cm á breidd, hann á að líkjast hamri Þórs. Steinarnir eru úr grágrýti. Vissulega hafa þeir sérstaka lögun, en eru ekki tilhöggnir.



**Mynd 95** Við Árbæjarkirkju eru tveir aðfluttir steinar (262-12).

[232] Ljósmyndari Pétur Thomsen. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 001 094 4-2.
[233] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993,* bls. 20-21 – *Vísir*, 2. febrúar 1963, bls. 9.

## Árbær 181181-262-13

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-13** | | Hestasteinn | Steinn | | 362669 | 404817 | 0,8 | 0,7 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Hestasteinn er fyrir austan smiðjuna á Árbæjarsafni. Steinn þessi er frá smiðju Þorsteins Tómassonar í Lækjargötu 10a.[234]
**Lýsing:** Steinninn er úr grágrýti og í toppinn á honum er fest járnlykkja en í hana voru hestar bundnir.



**Mynd 96** Hestasteinn við suðurendann á tröðinni við Árbæ.

## Árbær 181181-262-14

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-14** | Apótekara-steinn | Áletrun | Áletrun | 1747 | 362770 | 404783 | 1,5 | 1,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir**: Sunnan við húsið Þingholtsstræti 9 á safnlóð Árbæjarsafns er grágrýtissteinn ættaður úr Örfirisey, kallaður *Apótekarasteinn*. Steinninn lá við sjávarmálið og var á góðri leið með að eyðileggjast þegar hann var fluttur á safnið árið 1963. Steinninn dregur nafn sitt af apótekarakeri sem er dregið utan um ártal, en vafalaust tengist hann verslunarstaðnum í Örfirisey á 18. öld. Þekkt var að danskir verslunarstjórar hjuggu nöfn í steinana á eyjunni.[235]
**Lýsing:** Steinninn er 1,6 x 1,5 m að stærð og á hann er rist einföld mynd af keri, 60 x 63 cm og á því miðju er fangamarkið HCB og ártalið 1747.[236] Myndin er orðin mjög óljós.

[234] *Alþýðublaðið*, 13. júlí 1965, bls. 16 – *Þjóðviljinn*, 2. júlí 1966, bls. 7.
[235] *Alþýðublaðið*, 30. júní 1963, bls. 16.
[236] *Alþýðublaðið*, 3. september 1963, bls. 1.



**Mynd 97** Apótekarasteinn. Á hann er letrað HCB A1747 og utan um letrið dregin lína sem minnir á apótekaraker.



**Mynd 98** Apótekarasteinninn er sunnan við húsið Þingholtsstræti 9 á Árbæjarsafni.

## Árbær 181181-262-15

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-15** | Gamli Suðurlands-vegur | Vegur | Vegur | 1883 | 362727 | 404874 | 270 | 3,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Gamli vagnavegurinn frá um 1883 var í framhaldi af brúnum yfir Elliðaárnar. Vegurinn er merktur inn sem vagnavegur á herforingjaráðskort frá árinu 1909. Vegurinn er sýnilegur frá tröðinni heim að Árbæ og austur að húsinu Líkn á safnlóð Árbæjarsafns. Vegurinn er notaður sem stígur innan safnlóðar og borin hefur verið möl í hann.
**Lýsing:** Vegurinn er um 270 m langur og um 3-4 m breiður.




**Mynd 99** Hluti af korti frá árinu 1909. Þar sést vel hvar vagnavegurinn lá frá Elliðaárbrúnum og austur yfir Ártúnsholt.[237]



**Mynd 100** Vagnavegurinn lá með túngarði Árbæjar. Búið er að bera möl í veginn. Horft í vestur.

---

237 Landmælingar Íslands: Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909. Sjá vef Landmælinga Íslands: www.lmi.is →Landupplýsingar → Kortasafn → Leitarstillingar: „Reykjavík“ og útgáfuár „1909“. Sótt 12. maí 2017.

## Árbær 181181-262-26

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-26** | Árbæjarsel | Sel | Heimild | | 364074 | 403421 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Tvær heimildir er að finna í örnefnalýsingum um sel frá Árbæ. Í annarri þeirra segir: „Sel hefur verið suðaustan undir ásnum. Það er í Árbæjarlandi“.[238] Í hinni segir: „Vestur af Markgróf er Sauðadalur. Þar byggði Jens Eyjólfsson (árið 1933). Þar vestur af er Selás, sem dregur nafn af því, að í Sauðadal vestan til var sel, líklega frá Árbæ.“ [239] Hugsanleg staðsetning sels er þá norðan við gamla húsið Selásdal út frá þessum lýsingum, eða á því svæði þar sem í dag er Suðurás 16-24. Ef loftmyndir frá árinu 1956 eru skoðaðar má sjá rústarsvæði nær gamla farvegi Bugðu sem gæti hafa verið sel. Það eina sem styður þá staðsetningu frekar, er að sel eru oftast nálægt ám eða lækjum. Nú eru þarna hesthús Fáks. Rústir þessar gætu líka verið ummerki eftir hersetu en ekki er langt í *Camp Baldurshaga*. Frekari rannsókna er þörf á loftljósmyndum af þessu svæði til að fá úr þessu skorið.




**Mynd 101** Loftmynd frá árinu 1954. Hús Jens Eyjólfssonar Selásdalur, auk tveggja staða sem koma til greina sem staðsetning sels 262-26. Blá lína sýnir gamla farveg Bugðu og rauð lína sýnir staðsetningu gömlu vatnsleiðslunnar.[240]

---

[238] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-2).
[239] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-1 ).
[240] Loftmynd 1956 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 7. maí 2017. Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

## Árbær 181181-262-27

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-27** | | Fjárhús | Heimild | 1900 | | | | | ómetið | Já |

**Staðhættir:** Vestast við Blásteinshólma í Elliðaám eru Efri- og Neðri-Fjárhúshyljir. Ekki er vitað hvar þetta fjárhús hefur verið sem þessir veiðistaðir eru kenndir við.[241]
**Lýsing**: Fjárhúsið er ekki þekkt og sennilega horfið.

## Árbær 181181-262-29

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-29** | | Steinn | Bæjarhella | 1000 | 362663 | 404802 | 1,7 | 1,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir**: Steinhella við kirkjugarðsvegginn, sunnan við kirkjuna á Árbæjarsafni. Þegar grafinn var grunnur fyrir húsinu Tjarnagötu 4, Steindórsprenti, árið 1944, var við uppgröftinn komið niður á fornleifar, þar á meðal þessa stóru hellu. Hellan lá yfir þró eða ræsi. Hún var fjarlægð og flutt að húsi Steindórs S. Gunnarssonar prentara, Suðurgötu 8 B og svo árið 1966 á Árbæjarsafn.[242] Þorkell Grímsson, fornleifafræðingur, rannsakað helluna, og taldi að líklega væri um stéttarhellu eða gólfhellu að ræða úr fornaldarhúsi því, sem leifar fundust af, þegar grafið var fyrir grunni Steindórsprents vorið 1944.[243] Bjarni F. Einarsson telur helluna ekki vera gangahellu.[244]
**Lýsing**: Stór og flatur grágrýtissteinn, um 1,7 x 1,5 m að stærð, virðist ekki vera slitinn. Færa þarf þennan stein á nýjan stað og merkja.



**Mynd 102** Steinhellan sem fannst við fornleifarannsókn að Tjarnargötu 4 árið 1944, sunnan í kirkjugarðsvegnum á Árbæjarsafni.

---

[241] *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Sjá kort fremst í bók: „Elliðaár, veiðistaðir".
[242] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993*, bls. 22 og 26 – *Morgunblaðið*, 11. feb. 1964, bls. 2
[243] *Tíminn*, 19. júlí 1963, bls. 15.
[244] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993*, bls. 26.

## Árbær 181181-262-30

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-30** | Álnasteinn | Áletrun | Áletrun | | 362742 | 404675 | 1,5 | 1,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Steinn á Árbæjarsafni, norðan við Kornhúsið. Steinn þessi var sprengdur úr klöpp í Örfirisey þegar ljóst var að hann mundi hverfa undir fyllingu og fluttur á Árbæjarsafn árið 1963. Örfirisey var verslunarstaður frá 17. öld og fram undir 1780.
**Lýsing**: Steinninn er úr grágrýti. Á hann er klappað MEMENTO MORI (minnstu dauðans) og stafurinn M nokkru neðar. Fyrir ofan textann er klappað strik sem mun vera mælieiningin ein alin. [245] Strikið mælist um 53 cm á lengd og er því næst því að vera samsvarandi alin Jóns biskups Árnasonar frá 1740 sem var 53,67 cm.[246]



**Mynd 103** Álnarsteinn norðan við Kornhús á Árbæjarsafni.

## Árbær 181181-262-34

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-34** | Þjóðleið | Vegur | Gata | 1200-1883 | 362646 | 404891 | 100 | 3 | Gott | Nei |

**Staðhættir**: Vestarlega á safnlóð Árbæjarsafns, frá hliði við Ártúnsskóla og að tröð Árbæjar er vegbútur sem er hluti af elstu leiðinni sem lá á milli bæjanna Ártúns og Árbæjar. Leiðin er merkt inn á korti frá árinu 1880 eftir Benedikt Gröndal. Þar er þessi vegur nefndur *Þjóðvegur til og frá Reykjavík*.[247] Á þeim tíma var ekki búið að byggja brýrnar yfir Elliðaár og hefur leiðin því legið yfir Árhólmann á vaðinu við Ártún, síðan upp Reiðskarðið og yfir melana að tröðinni við Árbæ.
**Lýsing**: Um 100 m eru sýnilegir af þessari elstu leið á safnlóðinni. Leiðin hefur verið grjóthreinsuð og grjótið lagt til hliðar. Leiðin er grasi gróin.

---

[245] *Árbæjarsafn. Leiðsögubók*, bls. 21.
[246] Gísli Gestsson: „Álnir og kvarðar“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1968, bls. 64 og 65.
[247] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.



**Mynd 104** Elsta leiðinn að Árbæ, vestast á lóð Árbæjarsafns, horft í vestur frá heimtröð Árbæjar í átt að Ártúnsskóla.

## Árbær 181181-262-35

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-35** | | Tóft | Heimild | 1900-1940 | 362296 | 404808 | 16 | 10 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir**: Tóftin var um 360 m vestur af Árbæ. Hún er merkt inn á kort frá árunum 1933 og 1940. Í dag er hún á næstu lóð fyrir norðan Rafstöðvarveg 35 (áður Árbæjarblettur 3). Hugsanlega hefur þetta verið stöðull.
**Lýsing:** Þetta hefur verið stór tóft, allt að 16 x 10 m að stærð og hefur verið opin í suður.




**Mynd 105** Tóftin var um 360 m fyrir vestan Árbæ, norðan við lóð Rafstöðvarveg 35.[248]

[248] Samsett kort: Loftmynd 2016 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 7. maí 2017 – Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Árbæjarblettum frá um 1940. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: „Árbær - Bæjarhús Árbæjar“. Sótt 7.5.2017. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

## Árbær 181181-262-36

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-36** | Árbær | Fjárhús | Hús | 1880 | 362633 | 404654 | 10 | 8 | Gott | Að hluta |

**Staðhættir:** Eitt af fimm útihúsum bæjarins var 125 m suður af bæjarhúsunum, í túnjaðrinum. Það er ekki merkt inn á túnakort af bænum frá árinu 1916.[249]

**Lýsing**: Húsið er um 10 x 8 m að stærð, hlaðið úr torfi og grjóti bæði langveggir og norður gaflveggur en timburþil er í suðurgafli. Dyr eru í suður. Búið er að endurhlaða húsið að hluta og breyta því í hesthús.



**Mynd 106** Fjárhúsið 262-36 á mynd frá um 1900. Horft í norðaustur frá Elliðaánum. Úlfarsfell í baksýn.[250]



**Mynd 107** Fjárhús 262-36 austan við Skátaskálann á Árbæjarsafni. Horft í suðvestur, inngangur snýr í suður.

[249] Þjóðskjalasafn: Árbær. Túnakort 1916.
[250] Ljósmyndari óþekktur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ADF 2005 24-17 (hluti úr mynd).

## Árbær 181181-262-37

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-37** | Vatnsveitu-vegur | Vegur | Vegur | 1907 | 363733 | 403796 | 200 | 2,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Vatnsveituvegur var lagður á árunum 1907-1908 samhliða lagningu vatnspípunnar frá miðbæ Reykjavíkur austur að Gvendarbrunnum norðan við Elliðavatn. Vatnsveituvegur lá frá austurenda Bústaðavegar í gegnum Blesugróf og Löngugróf, áfram upp með Elliðaánum að sunnanverðu að Vatnsveitubrú. Norðan við brúna lá vegurinn síðan áfram í suður upp *Víðivelli* og norðan við *Skyggni*, upp með Elliðavatni að Gvendarbrunnum, alls um 4,5-5 km. Mikla breytingar hafa verið gerðar á farvegi Elliðaánna vegna virkjunar, sér í lagi með gerð Elliðavatnsstíflu (1924-1928). Við það fór hluti af þessum vegi undir vatn. Vegur þessi var síðan nýttur áfram og borið var í hann.




**Mynd 108** Vatnsveituvegur (262-37), rauð lína á korti. Hann er að hluta innan jarðarinnar Árbæjar, frá Vatnsveitubrú að Breiðholtsbraut.[251]

**Lýsing:** Vegurinn hefur verið um 4,5-5 km langur og eru hlutar af honum varðveittir í ýmsu ásigkomulagi. Vegurinn er að stórum hluta í notkun sem bílvegur eða reiðvegur en búið er að bera ofan í hann og/eða malbika. Heillegasti kaflinn er frá hesthúsasvæðinu Efri-Fák að Vatnsveitubrú og niður að Höfðabakka eða um 1,8 km. Sá hluti er notaður sem reiðvegur og

[251] Loftmynd 2016 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 7. maí 2017. Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

akvegur fyrir veiðimenn. Á því skipulagssvæði sem hér liggur undir er vegurinn sýnilegur fyrir sunnan Vatnsveitubrú að keppnisvöllum Fáks og svo aftur um 500 m fyrir norðan Breiðholtsbraut, en búið er að malbika þann kafla.

## Árbær 181181-262-127

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-127** | | Fjárhús | Tóft | 1850-1900 | 362872 | 404913 | 10 | 7 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir**: Þessi fjárhúsrúst er um 30 m norður af Prófessorsbústaðnum frá Kleppi á safnlóð Árbæjarsafns. Fjárhúsið kemur ekki fram á túnakorti, og er því trúlega frá eldri tíð.
**Lýsing**: Rústin er um 10 x 7 m að stærð og snýr í N-S. Veggir eru úr torfi og grjóti, 0,4-0,5 m háir og 1-1,5 m breiðir. Rústin samanstendur af tveimur hólfum, A og B. Dyr eru hugsanlega á hólfi A í suður, inn í hólf B. Í hólfi B eru dyr í vestur. Eilítið sést af steinum í gólfi hólfs B.[252] Rústin er mjög gróin og þyrfti að fella trjágróður sem er að skemma hana.




**Mynd 109** Fjárhús 262-127 á lóð Árbæjarsafns.[253]

[252] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 158.
[253] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 158.



**Mynd 110** Fjárhús 262-127. Rústin er orðin mjög gróin og er trjágróður að skemma hana.

## Árbær 181181-262-128

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-128** | | Vegur | Vegur | 1930-40 | 362852 | 404924 | 95 | 4 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Um er að ræða veg um 30 m norður af Prófessorsbústaðnum frá Kleppi á safnlóð Árbæjarsafns, fast upp við fornleifar nr. 262-127, að suðvestanverðu. Aldur vegarins er óljós en hann tilheyrir ekki elsta vegakerfinu og heldur ekki því næstelsta sem er gert eftir að Elliðaárbrýrnar eru gerðar árið 1883. Vegurinn tilheyrir hugsanlega setuliðinu, en hann var líka notaður um 1956 til að aka að fiskitrönum sem voru þarna á holtinu. Rannsaka þarf betur eldri loftljósmyndir til að aldursgreina hann. *Vegurinn var skráður sem fornleifar árið 1995 og er því birtur í þessari skrá.*
**Lýsing:** Vegurinn er 95 m á lengd og 4 m á breidd og liggur í NNV- SSA. Steinar sjást beggja megin í vegkanti og garðlög V-megin, þar sem hann er upphækkaður á kafla. U.þ.b. 55 m frá suðurenda vegarins skiptist hann og liggur annar vegurinn í NA, rúma 20 m. Meginvegurinn er eilítið sveigður og í hann er borin rauðamöl.[254] Vegurinn er mjög gróinn og er trjágróður farinn að vaxa upp í vegarstæðinu.

[254] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 159.



**Mynd 111** Vegur 262-128 á Árbæjarsafni. Trjágróður er farinn að vaxa upp úr vegarstæðinu.




**Mynd 112** Vegakerfið fyrir norðan og austan Árbæ. Eldri vegir eru merktir með rauðu en vegir frá því eftir 1930 með grænu. Vegur 262-128 er á miðri mynd. Rauðir punktar eru skráðar fornleifar og grænir yngir minjar.[255]

[255] Loftmynd 1956 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 7. maí 2017. Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

### 2.3.1.4 Fornleifar í landi Grafar

#### Gröf 181179 260-13

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-13** | Pálsbyrgi | Bústaður | Hleðsla | 1850 | 364508 | 404586 | 3 | 3 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir**: Pálsbyrgi kemur fram sem býli einsetumanns í tveimur örnefnaskrám fyrir Gröf. Í annarri þeirra segir: „Þar sem mætast Grafarmýri og Stíflumýri heitir Pálsbyrgi, tættur eftir einsetumann.“[256] Í hinni segir: „Á Eggjum innri er Pálsbyrgi, tættur eftir einsetumann.“[257] Pálsbyrgi er nú sunnan við Suðurlandsveg í norðausturhorni lóðar Klettháls 7 efst á klapparhól í holti.

**Lýsing:** Rústin er nánast hringlaga, 5-6 m í þvermál og 0,5 m há. Merki um veggi eða aðrar byggingaleifar eru ekki sjáanleg heldur er þetta steinahröngl og e.t.v. örlítil veggjabrot. Nokkuð er af steinum í námunda við fornleifarnar. Einnig eru steinar í þeim miðjum og margir þangað komnir á allra síðustu árum. Í miðjunni er hæst þúfa sem ber merki þess að fuglar eiga til að stoppa þar og drita. Að öðru leyti eru fornleifarnar mjög blásnar og lítill jarðvegur á staðnum. Sunnan í fornleifunum er rör sem notað er sem mælipunktur (leifar frá hernum (?)).[258]



**Mynd 113** Pálsbyrgi (260-13) er norðan við Krókháls 7.

[256] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-1), bls. 13.
[257] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-2), bls. 33.
[258] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 43.

## Gröf 181179 260-28

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-28** | Norðlinga-holt | Þingbúð | Tóft | 1000 | 364533 | 401930 | 6 | 6 | Slæmt | Að hluta |

**Staðhættir**: Búðirnar eru merktar inn á kort frá árinu 1880 eftir Benedikt Gröndal. Árið 1897 sýndi Benedikt Sveinson alþingismaður fræðimanninum Daniel Bruun búðir í Norðlingaholti og taldi að búðirnar væru frá því áður en Alþingi var stofnað.[259] Fornleifafræðingarnir Guðmundur Ólafsson og Bjarni F. Einsson hafa skráð eina búð á svæðinu í Fornleifaskrá Reykjavíkur.[260] Rústin er á lóðarmörkum *Litla Skyggnis* og *Víðivalla* við Norðlingabraut, um 10 m vestur af íbúðarhúsi Víðivalla og um 20 m austur af Elliðavatni, suðvestan undir hól við grösugan hvamm.




**Mynd 114** Hluti af korti Benedikts Gröndal frá árinu 1880, merktar eru inn tvær búðartóftir, en einungis önnur fannst við fornleifaskráningu á sínum tíma.[261]

**Lýsing:** Rústin er 6 x 6 m að stærð og snýr A-V. Veggir eru úr torfi, um 2,0-2,5 m breiðir og 0,3-0,4 m háir. Austurendinn er horfinn sökum byggingaframkvæmda og túnasléttunar.

---

[259] Daniel Bruun: *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*, bls. 95 – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

[260] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifarskrá fyrir Reykjavík“. Óútg. handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík – Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur,* bls. 77.

[261] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

Girðing er yfir rústina og skilur að óhreyft og hreyft. Rústin er mjög grasivaxin. Á svæðinu allt um kring eru ummerki um matjurtagarða af ýmsu tagi. Rústin fannst ekki árið 2017 vegna gróðurs.




**Mynd 115** Rúst 260-28 á lóð Litla Skyggnis og Víðivalla á Norðlingaholti.[262]

## Gröf 181179 260-29

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-29** | | Gata | Heimild | 1000-1902 | 364353 | 402471 | 700 | 3 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Úr örnefnalýsingu Grafar: „Markgróf (eða Margróf) er beint suður af Suðurvík í Rauðavatni, liggur sem lægð frá vatninu að Bugðu. Eftir henni eru margar götur.“[263] Þessi gata er merkt inn á uppdrátt Steindórs Björnssonar frá 1902. Syðsti hluti hennar hefur verið austan núverandi Breiðholtsbrautar en að vestan norðan við Selásbraut.
Þar var hún að hluta til sú reiðagata sem liggur nú meðfram Breiðholtsbraut að Rauðavatni. Gata þessi hefur legið að Norðlingaholti, þaðan trúlega yfir Bugðu á vaði að Oddagerði og síðan þaðan á vaði yfir Dimmu að Vatnsenda. Einhvern tíma hefur þetta verið fjölfarin leið.
**Lýsing:** Nú eru þessar götur horfnar vegna framkvæmda.

[262] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur,* bls. 77
[263] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-1).



**Mynd 116** Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson: „Gamli vegurinn“ er merktur rauður (260-47), vegurinn um Klapparholt að Klapparholtsvaði (260-121) og áfram að Elliðavatni er merktur blár (260-119), vegurinn um Markargróf grænn (260-29) og vagnavegurinn svartur .[264]

## Gröf 181179 260-47

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-47** | Gamli vegurinn | Gata | Heimild | 1800-1902 | 364724 | 403063 | 700 | 3 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Úr örnefnalýsingu Grafar: „Yfir *Klapparholtsmóa* liggur gömul gata frá Almannadal yfir í *Markgróf*, upp *Sauðadal*, *Vegaskarð* og til Árbæjar“.[265] Vegur þessi er merktur inn á uppdrátt Steindórs Björnssonar, þ.e.a.s. kaflinn frá Almannadal að Selás. Þessi leið er merkt rauð á mynd 116.[266]

**Lýsing:** Vegurinn var horfinn árið 1994.

[264] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3). Kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.
[265] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-1).
[266] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).

### Gröf 181179 260-97

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-97** | | Stífla | Heimild | 1900 | 364764 | 401750 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir**: Inn á uppdrátt eftir Steindór Björnsson frá 1902 er merkt stífla á þeim stað sem nú er austan við húsið *Sólbrekku* (Selásblett 31), sjá mynd 116, efst uppi í hægra horni. [267] Staðsetning þessa mannvirkis er ónákvæm.
**Lýsing**: Engar minjar fundust.

### Gröf 181179 260-119

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-119** | | Troðningur Slóði | Heimild | 1000-1909 | | | 400 | 2 | Ómetið | Já |

**Staðhættir**: Inn á uppdrátt eftir Steindór Björnsson frá árinu 1902 er merkt „Gata“. Hún hefur legið frá Suðurlandsvegi suður yfir túnið í Klapparholti að Klapparholtsvaði og síðan að Elliðavatni. Þessi leið er merkt blá á myndum 116 og 117.[268] Annar vegur heim að Elliðavatni var gerður á árunum 1902-1909 sem leysti þessa götu af hólmi, sjá skráningu 260-153.
**Lýsing:** Gata þessi er horfin.

### Gröf 181179 260-120

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-120** | | Fjárhús | Heimild | 1850 | 365169 | 402686 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir**: Samkvæmt örnefnalýsingu Grafar hefur í *Klapparholti* verið byggt ból á fyrrihluta 19. Aldar og síðar hefur verið þar *fjárhús* frá Gröf, en þegar skráin er gerð (um 1900) er þar *Baldurshagi* og fylgir honum dálítill landblettur.[269] Sennilega hefur Baldurshagi ekki verið byggður á nákvæmlega sama stað og Klapparholt, eins og kemur fram í fyrrnefndri örnefnaskrá, því á uppdrætti eftir Steindór Björnsson frá árinu 1902[270] er Klapparholt merkt inn 230 m sunnar en Baldurshagi var. Auk þess má sjá að á uppdrætti Steindórs er þriggja bursta tóft sem gæti hafa verið fyrrnefnd fjárhús frá Gröf. Inn á sama uppdrátt er teiknað stórt mannvirki sem er líklega það sem er skráð sem Klapparholt í þessari skrá (260-152). Um Klapparholt var túngarður, auk þess sem gamla leiðin að Elliðavatni (260-119) fór þar þvert í gegnum túnið.
Fjárhúsið frá Gröf hefur verið nálægt því þar sem í dag er gatan Bugða norður af Hólavaði 63, en staðsetning er ónákvæm.
**Lýsing:** Fjárhúsin voru þrjár burstir og snéru SA-NV.

---

[267] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).
[268] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).
[269] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-2).
[270] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).



**Mynd 117** Hluti af uppdrætti eftir Steindór Björnsson frá árinu 1902.[271] Blá lína er gamla gatan heim að Elliðavatni (260-119). Dökkrauð lína er gamli þjóðvegurinn austur (260-47) sem var töluvert fyrir sunnan núverandi Suðurlandsveg, túngarðar eru grænir, tóftin og Klapparholt eru lituð rauð.

## Gröf 181179 260-121

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-121** | Klapparholts-vað | Vað | Vað | 1800-1902 | 365073 | 402513 | 6 | | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á uppdrætti Steindórs Björnssonar frá árinu 1902 er merkt inn Klapparholtsvað á Bugðu, sjá mynd 116. Vaðið er á ánni þar sem gamli vegurinn að Elliðavatni (260-153) liggur niður að Bugðu. Síðar var reist brú á svipuðum stað og eru leifar hennar þarna við ána. Vaðið er um 116 m suður af Hólavaði 75.

**Lýsing:** Vaðið er nokkuð djúpt.

[271] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).



**Mynd 118** Klapparholtsvað á Bugðu og leifar af brú sem var þar yfir. Horft í suður.

## Gröf 181179 260-122

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-122** | | Stekkur | Heimild | 1880 | 364698 | 401721 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir**: Á korti Benedikts Gröndal frá árinu 1880 er merktur inn stekkur í Norðlingaholti suðaustan við búðirnar (260-28), sjá mynd 114.[272] Stekkurinn hefur verið á nyrðri bakka Bugðu, líklega inni á lóð sem er sunnan við íbúðarhúsið Sólbrekku (landnr. 112535).
**Lýsing**: Stekkurinn hefur ekki fundist og er líklega horfinn.

## Gröf 181179 260-146

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-146** | Baldurshagi | Býli | Heimild | 1905-1932 | 365288 | 402898 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Um 1905 var landspilda seld úr landi Grafar eða Grafarholts við Suðurlandsveg. Þar var reist timburhús skömmu fyrir 1920, nefnt Baldurshagi. Veitingasala var þar, þangað til húsið brann 19. apríl 1942.[273] Baldurshagi var í sjálfsábúð. Þar var timburhús með miðstöð.

[272] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6
[273] *Alþýðublaðið*, 19. apríl 1942, bls. 2.

Túnið var girt af með garði eða girðingu og var um 1,2 ha að stærð. Bústofn var tvær kýr og tveir hestar.[274] Baldurshagi var við Suðurlandsveg, um 75 m austan við þar sem bensínstöð OLÍS er í dag.
**Lýsing:** Engar minjar voru sjáanlegar á staðnum árið 1980.[275]



**Mynd 119** Veitingastaðurinn Baldurshagi á árunum 1925-1935. Ökuferð með hóp af börnum út fyrir bæinn.[276]

## Gröf 181179 260-147

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-147** | Fyrsti Suðurlands-vegurinn | Vegur | Vegur | 1886 | 364362 | 404208 | 64 | 5 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Fyrsti Suðurlandsvegurinn frá Reykjavík og austur í Svínahraun var lagður á árunum 1886-1892.[277] Vegurinn lá frá Elliðaám, norðan við Ártún og Árbæ, sunnan við Rauðavatn og austur. Sá hluti hans sem var í Grafarlandi lá frá Bæjarbraut að Almannadal, (vegur þessi er skráður númer 262-15 við Árbæ). Gatan Rofabær var seinna lögð í vegarstæði gamla vegarins. Í reglugerð um veginn var sagt að hann skyldi vera 10 feta breiður (3,13 m), upphlaðinn og púkkaður með grjóti; var það til að þess að lestir gætu mæst á veginum.[278] Greina má hluta af þessum vegi á grænu svæði við Selásbraut, sjá mynd 120.
**Lýsing:** Svæðið er grasigróið en greina má malardreif í sverði. Lengd 64 m og breidd 5 m.

[274] *Fasteignabók 1932*, bls. 25.
[275] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifarskrá fyrir Reykjavík“. Óútg. handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík.
[276] Ljósmyndari Gestur Oddleifsson. Þjóðminjasafn Íslands: GO-97.
[277] Magnús Grímsson: „Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi“, bls. 93.
[278] Magnús Grímsson: „Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi“, bls. 88.




**Mynd 120** Fyrst Suðurlandsvegurinn um brýrnar yfir Elliðaár, framhjá (norðan við) Árbæ, að Rauðavatni og Almannadal (260-147), sjá samfellda tvöfalda línu á korti. Reiðslóði lá frá Árbæ að Reynisvatni norðan við Rauðavatn (260-148), sjá einfalda svarta línu [279]

## Gröf 181179 260-148

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-148** | | Gata | Gata | 1900 | 364039 | 404695 | 44 | 3 | Ómetið | Nei |

**Staðhættir**: Um er að ræða hluta af gömlu reiðleiðinni milli Árbæjar og Reynisvatns sem er merkt inn á kort frá árinu 1909, sjá mynd 120. Þessi slóði er auk þess sýnilegur á loftmynd frá 1954. Hann lá þar sem nú eru gatnamót Stuðlaháls og Bæjarháls og austur að Suðurlandsvegi fyrir norðan Bæjarháls. Fyrir austan Suðurlandaveg er þessi vegur skráður undir númerinu 260-39.

**Lýsing**: Um 44 m af veginum eru sjáanlegir inni á lóðinni Stuðlahálsi 2. Hann er vel gróinn og sést á loftmynd 2016.

[279] Landmælingar Íslands: Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909. Sjá vef Landmælinga Íslands: www.lmi.is →Landupplýsingar → Kortasafn → Leitarstillingar: „Reykjavík“ og útgáfuár „1909“. Sótt 12. maí 2017.




**Mynd 121** Loftmynd frá árinu 2016. Vegur 260-148 sést enn inni á lóð Stuðlaháls 2.[280]

## Gröf 181179 260-152

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-152** | Klapparholt | Fjárhús, rétt Bæjarhóll | Bæjar-stæði | 1850 | 365108 | 402744 | 31 | 15 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Klapparholt er í Norðlingaholti, norðan við Kambavað 1-3. Áður var þar sumarbústaður nefndur Klapparholt 1, en hann var rifinn árið 2005 áður en Norðlingaholts-hverfið var byggt upp. Elstu heimildir um Klapparholt eru frá 1850, en í lýsingu Mosfells- og Gufunessóknar eftir Stefán Þorvaldsson segir frá nýbýlinu Klapparholti á norðurbakka Bugðu syðst í Grafarheiði.[281] Bærinn er merktur inn á kort eftir Benedikt Gröndal frá árinu 1880[282] og á kort Steindórs Björnssonar frá 1902, sjá myndir 116 og 117. Auk þess er merktur inn túngarður bæjarins og aðrar tóftir rétt suðaustan við bæinn (260-120).[283] Bærinn er nefndur í örnefnalýsingu fyrir Gröf.[284]

**Lýsing:** Bæjarstæðið er um 50 x 15 m að stærð og snýr í A-V. Bærinn hefur staðið á austurhluta svæðisins, á um 18 x 13 m stóru svæði og hefur snúið í A-V. Veggir eru úr grjóti og torfi, allgrónir. Ekki er hægt að segja með vissu um breidd veggjanna annað en að hún er víða um 2 m. Hæð veggjanna er frá 0,4-0,7 m. Sjá má einstaka hólf en þó ekki vel vegna trjáa. Upp við bæjarstæðið að vestanverðu er hestarétt eða fjáhús, eitt hólf, 13 x 6 m að stærð og snýr í A-V. Veggir eru úr grjóti 1,5-2,0 m breiðir og 0,5-1,2 m háir. Garðlög sjást mjög vel að innanverðu á öllum veggjum. Op, um 0,8 m á breidd, er á suður-langhlið. Mikill trjágróður er að eyðileggja þessa rúst, auk þess sem hún er notuð sem leiksvæði. Ástand hennar er því slæmt.[285]

---

[280] Loftmynd 2016 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 7. maí 2017.

[281] Stefán Þorvaldsson: „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna 1855“. *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*. Landnám Ingólfs III, bls. 234.

[282] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

[283] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).

[284] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).

[285] Borgarsögusafn: Fornleifaskrá Reykjavíkur í FileMaker grunni. Óútg. gögn. Skráning nr. 152 (Bjarni F. Einarsson).




**Mynd 122** Teikning af rúst 260-152.



**Mynd 123** Klapparholt, rúst 260-152. Horft í austur.

Vestur af hestaréttinni eru tveir garðar sem ganga um 15-20 m í suður. Gengur annar garðurinn frá NV-horni réttarinnar en hinn um 8 m sunnar og út frá enn öðrum garði, um 10 m löngum, sem gengur út frá SV-horni réttarinnar. Sá síðastnefndi er trúlegast nýrri smíð. Framkvæmdir á svæðinu hafa skert garðana og er sá vestari horfinn, auk þess sem bæjarstæðið er ekki greinilegt lengur.

## Gröf 181179 260-153

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-153** | Gamli Elliðavatns-vegur | Troðningur Slóð | Vegur | 1909 | 365098 | 402562 | 150 | 4 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Vegur þessi er merktur inn á kort frá árinu 1909, vestan við *Baldurshaga* og beint í suður að Klapparvaði. Vegur þessi liggur norðan við Hólavað 73 og í suður að Bugðu í dag.

**Lýsing:** Árið 1995 þegar Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur skráði þessar minjar, var vegurinn um 400 m langur og lá í NA-SV frá Suðurlandsvegi að Bugðu, en breidd hans var um 4-5 m.[286] Þá hafði verið borið í veginn nyrst og beggja vegna voru Baldurshagablettir, syðst tók síðan við allgróinn kafli niður að Bugðu. Sá hluti er varðveittur að mestu í dag eða um 150 m. Vegur þessi var notaður sem akvegur inn í Rauðhóla og að Elliðavatni allt til ársins 1965. Vegurinn getur hafa verið lagður í eldri þjóðveg.[287]



**Mynd 124** Vegur sem lá frá Suðurlandsvegi að Klapparvaði (260-161). Horft í suður (árið 2002).

## 2.3.2 Yngri minjar í borgarhluta 7

### 2.3.2.1 Yngri minjar í landi Bústaða

#### Bústaðir 181167-232-18

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-18** | Fákur | Reiðvöllur | Heimild | 1922-1971 | 361350 | 405257 | 500 | 20 | Ómetið | Já |

**Staðhættir**:Skeiðvöllur Fáks var austan Sogamýrar, á melunum við vesturbakka Elliðaánna, þar sem Reykjanesbraut liggur nú. Völlurinn var gerður árið 1922, þegar félagið var nýstofnað, og þar voru síðan haldnar kappreiðar um hvítasunnu ár hvert. Á árunum 1960-1962 reisti félagið hesthús fyrir 270 hesta á svæðinu og stendur hluti þessara húsa enn við gatnamót

286 Borgarsögusafn: Fornleifaskrá Reykjavíkur í FileMaker grunni. Óútg. gögn. Skráning nr. 153 (Bjarni F. Einarsson).
287 Borgarsögusafn: Fornleifaskrá Reykjavíkur í FileMaker grunni. Óútg. gögn. Skráning nr. 153 (Bjarni F. Einarsson).

Bústaðavegar og Reykjanesbrautar (Bústaðavegur 151). Skeiðvöllurinn var notaður allt til ársins 1971 þegar nýr völlur var tekinn í notkun á félagssvæði Fáks í Víðidal.[288]
**Lýsing**: Engin merki eru lengur sjáanleg eftir þennan völl.




**Mynd 125** Skeiðvöllur Fáks var á vesturbakka Elliðaánna.[289]

## Bústaðir 181167-232-54-60

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-54** | Lækjarhvammur | Íbúðarhús | Heimild | 1965-1984 | 361544 | 404663 | 10 | 6 | Ómetið | Já |
| **232-55** | Sandhóll | Íbúðarhús | Heimild | 1954-1975 | 361470 | 404685 | 13 | 12 | Ómetið | Já |
| **232-56** | Eystrihóll | Íbúðarhús | Heimild | 1954-1971 | 361454 | 404701 | 13 | 12 | Ómetið | Já |
| **232-57** | Sandskeið | Íbúðarhús | Heimild | 1954-1971 | 361439 | 404717 | 11 | 6 | Ómetið | Já |
| **232-58** | Garðstunga - Kastalinn | Íbúðarhús | Heimild | 1954-1971 | 361430 | 404750 | 11 | 7 | Ómetið | Já |
| **232-59** | Grund | Íbúðarhús | Heimild | 1965-1971 | 361467 | 404789 | 8 | 4 | Ómetið | Já |
| **232-60** | Hús Ingimars Þorsteinssonar | Íbúðarhús | Heimild | 1954-1965 | 361420 | 404829 | 10 | 8 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á svæði sem nú er á vesturjaðri borgarhluta 7, Árbæjar, voru sjö íbúðarhús sem byggð voru á árunum 1954-1965 og tilheyrðu þá Blesugróf. Þau voru flest rifin þegar Reykjanesbraut var tvöfölduð. Húsin stóðu þar sem Reykjanesbraut er í dag, en tvö voru fyrir austan hana (232-55 og 59).
**Lýsing:** Ekki hefur verið leitað að því hvort einhver merki sé að finna um þessi hús á þeim stöðum þar sem þau stóðu.

---

288 Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*, bls. 21 – *Morgunblaðið*, 6. maí 1922, bls. 1; 20. maí 1923, bls. 3 – *Fákur*, 1. árg. 1927, 1. tbl., bls. 2-3 – Einar E. Sæmundsen: „Fákur tvítugur“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 3. maí 1942, bls. 137 – *Tíminn*, 11. desember 1960, bls. 2 og 16; 1. janúar 1962, bls. 1, 6 og 11.
289 Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: 1947.




**Mynd 126** Húsin eru merkt inn á loftmynd frá árinu 1965.[290]



**Mynd 127** Eitt af þessu húsum var Garðstunga (232-58), sem einnig var nefnt Kastallinn. Það byggðu Blómey Stefánsdóttir og Óskar B. Magnússon.

---

290 Loftmynd 1965 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 7. maí 2017. Kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

## Bústaðir 181167-232-80

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-80** | | Varnagarður | Garður | 1920 | 361619 | 405429 | 150 | 1 | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Varnargarður var á vestari bakka Elliðaánna og náði frá veiðihúsinu og niður fyrir Sjávarfoss. Varnagarðurinn hefur líklega verið hlaðinn eftir að Elliðaárvirkjun var reist 1921, en við það var farið að beina stórum hluta af rennsli ánna um eystri kvíslina og líklega hafa hleðslunnar verið gerðar til að varna því að vatnið flæddi upp og færi frekar áætlaða leið undir brúna.
**Lýsing:** Norður frá Sjávarfossi og að gömlu brúnni er þessi hleðsla orðin hluti af hleðslu sem er göngustígur undir nýjustu brúnni yfir Elliðaár.



**Mynd 128** Hleðslugarðar ofan við gömlu Elliðaárbrýrnar. Greina má garða beggja vegna árinnar ofan við eystri brúna. Sjávarfoss er á miðri mynd. Mynd tekin 1930. [291]



**Mynd 129** Varnargarður 232-80. Staurinn á miðri mynd stendur í garðinum. Horft í suður að veiðihúsi.

[291] Ljósmyndari Loftur Guðmundsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-03.

### 2.3.2.2 Yngri minjar í landi Ártúns

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **263-12** | | Matjurta-garður | holur | 1930-1970 | 361922 | 405146 | 20 | 10 | Gott | Nei |
| **263-23** | Eldishúsið | Eldishús | Heimild | 1965-2003 | 361796 | 405185 | 23 | 11,5 | Ómetið | Já |
| **263-24** | Kartöflu-geymslur | Geymslur | Braggar | 1946 | 361977 | 405364 | 54 | 30 | Ómetið | Nei |
| **263-25** | Ártúnsblettir | Íbúðarhús | Hús | 1920-60 | | | | | Ómetið | Nei |
| **263-26** | Toppstöðin | Rafstöð | Hús | | 361701 | 405072 | 67 | 45 | Gott | Nei |
| **263-27** | Lokahús | Olíutankur | Heimild | 1954-1984 | 361678 | 405240 | 15 | 15 | Ómetið | Já |
| **263-28** | | Náma | Heimild | 1930-1980 | 362134 | 405119 | | | Ómetið | Já |
| **263-29** | Rafstöðvarvegur | Vegur | Vegur | 1920 | 361858 | 404891 | 1000 | 5 | Gott | Nei |
| **263-31** | Elliðaárvirkjun | Þrýstivatns-pípa | Vatnleiðsla | 1920(1978) | 361962 | 404839 | 1000 | 2 | Gott | Nei |
| **236-32** | | Varnagarður | Garður | 1920 | 361651 | 405443 | 100 | 1,5 | Gott | Nei |

Yngri minjar í landi Ártúns tengjast flesta raforkuframleiðslu.

### 2.3.2.3 Yngri minjar í landi Árbæjar

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **262-16** | | Rúst | Tóft | 1920 | 363777 | 403953 | 5 | 3 | Sæmilegt | Nei |
| **262-17** | | Rúst | Tóft | 1930 | 363769 | 403953 | 6 | 4 | Sæmilegt | Nei |
| **262-18** | | Garður | Gerði | 1920 | 363773 | 403947 | 34 | | Sæmilegt | Nei |
| **262-19** | | Garður | Gerði | 1920 | 363764 | 403962 | 54 | 1 | Sæmilegt | Nei |
| **262-20** | | Vegur | Heimild | 1950 | 363734 | 403956 | 123 | 4 | Ómetið | Nei |
| **262-21** | | Kofi | Heimild | 1950 | 363783 | 403931 | | | Ómetið | Já |
| **262-22** | | Kofi | Heimild | 1950 | 363788 | 403924 | | | Ómetið | Já |
| **262-23** | | Kofi | Heimild | 1950 | 363794 | 403918 | | | Ómetið | Já |
| **262-24** | | Kofi | Heimild | 1950 | 363803 | 403909 | | | Ómetið | Já |
| **262-25** | | Kofi | Heimild | 1950 | 363794 | 403900 | | | Ómetið | Já |
| **262-33** | Árbæjarstífla eldri | Stífla | Stífla | 1920-1929 | 362799 | 404461 | 185 | 6,7 | Gott | Nei |
| **262-36** | Árbæjarblettir | Hús | Heimild | 1940 | | | | | Ómetið | Já |
| **262-129** | | Torfkofi | Hús | 1940 | 363878 | 403083 | 5 | 5 | Gott | Nei |
| **262-130** | | Torfkofi | Hús | 1940 | 363878 | 403083 | 5 | 5 | Sæmilegt | Nei |
| **262-131** | | Trönur | Heimild | 1950 | 362901 | 405005 | 166 | 100 | Ómetið | Já |
| **262-132** | | Kartöflugarðar | Heimild | 1950 | | | | | Ómetið | Já |

Yngri minjar sem tilheyra Árbæ eru rústir (262-16-19) sem tilheyra byggð sem var þar í holtinu, líklega áður en Selásblettum var úthlutað 1930. Torfkofar við Fák eru leifar af grænmetisgeymslum sem hafa sennilega tilheyrt byggð sem var á því svæði áður en Fákur

fékk sitt svæði til úthlutunar árið 1965. Rannsókn þarf að fara fram á þessum svæðum til að skera úr um aldur.

### 2.3.2.4 Yngri minjar í landi Grafar

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-15** | Smálanda-byggð/ Smálönd | Bústaður | Hús | 1940 | 364324 | 405230 | x | x | Ómetið | Nei |
| **260-100** | | Rúst | Heimild | 1920-50 | 364374 | 402339 | 23 | 12 | Ómetið | Já |
| **260-101** | | Rúst | Heimild | 1920-50 | 364378 | 402318 | 4 | 4 | Ómetið | Já |
| **260-102** | | Rúst | Tóft | 1920-50 | 364380 | 402300 | 5 | 4 | Gott | Nei |
| **260-103** | | Garður | Garður | 1920-50 | 364411 | 402312 | 14 | 1 | Gott | Nei |
| **260-108** | Gamla Norðlinga-braut | Hleðsla | Kantur | 1930 | 364763 | 403079 | 27 | 2 | Gott | Nei |
| **260-171** | Elliðavatns-stífla eldri | Stífla | Stífla | 1924-1978 | 364318 | 401994 | 620 | 10 | Ómetið | Nei |
| **260-172** | Selás | Bústaður | Heimild | 1925-1990 | 364069 | 403382 | x | x | Ómetið | Já |
| **260-173** | Baldurshaga-blettir | Bústaður | Heimild | 1940 | 365239 | 402725 | x | x | Ómetið | Já |
| **260-174** | Selásblettir | Bústaður | Heimild | 1930 | 363775 | 404598 | x | x | Ómetið | Já |

Þeim hluta af landi Grafar sem er innan þessa borgarhluta var að stórum hluta úthlutað undir byggð á árunum 1930-1940, svo sem í Smálöndum og á Baldurshaga- og Selásblettum.

## 2.3.3 Herminjar í borgarhluta 7

Skráðar herminjar í landi Ártúns, Árbæjar og Grafar:

| Númer | Heiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X | Hnit Y | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-105-107** | Camp Buller | Herminjar | Grunnur | 1940 | 364476 | 403839 | Ómetið | Já |
| **260-117** | Camp Buller | Herminjar Braggabotn | Heimild, Braggabotn | 1940 | 364450 | 403997 | Ómetið | Já |
| **260-163** | Camp Columbus Dump | Herminjar | Heimild | 1940 | 365535 | 402714 | Ómetið | Já |
| **262-32** | Camp Baldurshagi | Herminjar | Braggabotnar | 1940 | 363677 | 403586 | Ómetið | Nei |
| **263-13** | Camp Battle | Herminjar | Skotgröf | 1940 | 361839 | 405185 | Ómetið | já |
| **263-16** | Camp Alabaster / Camp Pershing /Artun Camp | Herminjar Braggi | Heimild | 1940 | 361782 | 404947 | Ómetið | Já |
| **263-17** | Camp Hickam | Herminjar Braggi | Heimild | 1940 | 361827 | 405408 | Ómetið | Já |
| **262-32** | Camp Baldurshagi | Herminjar | Braggabotnar | 1940 | 363677 | 403586 | Ómetið | Nei |

## 2.3.4 Varðveislumat fornleifa og yngri minja

Minjar í borgarhluta 7 - Árbæ tilheyra jörðunum Bústöðum (181167-232), Ártúni (181182 - 263), Árbæ (181181-262) og Gröf (181190 - 260). Á rannsóknarsvæðinu eru um 112 minjastaðir skráðir og eru þeir flokkaðir í þrjá hópa eftir aldri auk þess sem herminjar eru í sérstökum flokki, sjá töflu 3.

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| 1 | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | Rauður | 61 |
| 2 | Minjar frá 1918-1930 | Gulur | 11 |
| 3 | Minjar frá 1930 og yngri | Grænn | 30 |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | Blár | 10 |
| | | **Samtals** | **112** |

**Tafla 3** Skráðar minjar í borgarhluta 7 - Árbæ.

Á rannsóknarsvæðinu innan borgarhluta 7 eru skráðar fornleifar 61 talsins, merktar með rauðum punktum á kortum. Helstu minjasvæðin í þessum borgarhluta eru fjögur:

- Fyrst ber að nefna rústasvæði í Árhólmanum vestur af Toppstöðinni. Þar er að finna Innréttingaminjarnar frá um 1750 og er hluti þeirra sýnilegur á yfirborði. Minjarnar eru í frekar slæmu ástandi, orðnar mjög sokknar og skógi vaxnar. Gera þyrfti ráðstafanir til að fjarlægja tré af rústunum. Í næsta nágrenni við Innréttingaminjarnar eru Drekkjarhylur (232-75) og gamla þjóðleiðin (232-77). Mikilvægt er að merkja þetta svæði og gera það aðgengilegra.




**Mynd 130** Afmörkun verndarsvæðis við Innréttingaminjar í Árhólmanum við Elliðaár.[292]

[292] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

- Annað minjasvæði er bæjarhóll Ártúns (263-1) og nágrenni. Fyrir utan bæjarhólinn sjálfan er tröðin (263-1) mjög heilleg auk túnsins. Þrengt hefur verið að hólnum síðustu ár með byggingum sem skyggja á bæjarstæðið og umhverfi þess úr suðri. Gæta þarf að öllu jarðraski innan verndarsvæðisins, vegna fornleifa í jörðu. Engar fornleifarannsóknir hafa farið fram á bæjarstæði Ártúns eða í nágrenni við það, en búast má við svipuðum minjum og verið er að rannsaka við Árbæ. Við Ártún þarf að setja upp skilti sem segir frá sögu bæjarins og minjum. Afmarkað hefur verið verndarsvæði Ártúns, sjá mynd 131.




**Mynd 131** Afmörkun verndarsvæðis við bæjarstæði Ártúns.[293]

- Þriðja minjasvæðið er bæjastæði og tún Árbæjar auk aðfluttra minja á lóð safnsins. Fornleifarannsókn hefur farið fram á hluta af bæjarstæði Árbæjar. Í ljós hefur komið að þar leynast minjar frá 10.-11. öld. Umhverfi Árbæjar er í þokkalegu ástandi, hreinsa þarf þó trjágróður af fornleifum sem eru nyrst á safnsvæðinu (262-127). Verndarsvæði Árbæjar hefur verð sett út og afmarkast það við lóð Árbæjarsafns auk lóðar Rafstöðvarvegar 41. Sjá afmörkun verndarsvæðis á mynd 132.

[293] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.




**Mynd 132** Afmörkun verndarsvæðis Árbæjar.[294]

- Fjórða minjasvæðið er í Norðlingaholti, það er að segja Klapparholt (260-152). Það liggur undir skemmdum vegna ágangs, en rústin er orðin að leiksvæði, auk þess sem mikill trjágróður er að fara illa með rústina. Upplýsingaskilti vantar á svæðið.




**Mynd 133** Afmörkun verndarsvæðis við Klapparholt.[295]

[294] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.
[295] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

Yngri minjar þ.e.a.s minjar frá 1918-1930, eru merktar með gulum punktum á kortum. Einungis vantar nokkur ár til þess að þessir minjastaðir verði aldursfriðaðar fornleifar. Undir þennan flokk fellur minjasvæði suður af sundlaug Árbæjar. Þar er að finna tvær rústir (262-16 og 17) og tvo garða ( 262-18 og 19). Sennilega er þessi byggð frá um 1920, en rannsaka þarf þetta svæði betur.




**Mynd 134** Verndarsvæði rústa sunnan við sundlaug Árbæjar.[296]

Ekki var óalgengt að fólk reisti sér torfhús sem geymslur fyrir kartöflur og annað grænmeti sem ræktað var á staðnum t.d. á erfðafestublettum. Tvær slíkar geymslur (262-129 og 130) standa enn uppi við hesthús Fáks. Þessar minjar ber að varðveita sem fulltrúa þessa tímabils.

Herminjar í borgarhlutanum er helst að finna suður af Vatnsveitubrú og norður af skeiðvelli Fáks en þar var Camp Baldurshagi. Nauðsynlegt er að skrá þessar minjar betur og merkja.

[296] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

## 2.4 Borgarhluti 7 - Árbær – Hverfisskráning og varðveislumat hverfishluta

Við mat á varðveislugildi byggðar eru metnir fjórir þættir: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunaleg gerð.* Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*, *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Einnig er stuðst við endurskoðun á varðveisluflokkum Húsverndarskrár Reykjavíkur sem er hluti af borgarverndarstefnu sem lögð hefur verið fram sem hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.[297]

Varðveisluflokkarnir eru:

**BLÁR FLOKKUR**: *Friðlýst hús og mannvirki.*
Hús friðlýst samkvæmt 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“[298]
Á skrá er getið hvaða hluti byggingar er friðaður og friðunarár. Hús sem friðuð voru samkvæmt eldri lögum teljast nú friðlýst.

**FJÓLUBLÁR FLOKKUR**: *Friðuð hús.*
Hús friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir: „Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.“

Gildir nú um hús byggð 1917 eða fyrr samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Fyrirvari er gerður um að þar sem ekki hafa verið gerðar húsakannanir á öllu svæðinu getur verið ósamræmi milli fasteignaskrár og húsaskrár Reykjavíkur. Komi upp vafamál ber að hafa samband við Borgarsögusafn Reykjavíkur í gegnum netfangið minjavarsla@reykjavik.is.

**RAUÐUR FLOKKUR**: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[299]

**GULUR FLOKKUR**: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[300]

---

[297] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. C-hluti - Fylgiskjöl. Borgarverndarstefna. Vefslóð: http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.
[298] Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[299] Áður: **grænn** flokkur - verndun 20. aldar bygginga, **rauður** flokkur - tillaga að friðun og **dökkgulur** flokkur - verndun götumynda, sjá *Húsvernd í Reykjavík,* þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.
[300] Áður: **ljósgulur** flokkur - byggðamynstur og **milligulur** flokkur **-** verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík,* þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

**Hverfisvernd** byggir á 2. gr. skipulagslaga 2010 nr.123/22. september. Þar segir: *„Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja“.[301]

Til umfjöllunar er **borgarhluti 7, Árbær**, sem afmarkast af Vesturlandsvegi í norðri og Suðulandsvegi í austri, en Elliðaánum og ánni Bugðu til vesturs, suðurs og suðausturs.

Hverfisskipulag er sérstök útfærsla á deiliskipulagi og eins og kemur fram í skipulagslögum skal í því leggja áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar. Hverfisskipulag tekur til mun stærra svæðis en hefðbundið deiliskipulag og áhersla er á setningu rammaskilmála en ekki skilmála fyrir einstakar lóðir. Framsetning og vinna við gerð byggða- og húsakannana sem gerðar eru vegna hverfisskipulags þarf að taka mið af því og er því skipt í tvo hluta eða áfanga. Í fyrsta áfanga er unnin byggðakönnun fyrir hvern borgarhluta og í öðrum áfanga er gert ráð fyrir að unnar verði húsakannanir.

Í þessum *fyrsta áfanga*, *byggðakönnun*, er leitast við að gefa yfirlit yfir sögu hverfisins, lýsa staðháttum og greina frá upphafi og þróun byggðar. Gerð er grein fyrir byggðamynstri og menningarminjum; fornleifum og friðuðum og friðlýstum húsum og mannvirkjum. Þá er og gerð grein fyrir fornleifum í hverfinu og lögð fram fornleifaskrá. Lagt er fram varðveislumat fyrir hverfishluta sem er grunnur að tillögum að hverfisvernd í hverfisskipulagi. Varðveislumat byggðakönnunar fyrir hverfisskipulag tekur til mats á yfirbragði byggðar. Þar eru greind helstu einkenni byggðarinnar og lagt mat á varðveislugildi heilda, svo sem götumynda og byggðamynsturs en ekki einstakra húsa. Þó er leitast við að benda á byggingar sem eru kennileiti í byggðinni, teljast góðir fulltrúar byggingarlistar ákveðins tímabils, sem hafa haldið upprunaleika sínum eða eru gott höfundarverk. Ennfremur er bent á byggingar sem hafa táknrænt gildi fyrir samfélagið vegna hlutverks eða sögu.

Í *öðrum áfanga* er síðan gert ráð fyrir að hefðbundnar *húsakannanir* með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa, götumynda og svæða verði unnar í áföngum jafnframt því sem eldri húsakannanir verði endurskoðaðar í samræmi við 37. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

## HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR
## Varðveislumat húsa og mannvirkja í borgarhluta 7: [302]

**BLÁR FLOKKUR**: *Friðlýst hús og mannvirki.*

**Safnhús á Árbæjarsafni:**

**Kistuhylur 4**, *Árbæjarsafnskirkja* - Reist 1842. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Dillonshús* - Reist 1834. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Kirkjustræti 12/Líkn* - Reist 1848. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Smiðshús/Hansenshús* - Reist 1823. Hönnuður ókunnur.

---

[301] Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22. september. Tóku gildi 1. janúar 2011.
[302] Byggingarár eru samkvæmt skráningu Borgarsögusafns í húsaskrá en þar er stuðst við brunavirðingar. Hafi húsin ekki verið skráð er hér notast við byggingarár samkvæmt fasteignaskrá.

**Kistuhylur 4**, *Suðurgata 7* - Reist 1833. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Þingholtsstræti 9* - Reist 1846. Hönnuður ókunnur.

**Mannvirki sem tilheyra Elliðaárvirkjun:**

**Rafstöðvarvegur 6**, *rafstöðvarhúsið í Elliðaárdal* - Reist 1920-1921. Hönnuður óþekktur, hugsanlega verkfræðingarnir Jón Þorláksson, Guðmundur Hlíðdal og Aage Broager Christensen.[303]
**Rafstöðvarvegur 8**, *stöðvarstjórahús Elliðaárvirkjunar* í Elliðaárdal - Reist 1921. Hönnuður Aage Broager Christensen.
**Rafstöðvarvegur 10**, *hlaða í Elliðaárdal* - Reist 1932-1933. Hönnuður ókunnur.
**Rafstöðvarvegur 12**, *smiðja/fjós í Elliðaárdal* - Reist 1921. Hönnuður ókunnur.
**Rafstöðvarvegur 14**, *straumskiptistöð/aðveitustöð* - Reist 1937. Hönnuður Sigurður Guðmundsson arkitekt. Friðlýsingin nær ekki til síðari tíma viðbygginga.
**Elliðavatnsstífla** - Reist 1924-1928. Hönnuður ókunnur.
**Árbæjarstífla** - Reist 1920-1929. Hönnuður ókunnur.
**Þrýstivatnspípa** - Lögð 1978 í stað pípu sem lögð var árið 1920.

**FJÓLUBLÁR FLOKKUR**: *Friðuð hús.*

**Rafstöðvarvegur 11**, *Ártún* - Reist 1910. Hönnuður ókunnur.

**Safnhús á Árbæjarsafni:**

**Kistuhylur 4**, *Árbær* - Reist 1891. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Kornhús* - Reist 1820. Hönnuður ókunnur
**Kistuhylur 4**, *Kjöthús/Ullarhús* - Reist 1821. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Efstibær* - Reist 1883. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *hjallur* - Reist 1910. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Landakot/ÍR-hús* - Reist 1897. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Nýlenda* - Reist 1883. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4,** *Hábær* - Reist 1887. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Miðhús* - Reist 1897. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Lækjargata 4* - Reist 1852. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *skemmtihús* - Reist 1910. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Laufásvegur 31* - Reist 1902. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Garðastræti 9* - Reist 1906. Hönnuður ókunnur.
**Kistuhylur 4**, *Prófessorshúsið* - Reist 1907. Hönnuður Rögnvaldur Ólafsson arkitekt.
**Kistuhylur 4**, *Ívarssel* - Reist 1869. Hönnuður ókunnur.

---

[303] Stefán Pálsson: „Hver var arkitekt Elliðaárstöðvar?“ *Morgunblaðið*, 19. júlí 2004, bls. 18.

**RAUÐUR FLOKKUR**: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

**Rofabær 32**, *Árbæjarkirkja* - Reist 1972-1984. Hönnuðir Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitektar.

**Fagribær 19** - Reist 1967. Hönnuður Stefán Jónsson arkitekt. Húsið teiknaði Stefán fyrir Reyni Vilhjálmsson landslagsarkitekt en saman stóðu þeir tveir að skipulagi hverfisins.

**Hábær 39** - Reist 1970. Hönnuður Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt. Eigið hús höfundar.

**GULUR FLOKKUR**: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

**Bújörð Ártúns, rafstöðvarsvæðið í Elliðaárdal ásamt starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum á Ártúnsblettum við Rafstöðvarveg**

*Lagt er til að skilgreint verði sem eitt hverfisverndarsvæði það svæði sem nær yfir bæjarstæði býlisins Ártúns, rafstöðvarsvæðið með eldri og yngri húsum tilheyrandi Elliðaárvirkjun og húsaþyrpingu við Rafstöðvarveg sem samanstendur af starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum sem byggð voru á Ártúnsblettum.*

Ártún er ein af fáum gömlum bújörðum í Reykjavík þar sem enn stendur hús (b. 1909) á bæjarhólnum. Elsta heimild um byggð á jörðinni er frá 1379. Íbúðarhús jarðarinnar Ártúns er friðað, ásamt fornleifum gamla bæjarstæðisins, þ.e. bæjarhól, heimtröð, túngörðum og túnum. Æskilegt er að varðveita húsið og umhverfi þess sem menningar- og búsetulandslag sem ber vitni um langa sögu jarðarinnar.

Elliðaárvirkjun og eldri mannvirki sem henni tilheyra eru friðlýstar menningaminjar. Virkjunin hafði og hefur enn mikil áhrif á umhverfi Elliðaársdals og segir sögu tæknibreytinga sem urðu á fyrri hluta 20. aldar. Hin friðlýsta húsaþyrping sunnan Rafstöðvarvegar er ótvírætt ein hin mikilvægasta í menningar- og byggingarsögu Reykjavíkur. Yngri mannvirki tilheyrandi virkjuninni, svo sem toppstöðin (Rafstöðvarvegur 4), eru einnig hluti af þessari sögu og æskilegt væri að vernda allt svæði rafstöðvarinnar sem heild. Hús starfsmanna Rafmagnsveitunnar sem byggð voru við Rafstöðvarveg á fjórða og fimmta áratugnum eru einnig hluti af þessari heild.

Innan þeirrar húsaþyrpingar sem stendur við Rafstöðvarveg eru einnig hús sem byggð voru á erfðafestublettum (Ártúnsblettum 1-3) á svipuðum tíma. Þau hús sem eftir standa í Reykjavík af þeim sem byggð voru á erfðafestulöndum, eru til vitnis um búsetulandslag sem áður einkenndi bæjarlandið utan meginbyggðarinnar og hvarf að mestu með tilkomu skipulagðra hverfa. Mikilvægt er að huga að verndun þessara húsa og nánasta umhverfis þeirra, en það er einna helst á svæðum sem standa á jöðrum skipulagðra hverfa eða innan útivistarsvæða, eins og í Laugardal og Elliðaárdal, sem enn má finna heildir eða þyrpingar slíkra húsa með sínu upprunalega gróna umhverfi.

Að mati Borgarsögusafns getur verndun ofantalinna svæða eða minjaheilda sem hverfisverndarsvæðis átt samleið með verndun og uppbyggingu Elliðaárdals sem útivistarsvæðis og borgargarðs.

**Safnsvæði Árbæjarsafns auk lóðarinnar við Rafstöðvarveg 41 (Árbæjarbletts 13)**

*Lagt er til að skilgreint verði sem eitt hverfisverndarsvæði það svæði sem nær yfir safnsvæði Árbæjarsafns og lóðina Rafstöðvarveg 41.*

Árbæjarsafn er eitt af elstu og rótgrónustu söfnum landsins. Hjarta safnsins er Árbærinn sjálfur, en safnið var stofnað árið 1957 í þeim tilgangi að endurgera og viðhalda gamla bænum. Elstu ritaðar heimildir um byggð þar eru frá 1464 en Árbær var rótgróin bújörð allt fram á 20. öld og lengi áningarstaður fólks á leið til og frá Reykjavík.

Ákveðið var að í Árbæjarsafni skyldi komið upp safni gamalla húsa sem hefðu menningarsögulegt gildi og hafa í gegnum tíðina verið flutt þangað um 25 hús úr miðbæ Reykjavíkur. Þar er leitast við að gefa hugmynd um húsagerð og lifnaðarhætti í Reykjavík fyrri tíma, að fyrirmynd erlendra útisafna. Safnhús Árbæjarsafns eru nú friðuð eða friðlýst. Auk gamla bæjarins eru friðaðar fornleifar og menningarlandslag á stórum hluta af safnsvæðinu.

Auk þess er í túnjaðri Árbæjar eitt af þeim húsum sem byggð voru í tíð erfðafestu á svokölluðum Árbæjarblettum, húsið við Rafstöðvarveg 41 (Árbæjarblettur 13) . Eigendur þess eru afkomendur ábúenda í Árbænum og þannig tengist það safninu á beinan hátt. Einn styrkleiki safnsvæðisins er nálægðin við Elliðaárdal, eitt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarinnar.

Að mati Borgarsögusafns getur verndun svæðisins sem hverfisverndarsvæðis átt samleið með verndun og uppbyggingu Elliðaárdals sem útivistarsvæðis og borgargarðs.

**Gatnaskipulag sunnan við Rofabæ,** frá Ystabæ í vestri að Hábæ í austri

Höfundar deiliskipulags: Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt og Stefán Jónsson arkitekt. Samþykkt 1965.

*Skipulagið byggist á reitaskiptingu Árbæjarbletta og felur þannig í sér sögu eldra skipulags erfðafestubletta á greiningarsvæðinu.*

**ATHYGLISVERÐ HÚS í hverfinu eða einkennandi fyrir tíðaranda síns tíma:**

**Hús byggð á erfðafestublettum og sumarbústaðalóðum:**

Áður en skipulögð var íbúðabyggð á þessu svæði var landinu skipt í erfðafestubletti þar sem risu smábýli, sumarhús og ýmis önnur mannvirki. Á greiningarsvæðinu er að finna allmörg hús frá þessum tíma. Þau bera vitni um horfið eða hverfandi búsetulandslag á þessum slóðum en byggingarár og varðveislugildi þeirra þarf að kanna betur með húsakönnun.[304]

**Deildarás 2**, *Selásblettur 9* - Reist 1944. Hönnuður ókunnur.

[304] Byggingarár þessara húsa eru hér tekin úr fasteignaskrá, nema annað sé tekið fram. Í sumum tilvikum sýna loftmyndir, teikningar eða aðrar heimildir að húsin eru eldri en fasteignaskrá gefur til kynna.

**Fagribær 1**, *Árbæjarblettur 46* - Reist 1965.[305] Hönnuður ókunnur.
**Hábær 35**, *Árbæjarblettur 74* - Reist 1940. Hönnuður ókunnur.
**Ystibær 1** - Reist 1963. Hönnuður ókunnur.
**Þykkvibær 13**, *Árbæjarblettur 60* - Reist 1996.[306] Hönnuður ókunnur.
**Þykkvibær 21**, *Árbæjarblettur 62* - Reist 1958. Hönnuður ókunnur.
**Rafstöðvarvegur 17**, *Ártúnsbrekka, Ártúnsblettur 1* - Reist 1934.[307] Hönnuður ókunnur.
**Rafstöðvarvegur 21**, *Segulhæðir, Ártúnsblettur 2* - Reist 1932.[308] Hönnuður ókunnur.
**Rafstöðvarvegur 23**, *Árhvammur, Ártúnsblettur 3* - Reist 1929.[309] Hönnuður ókunnur.
**Rafstöðvarvegur 35**, *Árbæjarblettur 4* - Reist 1941.[310] Hönnuður ókunnur.
**Rafstöðvarvegur 41**, *Árbæjarblettur 13* - Reist um 1945.[311] Hönnuður ókunnur.

**Starfsmannahús Rafmagnsveitu Reykjavíkur:**

**Rafstöðvarvegur 25** - Reist 1966.[312] Hönnuður Steinar Guðmundsson.
**Rafstöðvarvegur 27** - Reist 1955. Hönnuður Halldór Halldórsson.
**Rafstöðvarvegur 29** - Reist 1946. Hönnuður ókunnur.
**Rafstöðvarvegur 31** - Reist 1930. Hönnuður Sigurður Guðmundsson arkitekt.
**Rafstöðvarvegur 33-33a** - Reist 1947. Hönnuðir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson, arkitektar.

**Önnur hús:**

**Rafstöðvarvegur 1A**, *jarðhús, kartöflugeymslur* - Teknar í notkun 1946. Hönnuður ókunnur.
**Rafstöðvarvegur 4**, *varastöð/toppstöð við Elliðaár* - Reist 1946-1948. Hönnuður B.S.

Húsin við Elliðavatn og ána Bugðu í Norðlingaholti (sunnan núverandi götu sem nefnist Bugða) hafa sum tilheyrt gamla Norðlingaholti, Selásblettum og Baldurshagablettum. Á loftmynd í Borgarvefsjá frá árinu 1954 sjást hús á sama stað og núverandi hús á eftirtöldum stöðum:

**Litli-Skyggnir við Elliðavatn**, sumarbústaður skráður við Suðurlandsveg (landnr. 112531, matshl. 01) - Reistur 1941. Hönnuður ókunnur.
**Hús á Selásbletti við Suðurlandsveg**, á ónúmeruðum bletti næst sunnan við Selásblett nr. 15 (landnr. 112533) - Reist 1948. Hönnuður ókunnur.
**Sólnes**, *Baldurshagaland 52* (landnr. 112459) - Reist 1943/1991.[313] Hönnuður ókunnur.

---

[305] Heimildir benda til þess að húsið sé byggt mun fyrr.
[306] Heimildir benda til þess að elsti hluti hússins sé byggður í tíð erfðafestu.
[307] Byggingarár skv. Húsaskrá Reykjavíkur, Borgarsögusafni (fyrstu brunavirðingu).
[308] Byggingarár skv. Húsaskrá Reykjavíkur, Borgarsögusafni (fyrstu brunavirðingu).
[309] Byggingarár skv. Húsaskrá Reykjavíkur, Borgarsögusafni (fyrstu brunavirðingu).
[310] Byggingarár skv. Húsaskrá Reykjavíkur, Borgarsögusafni (fyrstu brunavirðingu).
[311] Heimild um byggingarár: Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 68.
[312] Teikningar virðast vera til af húsinu frá 1958.
[313] Húsið var endurbyggt 1991, skv.: „Nefnd um bætta umgengni meðfram Suðurlandsvegi frá Lækjarbotnum að Breiðholtsbraut við Rauðavatn". Skýrsla ásamt skrá Ágústs Jónssonar skrifst.stj. borgarverkfr. yfir hús á svæðinu, dags. í desember 1992. Óútg. gögn. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um hús í Reykjavík, Suðurlandsvegur.

Á loftmynd í Borgarvefsjá frá 1954 sjást einng hús sem standa við götuna Laxalón sunnan Vesturlandsvegar en byggingarár og varðveislugildi þeirra þarf að athuga betur með húsakönnun:

**Laxalón 2**, íbúðarhús - Reist 1952. Hönnuður ókunnur.
**Laxalón 4** við Krókháls, fiskeldishús og -ker - Reist 1956-1987. Hönnuður ókunnur.

**Gera þarf húsakannanir í borgarhlutanum til þess að greina betur varðveislugildi hvers húss fyrir sig.**

## OPINBERAR BYGGINGAR

### Kirkjur
**Árbæjarkirkja** - Reist 1972-1984. Hönnuðir: Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitektar.

### Skólar
**Árbæjarskóli** - Reistur 1968. Hönnuðir: Sigurjón Sveinsson og Þorvaldur Kristmundsson, arkitektar
**Selásskóli** - Reistur 1986. Hönnuður: Guðmundur Þór Pálsson arkitekt
**Ártúnsskóli** - Reistur 1987. Hönnuðir: Ormar Þór Guðmundsson og Örnólfur Hall arkitektar
**Norðlingaskóli** - Reistur 2011. Hönnuðir: Hornsteinar arkitektar ehf.

### Leikskólar
**Árborg**, Hlaðbær 17 (Árbæjarblettir 72-73) - Reist 1962. Hönnuður: Þór Sandholt
**Rofaborg**, Skólabær 6 - Reist 1985. Hönnuðir: Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson arkitektar.
**Ártúnsskóli**, **Kvarnaborg**, Árkvörn 4 - Reist 1987. Hönnuðir: Dagný Helgadóttir og Guðni Pálsson arkitektar.
**Heiðarborg**, Selásbraut 56 - Reist 1990. Hönnuðir: Finnur Björgvinsson og Hilmar Þór Björnsson arkitektar.
**Rauðaborg**, Viðarás 9 - Reist 1993. Hönnuðir: Guðmundur Gunnarsson og Sveinn Ívarsson arkitektar.
**Blásalir**, Brekknaás 4 - Reist 2000. Hönnuðir: Manfreð Vilhjálmsson (MV Arkitektar).
**Rauðhóll**, Sandavað 7 - Reist 2006. Hönnuðir: Manfreð Vilhjálmsson (VA Arkitektar).
**Rauðhóll**, Skógarhús í Björnslundi, útideild, Elliðabraut 16 - Reist 2009.

## 2.4.1 Árbær. Hraunbær, Bæjarbraut, Rofabær, Hábær, Ystibær, Heiðarbær, Fagribær, Glæsibær, Þykkvibær, Vorsabær, Hlaðbær, Skólabær og Fylkisvegur



*Opið svæði og fjölbýlishús við Hraunbæ.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

**Saga og einkenni byggðar**

Árbæjar er fyrst getið í heimildum árið 1464. Bæjarstjórn Reykjavíkur keypti býlið Árbæ og jörðina Ártún árið 1906 vegna vatnsveituframkvæmda, sem þá voru fyrirhugaðar. Árbæjar- og Ártúnsblettir voru sumarbústaðalönd, sem borgaryfirvöld úthlutuðu á erfðafestuleigu upp úr 1930. Smám saman reis þar nokkuð af húsum, sem búið var í allt árið.

Vinna við Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983 hófst árið 1960 en þá hafði þegar nokkuð verið byggt af stökum sumarhúsum og heilsárshúsum á Árbæjarblettum sunnan Rofabæjar. Með aðalskipulaginu var tekin ákvörðun um skipulagningu Árbæjarhverfis. Hverfið var frá upphafi hugsað sem íbúðahverfi með verslunar- og þjónustukjarna í miðju.

Fjölbýlishúsa- og raðhúsasvæðin við Rofabæ byggðust að mestu upp fyrir 1970. Í lok sjöunda áratugarins náði byggðin alla leið inn að Elliðaám og var Árbærinn ásamt Breiðholtinu fyrsta eiginlega úthverfi Reykjavíkurborgar. Skipulag hverfisins er byggt á þeirri hugmynd að mynda skjólvegg með fjölbýlishúsum, þar sem land ber hæst í norðri, fyrir lægri byggð fyrir sunnan.

Hverfið skiptist í þrjár mismundandi gerðir íbúða. Talað er um garðhúsahverfið við Hraunbæ sem er minnsta einingin innan hverfisins. Byggist hún upp af raðhúsum þar sem lokaður garður fylgir hverju húsi. Fjölbýlishúsahverfinu er skipt í austur og vestur þar sem verslunarkjarni við Bæjarbraut skiptir hverfinu. Fjölbýlishúsin eru á þremur til fjórum hæðum og komið fyrir með þeim hætti að góðir garðar, opin svæði og leikvellir eru á milli þeirra að sunnanverðu, en bílastæði að norðanverðu.

Einbýlishúsahverfið fyrir sunnan Rofabæ er stærst og einkennist af einlyftum steinsteyptum íbúðarhúsum í móderniskum stíl með einhallandi þaki. Gatnaskipulag byggist á reitaskiptingu Árbæjarbletta sem voru sumarhúsalönd á svæðinu. Húsin eru dregin inn frá götu og mikill gróður setur svip sinn á götumyndina. Mörgum húsanna hefur verið breytt frá upphaflegri gerð. Sum hafa fengið nýjan þakkant eða viðbyggingu, en vegna áþekktrar stærðar húsanna og upprunalegrar gerðar, er enn töluverður heildarsvipur yfir götunum. Gert hefur verið ráð fyrir leiksvæði við aðra hverja götu og aðkoma að þeim liggur gegnum stígakerfi er tengir hverfið saman fyrir gangandi umferð.

Í hverfinu er Árbæjarskóli (b. 1968) og leikskóli. Árbæjarkirkja, b. 1972-1984, hönnuð af Manfreð Vilhjálmssyni arkitekt. Við Rofabæ og Bæjarbraut eru verslanir og þjónusta af ýmsum toga. Hin síðustu ár hafa fleiri bæst í hópinn við Hraunbæ þar sem nýjustu byggingarnar í hverfinu er að finna, byggðar á árunum 1996-2008.

## 2.4.1 Árbær. Hraunbær, Bæjarbraut, Rofabær, Hábær, Ystibær, Heiðarbær, Fagribær, Glæsibær, Þykkvibær, Vorsabær, Hlaðbær, Skólabær og Fylkisvegur



*Uppdráttur af Árbæjar– og Ártúnsblettum.*

**Varðveislumat 2017**

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir*** – Rauður litur á korti

**Rofabær 32,** *Árbæjarkirkja* - Reist 1972-1984. Hönnuðir Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitektar.
**Fagribær 19** – Reist 1967. Hönnuður Stefán Jónsson arkitekt. Höfundur hússins kom einnig að skipulagi hverfisins ásamt Reyni Vilhjálmssyni landslagsarkitekt.
**Hábær 39** – Reist 1970. Hönnuður Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt. Eigið hús höfundar.

***Samstæður húsa og heildir*** sem lagt er til að vernda með hverfisvernd - gulur flokkur.

